



# Mýrdalshreppur

## Endurskoðun aðalskipulags 2021-2033

TILLAGA  
Janúar 2023





Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033 sem hefur verið auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m. s. br.

og hlotið meðferð í samræmi við 32. gr. sömu laga var samþykkt af sveitarstjórn þann \_\_\_\_\_

---

F.h. Mýrdalshrepps

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033 var staðfest af Skipulagsstofnun

þann \_\_\_\_\_ í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m. s. br.

---

F.h. Skipulagsstofnunar



## MÝRDALSHREPPUR

Endurskoðun aðalskipulags 2021-2033

09.01.2023

Greinargerð þessari fylgir uppdráttur dagsettur 09.01.2023



LANDMÓTUN®

**Efnisyfirlit**

---

<b>1. INNGANGUR</b>	<b>2</b>
1.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ .....	2
1.2 VÍNNUFERLI OG SAMRÁÐ .....	2
1.3 GÖGN OG FRAMSETNING .....	4
1.4 ALMENN ÁKVÆÐI UM AFMÖRKUN REITA .....	5
1.5 VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR .....	5
1.6 MEGINMARKMIÐ OG LEIÐARLJÓS .....	6
<b>2 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR</b>	<b>9</b>
2.1 LANDSSKIPULAGSSTEFNA .....	9
2.2 RAMMAÁÆTLUN .....	10
2.3 NÁTTÚRUMINJASKRÁ .....	10
2.4 SAMGÖNGUÁÆTLUN .....	11
2.5 FJARSKIPTAÁÆTLUN .....	12
2.6 KERFISÁÆTLUN .....	12
2.7 HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU PJÓÐANNA .....	13
2.8 BYGGÐAÁÆTLUN FYRIR ÁRIN 2018-2024 .....	14
2.9 AÐALSKIPULAG SKAFTÁRHREPPS OG RANGÁRPINGS EYSTRÁ .....	14
2.10 ÖNNUR STEFNUMÖRKUN STJÓRNVALDA .....	14
2.11 AÐRAR STEFNUR OG SAMÞYKTIR Á SVEITARFÉLAGS- OG SVÆÐISVÍSU .....	15
2.11.1 Húsnaðisáætlun 2022 .....	15
2.11.2 Verndarsvæði í byggð .....	15
2.11.3 Heilsueflandi samfélag .....	16
2.11.4 Katla jarðvangur (Katla geopark) .....	16
2.11.5 Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024 .....	17
2.11.6 Aðrar áætlanir sveitarfélagsins .....	17
<b>3 FORSENDUR</b>	<b>19</b>
3.1 STAÐHÆTTIR .....	19
3.2 ÍBÚAFJÖLDI .....	20
3.3 ÍBÚASPÁ .....	23



3.4 HÚSNÆÐISÞÖRF .....	23
3.4.1 Atvinnulíf	24
3.4.2 Ferðaþjónusta	25
3.4.3 Landbúnaður	25
3.4.4 Opinber störf og störf án staðsetningar	26
3.5 SAMGÖNGUR OG AÐRIR INNVÍÐIR .....	26
3.5.1 Samgöngur	26
3.6 UMHVERFIS- OG NÁTTÚRUVERND .....	28
3.6.1 Landslagsflokkun	28
3.6.2 Jarðfræði	29
3.6.3 Veður	29
3.6.4 Náttúruminjaskrá	29
3.6.5 Menningarmínjar	31
3.6.6 Náttúrvá	31
<b>4 BYGGÐ, MENNING, SAMFÉLAG</b>	<b>33</b>
4.1 ÍBÚÐARBYGGÐ (ÍB) .....	33
4.1.1 20 mínuárs bærinn	34
4.1.2 Gististaðir í þéttbýli	36
4.1.3 Íbúðarbyggð í þéttbýli	36
4.2 FRÍSTUNDABYGGÐ (F) .....	37
4.3 OPIN SVÆÐI OG ÍPRÓTTIR .....	39
4.3.1 Opin svæði (OP)	40
4.3.2 Íþróttasvæði (Íþ)	40
4.4 SAMFÉLAGSPJÓNUSTA (S) .....	41
4.4.1 Skólar	42
4.4.2 Heilbrigðis- og félagsmál	43
4.4.3 Menningarmál	43
4.4.4 Kirkjur, kirkjugarðar og grafteitir (K)	44
4.4.5 Brunavarnir	45
4.5 VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ .....	45
<b>5 ATVINNULÍF</b>	<b>48</b>
5.1 MIÐSVÆÐI (M) .....	49
5.2 VERSLUN OG ÞJÓNUSTA (VP) .....	51
5.2.1 Ferðaþjónusta	54
5.3 AFPREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI (AF) .....	55



5.4	LANDBÚNAÐARSVÆÐI (L) .....	56
5.4.1	<i>Flokkun landbúnaðarlands</i>	57
5.4.2	<i>Byggingar og önnur starfsemi á landbúnaðarsvæðum</i>	60
5.4.3	<i>Stakar framkvæmdir á landbúnaðarsvæðum</i>	62
5.4.4	<i>Landaskipti</i>	64
5.4.5	<i>Kolefnisbinding</i>	64
5.4.6	<i>Um aðgengi almennings og för um landið</i>	65
5.5	SKÓGRÆKTAR- OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI (SL) .....	65
5.5.1	<i>Náttúrulegir Birkiskógar</i>	67
5.5.2	<i>Uppgræðsla</i>	68
5.6	ATHAFNA- OG IÐNAÐARSVÆÐI .....	68
5.6.1	<i>Athafnasvæði (AT)</i>	68
5.6.2	<i>Iðnaðarsvæði (I)</i>	69
5.7	EFNISTÖKU- OG EFNISLOSUNARSVÆÐI (E) .....	70
<b>6</b>	<b>SAMGÖNGUR OG AÐRIR INNVIÐIR</b>	<b>74</b>
6.1	SAMGÖNGUR .....	74
6.1.1	<i>Breytt lega hringvegar</i>	75
6.1.2	<i>Vegir, götur og stígar (VE)</i>	77
6.1.3	<i>Vegir í náttúru Íslands</i>	80
6.1.4	<i>Skilti</i>	80
6.1.5	<i>Flugvellir (FV)</i>	81
6.1.6	<i>Hafnir (H)</i>	81
6.1.7	<i>Veitur (VH)</i>	81
<b>7</b>	<b>UMHVERFISVERND OG NÁTTÚRVÁ</b>	<b>85</b>
7.1	VÖTN, ÁR OG SJÓR (V) .....	86
7.2	ÓBYGGÐ SVÆÐI (ÓB) .....	86
7.3	NÁTTÚRVÁ (NV) .....	87
7.3.1	<i>Viðbrögð vegna Kötluhlaupa</i>	89
7.3.2	<i>Ofanflóð</i>	90
7.3.3	<i>Flóð</i>	93
7.3.4	<i>Jarðskjálftar og eldvirkni</i>	93
7.3.5	<i>Sjávarrof/landbrot</i>	93
7.3.6	<i>Loftslagsvá</i>	94
7.4	NÁTTÚRUVERND .....	95
7.4.1	<i>Friðlýst svæði (FS)</i>	96



7.4.2	<i>Önnur náttúrvernd (ÖN)</i>	98
7.4.3	<i>Mikilvæg fuglasvæði og búsvæði sela</i>	99
7.4.4	<i>Vatnsból (VB) og vatnsvernd vatnsbóla (VG, VF).</i>	100
7.4.5	<i>Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó (VS)</i>	102
7.4.6	<i>Strandsvæði (ST)</i>	103
7.5	MINJAVERND (MV) .....	104
7.5.1	<i>Friðlýstar minjar</i>	106
7.5.2	<i>Friðlýst hús</i>	107
7.5.3	<i>Friðuð hús</i>	107
7.6	HVERFISVERND (HV) .....	109
7.6.1	<i>Hverfisvernd vegna náttúruminja</i>	109
7.6.2	<i>Hverfisvernd vegna menningarminja</i>	111
<b>8</b>	<b>UMHVERFISSKÝRSLA OG UMHVERFISMAT</b>	<b>114</b>
8.1	MATSFERLI .....	114
8.2	ÁHRIFAPÆTTIR.....	114
8.3	TENGSL UMHVERFISMATS OG SKIPULAGSVINNU.....	115
8.4	UMHVERFISPÆTTIR OG ÁHERSLUR .....	116
8.5	UMHVERFISVIÐMIÐ .....	117
8.6	VÆGI.....	120
8.7	ÖFLUN UPPLÝSINGA OG AÐFERÐARFRÆÐI	120
8.8	FÆRSLA HRINGVEGAR .....	122
8.8.1	<i>Valkostir</i>	125
8.8.2	<i>Samantekt niðurstöðu</i>	127
8.9	STÆRRI EFNISTÖKUSVÆÐI .....	128
8.9.1	<i>Valkostir</i>	131
8.9.2	<i>Samantekt niðurstöðu</i>	131
8.10	STÆKKUN Á SVÆÐI FYRIR ÍBÚÐARBYGGÐ ÍB8 .....	132
8.10.1	<i>Valkostir</i>	134
8.10.2	<i>Samantekt niðurstöðu</i>	134
8.11	STÆKKUN Á SVÆÐI FYRIR ÍBÚÐARBYGGÐ ÍB9 .....	134
8.11.1	<i>Valkostir</i>	136
8.11.2	<i>Samantekt niðurstöðu</i>	137
8.12	STÆKKUN Á SVÆÐI FYRIR VERSLUN OG ÞJÓNUSTU VIÐ NORÐUR-FOSS.....	137
8.12.1	<i>Valkostir</i>	140
8.12.2	<i>Samantekt niðurstöðu</i>	140



## 9 HEIMILDIR 141

## Myndaskrá

Mynd á forsíðu: Þórir Níels Kjartansson

MYND 1. KORT SEM SÝNIR STAÐSETNINGU OG AFMÖRKUN SVEITARFÉLAGSINS MÝRDALSHREPPS VIÐ SUÐURSTRÖND ÍSLANDS.	2
MYND 2. OFAN VÍKUR ÁRIÐ 2018. MYND: ÞÓRIR NÍELS KJARTANSSON.	7
MYND 3. RJÚPNAFELL OG HULDUFOSSEN. MYND: ÞÓRIR NÍELS KJARTANSSON.	9
MYND 4. SKIPURIT AÐALSKIPULAGS.	9
MYND 5. HORFT VESTUR YFIR VÍK. MYND: ÞÓRIR NÍELS KJARTANSSON.	11
MYND 6. HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM SJÁLFBÆRA ÞRÓUN.	13
MYND 7. FRAMTÍÐARSÝN Í ÍSLENSKRI FERÐAPJÓNUSTU TIL 2030. HEIMILD: STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS, ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ.	15
MYND 8. KORT SEM SÝNIR AFMÖRKUN KÖTLU JARDVANGS.	16
MYND 9. HORFT YFIR VÍK AÐ REYNISDRÖNGUM OG DYRHÓLAEY Í BAKSÝN. MYND: ÞÓRIR NÍELS KJARTANSSON.	23
MYND 10. LEIÐ NIÐUR Í VÍKURFJÖRU.	26
MYND 11. ÞJÓÐVEGUR 1, HORFT AÐ VÍKURKLETTI.	27
MYND 12. LANDSLAGSFLOKKUN Í MÝRDALSHREPPI.	28
MYND 13. VINDAFAR Í MÝRDALSHREPPI. VINDATLAS VEÐURSTOFU ÍSLANDS.	29
MYND 14. DYRHÓLAEY. MYND: ÞÓRIR NÍELS KJARTANSSON.	30
MYND 15. HORFT YFIR VÍK OG MÝRDALSIÖKUL. MYND: ÞÓRIR NÍELS KJARTANSSON.	31
MYND 16. 10 OG 20 MÍNÚTNA GÖNGURADÍUS ÚT FRÁ NÚVERANDI MIÐJU VÍKUR Í MÝRDAL.	35
MYND 17. 10 OG 20 MÍNÚTNA GÖNGURADÍUS ÚT FRÁ FRAMTÍÐAR MIÐJU VÍKUR Í MÝRDAL.	35
MYND 18. KORT SEM SÝNIR AFMÖRKUN VERNDARSVÆÐIS Í BYGGÐ OG NÆRSVÆÐIS.	45
MYND 19. FLOKKUN LANDBÚNAÐARLANDS.	60
MYND 20. DYRHÓLAEY, DYRHÓLAÓS OG DYRHÓLAHVERFI. MYND: ÞÓRIR NÍELS KJARTANSSON.	62



MYND 21. SKURÐIR Í MÝRDALSHREPPI.	64
MYND 22. YFIRLITSMYND AF FYRIRHUGAÐRI VEGLÍNU. MYND ÚR DRÖGUM AÐ MATSÁÆTLUN, VSÓ, 2020.	76
MYND 23. VÍKURBRAUT Á VOTUM DEGI.	82
MYND 24. KORT SEM SÝNIR MÖGULEG ÁHRIFASVÆÐI HLAUPS Í MÝRDALSJÖKLI. MYND: ALMANNAVARNIR.	89
MYND 25. JÖKULSÁRLÓN VIÐ SÓLHEIMAJÖKUL. MYND: ÞÓRIR NÍELS KJARTANSSON.	91
MYND 26. HÆTTUMATSKORT VEÐURSTOFU ÍSLANDS FYRIR VÍK Í MÝRDAL (2009).	92
MYND 27. STRANDLÍNUBREYTINGAR 1904-2011 FRÁ VÍK OG AUSTUR FYRIR HJÖRLEIFSHÖFÐA. HÖFUNDUR: HILDUR ÁGÚSTSDÓTTIR (LANDMÆLINGAR ÍSLANDS OG KÖBENHAVN: DET KONGELIGE SÆKORT-ARKIV.)	93
MYND 28. SELALÁTUR OG MIKILVÆG BÚSVÆÐI FUGLA.	99
MYND 29. GÆSAVATN. MYND: ÞÓRIR NÍELS KJARTANSSON.	103
MYND 30. BRIM Í VÍKURFJÖRU.	104
MYND 31. HAFURSEY. MYND: ÞÓRIR NÍELS KJARTANSSON.	110
MYND 32. LOFTMYND ÚR MINJAVEFSJÁ MINJASTOFNUNAR ÍSLANDS AF HLAÐINNI RÉTT Á HEIÐI.	112
MYND 33. MYND AF JA.IS SEM SÝNIR ÁSÝND VÍKURKIRKJU FRÁ ÞJÓÐVEGI 1.	112
MYND 34. ATHUGUNARSVÆÐI FYRIR STÆKKUN ÍB3.	137



# INNGANGUR



## 1. INNGANGUR

Aðalskipulag þetta er heildarendurskoðun á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028. Vinnan við endurskoðunina byggir á skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Umhverfismat áætlana var unnið samhliða endurskoðun aðalskipulagsins.

### 1.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Mýrdalshreppur liggar sunnan Mýrdalsjökuls á suðurströnd Íslands á milli Rangárþings eystra og Skaftárhrepps og tekur aðalskipulagið til alls lands sveitarfélagsins sem er um 755 km<sup>2</sup>. Sveitarfélagið varð til árið 1984 við sameiningu Dyrhólahrepps og Hvammshrepps en upphaf fjölbýlismyndunar í Vík í Mýrdal á rætur að rekja til upphafs útræðis og verslunar á staðnum undir lok 18. aldar, og er saga þéttbýlisins samtvinnuð þeiri sögu.

### 1.2 VINNUFERLI OG SAMRÁÐ

Í lok árs 2018 samþykkti sveitarstjórn Mýrdalshrepps að hefja vinnu við heildarendurskoðun aðalskipulags hreppsins. Gildandi aðalskipulag var samþykkt árið 2013 og hefur verið breytt fimmtán sinnum síðan.

Ein breyting er í auglýsingu: Sólheimajökulsmelar.

Við ákvörðun um endurskoðun aðalskipulags Mýrdalshrepps voru eftirfarandi atriði höfð að leiðarljósi:

- Skipulagstímabil gildandi aðalskipulags er frá árinu 2012 til 2028, en á skipulaginu hafa verið gerðar fimmtán breytingar og forsendur hafa breyst mikil. Því er þörf á endurskoðun.
  - Frá því að gildandi aðalskipulag var staðfest hafa tekið gildi ný skipulagslög og -reglugerð og kalla það á uppfærslu í framsetningu aðalskipulags.
  - Alþingi hefur staðfest landsskipulagsstefnu sem taka ber mið af við gerð skipulagsáætlana.
- 
- Á skipulagstímabilinu hafa orðið miklar breytingar í sveitarfélagini, svo sem í atvinnulífi og íbúasamsetningu. Breyttar aðstæður og nýjar áskoranir kalla á endurskoðun stefnumótunar.



Mynd 1. Kort sem sýnir staðsetningu og afmörkun sveitarfélagsins Mýrdalshrepps við suðurströnd Íslands.



Hildur Kolbeins, en auk þeirra komu að vinnunni George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps og Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri. Öll lögðu þau mikla vinnu í þessa endurskoðun og var fundað reglulega með skipulagsráðgjöfum.

Í samvinnu við skipulagsnefnd Mýrdalshrepps og skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins hélt Landmótun utan um vinnu við endurskoðunina en skipulagsráðgjafar frá Landmótun voru Margrét Ólafsdóttir, Kristín Una Sigurðardóttir, Helena Björk Valtýsdóttir og Óskar Örn Gunnarsson.

Sveitarstjórn og skipulagsnefnd fjölluðu um málefni aðalskipulagsins og aðrar nefndir sveitarfélagsins unnu að öflun gagna og mótu stefnu og voru þannig virkir þátttakendur í skipulagsgerðinni. Aðkoma íbúa og hagsmunaaðila að skipulagsvinnunni er mikilvæg og rík áhersla er lögð á samráð frá upphafi skipulagsvinnunnar, en íbúar og aðrir hagsmunaaðilar gátu borið upp málefni til umfjöllunar við skipulagsgerðina. Íbúafundur var haldinn í Vík þann 5. febrúar 2020 þar sem Skipulags- og matslysing var kynnt og íbúar skiptu sér niður á umræðuborð og ræddu málaflokkja aðalskipulagsins. Skipulags- og matslysing var auglýst og bárust 15 umsagnir frá ýmsum stofnunum og hagsmunaaðilum. Sérfræðiálita var aflað þegar þörf var á faglegu mati eða öðrum sérfræðiupplýsingum. Könnun um framtíðarsýn og fyrirætlanir var send á alla landeigendur í sveitarfélaginu og afstaða tekin til þeirra svara sem bárust í aðalskipulagstillögu. Frekara íbúafundarhald dróst nokkuð vegna heimsfaraldurs en aðalskipulagstillagan verður kynnt á íbúafundi samhlíða auglýsingu tillögunnar og gefst íbúum og öðrum hagsmunaaðilum þá tækifæri til að gera athugasemdir.

## Breytingar

### á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028

Ytri-Sólheimar 1, 1a og lóð	2022
Efnistaka og iðnaðarsvæði í Vík	2022
Túnahverfi í Vík	2022
Pórisholt, verslun og þjónusta	2022
Norður-Garður 3 frístundabyggð	2022
Þéttbýlið í Vík, reitir þ7 og ÍS2	2021
Stækkun og breyting á hesthúsasvæði	2021
Austurhluti Víkur. Landnotkunarbreyingar	2021
Péturshólar, verslun og þjónustusvæði	2019
Norður Foss verslun- og þjónusta	2017
Austurhluti Víkur, landnotkunarbreyingar	2016
Verslun og þjónusta	2015
Mýrarbraut 13, verslunar- og þjónustusvæði	2015
Verslunar- og þjónustusvæði, Suðurvíkurvegi	2013
Efnistaka og varnargarðar í Múlakvísl	2013



### 1.3 GÖGN OG FRAMSETNING

Aðalskipulag þetta er sett fram í þremur hlutum. Annars vegar er greinargerð þessi ásamt umhverfisskýrslu og hins vegar tveir skipulagsuppdrættir af svæðinu.

- Skipulagsgreinargerð með forsendum, skýringaruppdráttum og umhverfisskýrslu.
- Sveitarfélagsuppdráttur. Mælikvarði: 1:50.000
- Péttbýlisuppdráttur af Vík. Mælikvarði: 1:5000

Skýringaruppdrættir eru eftirtaldir:

- Flokkun Landbúnaðarlands
- Landslagsflokkun
- Selalátur og búsvæði fugla

#### *Hvað er aðalskipulag?*

Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem nær til alls lands sveitarfélags þar sem sett er fram stefna og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar.

Stefna aðalskipulags er útfærð nánar í deiliskipulagi fyrir einstök hverfi eða reiti.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á gerð aðalskipulags. Skipulagsnefnd sveitarfélags annast gerð aðalskipulags í umboði sveitarstjórnar. Í upphafi nýs kjörtímabils skal sveitarstjórn taka afstöðu til þess hvort endurskoða skuli gildandi aðalskipulag.

Aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og staðfest af Skipulagsstofnun og auglýst í b-deild stjórnartíðinda.



## 1.4 ALMENN ÁKVÆÐI UM AFMÖRKUN REITA

Aðalskipulag er stefnumótun um meginþrætti skipulags, landnotkunar, þjónustukerfa og umhverfismála sveitarfélaga. Nákvæm útfærsla einstakra þátta er viðfangsefni deiliskipulags og framkvæmdaáætlana eftir því sem við á. Afmörkun landnotkunarreita miðast því við meginatriði, svæði og heildir en ekki nákvæma útfærslu eða lóða- og eignamörk. Almennt eru mörk landnotkunarreita miðuð við miðlinu aðliggjandi gatna í innra gatnakerfi og jaðar veghelgunarsvæða ytra gatnakerfisins. Flatarmál landnotkunarreita er því brúttóflatarmál sem felur í sér gatnakerfi og opin svæði. Nýtingarákvæði aðalskipulags ber að skoða í því ljósi. Í deiliskipulagi getur nýtingarhlutfall einstakra reita og svæða innan landnotkunarreits verið annað en tilgreint er í aðalskipulagi þar sem miðað er við meðaltal og brúttóflatarmál reita. Landnotkunarreitir eru auðkenndir með númeri og bókstaf. Vegna mælikvarða sveitarfélagsuppráttar eru svæði sem eru 3 ha eða minni táknuð með hring en ekki afmörkuð nákvæmlega. Landnotkun (litr) og merking reita tekur mið af meginlandnotkun viðkomandi reits. Ákveðið svigrúm getur verið fyrir aðra starfsemi innan þeirra bæði í samræmi við almenna skilmála og sérstaka skilmála einstakra reita. Í deiliskipulagi er kveðið nánar á um notkun og nýtingu einstakra lóða og gerð grein fyrir opnum svæðum, leiksvæðum, útvistarsvæðum, gatnakerfi og stígum. Undantekning frá þessari meginreglu er að lóðir fyrir skóla, leikskóla og grunnskóla eru sýndar sem svæði fyrir samfélagsþjónustu (S).

## 1.5 VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR

Í skipulagsvinnunni var áhersla lögð á að móta skýra stefnu með aðkomu breiðs hóps, þ.e. íbúa og annarra hagsmunaaðila auk þeirra fulltrúa sem fara með skipulagsvaldið fyrir hönd sveitarfélagsins. Lögð er áhersla á lífsgæði íbúa með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Uppbygging innviða og fjölbreyttra atvinnuvega er mikilvæg til að skapa gott, öruggt og aðlaðandi samfélag fyrir alla íbúa. Meginstyrkleiki hreppsins í atvinnumálum liggar í landbúnaði og ferðaþjónustu og skal áfram lögð áhersla á þróun og aðbúnað þessara atvinnugreina. Undanfarin ár hefur sköpun nýrra starfa fyrst og fremst verið í ferðaþjónustu, en huga þarf að aukinni fjölbreytni starfa sem í boði eru í sveitarfélagini og búa í haginn fyrir nýsköpun. Markmiðið er að skerða ekki mikilvæg náttúru- og menningarverðmæti svæðisins.

### Leiðarljós

Lögð er áhersla á sjálfbærni í þróun og nýtingu lands.

Markmiðið er að auka lífsgæði íbúa með því að byggja upp öflugt atvinnulíf og gott og öruggt samfélag sem hvílir á traustum innviðum.

Þess skal gætt að náttúru- og menningarverðmæti svæðisins bíði ekki skaða af.



## 1.6 MEGINMARKMIÐ OG LEIÐARLJÓS

Leiðarljós aðalskipulags byggir á leiðarljósi og meginmarkmiðum gildandi aðalskipulags sem miðast við að sjá fyrir nægu landrými fyrir mismunandi starfsemi til næstu 12 ára. Yfirmarkmið skipulagsins er að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir fjölbreytt atvinnulíf og mannlíf og gera búsetu á svæðinu aðlaðandi og eftirsóknarverða fyrir fólk á öllum aldri.

**Lögð er áhersla á eftirfarandi sérgreind markmið:**

- Að Mýrdalshreppur sé **fjölskylduvænt sveitarfélag, eftirsóknarvert** til búsetu með fjölbreytta afþreyingarmöguleika fyrir íbúa. Að skipulag stuðli að heilsueflandi samfélagi.
- Að stuðla að **auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum** m.a. með nægu framboði lóða undir fjölbreytta atvinnustarfsemi s.s. opinbera þjónustu, iðnað og ferðaþjónustu.
- Að auka vægi **opinberrar þjónustu**.
- Að byggðamynstur falli vel að **landslagi og bjóði upp á fjölbreytta búsetumöguleika** sem eru til þess fallnir að draga úr íbúaveltu.
- Að styrkja stoðir **ferðaþjónustu** á svæðinu sem byggir á náttúru og sérstöðu svæðisins og fjölga afþreyingarmöguleikum.
- Að stuðla að **varðveislu náttúru- og söguminja** og annarra umhverfislegra gæða.
- Að standa vörð um vernd **grunnvatns** sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.
- Að stuðla að **gróðurvernd, landgræðslu** og bættri **landnýtingu** í samræmi við landgæði og ástand lands.
- Að hamla frekara **landbroti** af völdum **sjávar og tryggja byggð** gegn Kötluvá.
- Að stuðla að því að **nýting lands, auðlinda og mannauðs** sé í samræmi við markmið um **sjálfbæra þróun**.
- Að stuðla að **bættru umferðaröryggi** með nýframkvæmdum og góðu viðhaldi innviða.
- Að **uppbrygging** þjónustu verði í **takt við íbúafjölda**.
- Að mótuð verði stefna um uppskiptingu landbúnaðarlóða.
- Að mótuð verði stefna um **orkuöflun** í sveitarfélagini, svo sem vatns- og vindorku.
- Að efla **uppbryggingu á afþreyingu** fyrir íbúa.
- Að stefnt verði að uppbryggingu **hafnar** í sveitarfélagini.



## Umfjöllun í endurskoðuðu aðalskipulagi er skipt í eftirfarandi málaflokka:

### Byggð, menning, samfélag

Undir þennan málaflokk fellur opinber þjónusta svo sem skólar og frítími, varðveisla og uppbygging menningarminja, trúarstofnanir, kirkjugarðar o.fl. Horft verður til íbúaþróunar síðustu ára m.t.t. þarfa fyrir framtíðarbyggingarsvæði og farið yfir forsendur sem kallað geta á breytingar frá gildandi aðalskipulagi. Íbúum hefur fjöldað mikið á undanförnum árum í sveitarfélagini og þörf er á lóðum fyrir fjölbreytt íbúðarhúsnæði að stærð og gerð. Áhersla verður lögð á að Mýrdalshreppur sé fjölskylduvænt sveitarfélag, eftirsóknarvert til búsetu með fjölbreytta afþreyingarmöguleika fyrir íbúa á öllum aldri. Ásýnd byggðar og aðkoma er einnig til umfjöllunar í þessum málaflokki.

### Atvinnulíf

Lögð er áhersla á stefnumörkun í stoðgreinum atvinnulífsins og að auka fjölbreytni í atvinnulífi sveitarfélagsins, m.a. með áherslu á að auka vægi opinberrar þjónustu. Helstu stoðir atvinnulífsins eru ferðaþjónusta og landbúnaður. Mörkuð verður stefna í þessum málaflokum með tilliti til frekari uppbyggingar, aukinnar fjölbreytni og hagkvæmnisjónarmiða. Í Vík er aðstaða fyrir störf án staðsetningar í Kötłusetri, þar sem aðstaða er fyrir einn starfsmann.

### Samgöngur og aðrir innviðir

Fjallað er um samgönguinnviði í sveitarfélagini svo sem stofn- og tengivegi, göng, göngu-, hjóla- og reiðleiðir, flugbraut og höfn. Áhersla er lögð á bætt umferðaráryggi með viðhaldi og framkvæmdum. Undir þennan flokk falla innviðir fyrir orkuskipti í samgöngum, svo sem rafhleðslustöðvar, sem er einnig mikilvægt umhverfismál. Vilji er til að skoða byggingu hafnar í sveitarfélagini. Í þessum kafla er einnig fjallað um veitukerfi, svo sem rafmagns-, hita-, vatns-, og fráveitu og ljósleiðaratengingar, en öflug og áreiðanleg háhraða nettenging er forsenda fyrir vexti og þróun fjölbreyttra atvinnugreina í sveitarfélagini. Einn af veikleikum í innviðakerfi samfélagsins er ótrygg raforka.

### Umhverfisvernd og náttúruvá

Undir þennan málaflokk falla m.a. friðlýst svæði, önnur náttúruvernd, vatnsvernd, hverfisvernd, strandsvæði, minjavernd, skógræktar- og landgræðslusvæði. Stuðlað skal að varðveislu náttúru- og söguminja og annarra umhverfislegra gæða þannig að landnýting verði hagkvæm. Vernd grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi. Gróðurvernd, landgræðsla og bætt landnýting í samræmi við landgæði og ástand lands. Markmiðið er að nýting lands, auðlinda og mannaúðs sé í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun.



Mynd 2. Ofan Víkur árið 2018. Mynd: Þórir Níels Kjartansson.



# TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR



## 2 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við endurskoðun aðalskipulagsins er tekið mið af öðrum áætlanagerðum á vegum sveitarfélagsins og ríkisins. Helst ber að nefna landsskipulagsstefnu, rammaáætlun, samgönguáætlun og náttúruminjaskrá.

Tekið hafa gildi ný skipulagslög, nr. 123/2010, og ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir nýjum skipulagsflokkum s.s. afþreyingar- og ferðamannasvæðum, íþróttasvæðum, skógræktar- og landgræðslusvæðum, varúðarsvæðum og annari náttúruvernd. Í einhverjum tilfellum mun landnotkun því færast milli landnotkunarflokkja. Í lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, er gert ráð fyrir vernd víðerna auk merkra jarðmyndana og vistkerfa. Í lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 (Rammaáætlun) eru virkjanakostir skv. öðrum áfanga Rammaáætlunar flokkaðir í varúðarsvæði og aðra náttúruvernd. Rammaáætlun tekur ekki til neinna virkjanakosta í Mýrdalshreppi.

### 2.1 LANDSSKIPULAGSSTEFNA



Mynd 4. Skipurit aðalskipulags.

skipulagsákvörðunum um landbúnaðarland. Samkvæmt landsskipulagsstefnu skal mörkuð stefna um yfirbragð byggðar og að landnotkun styðji við búsetu og samfélag en taki jafnframt tillit til verndarsvæða. Mið er tekið af gildandi landsskipulagsstefnu við endurskoðun aðalskipulags Mýrdalshrepps.



Mynd 3. Rjúpnafell og Huldufoss. Mynd: Þórir Níels Kjartansson.

Landsskipulagsstefna 2015-2026 var samþykkt á Alþingi 16. mars 2016 og er unnin á grundvelli skipulagslaga nr.123/2010. Samkvæmt skipulagslögum skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Meðal markmiða landsskipulagsstefnu er að skipulag byggðar og landnotkun stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs sbr. kafla 3.4. *Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf*. Öflugir innviðir þar sem segir að skipulagsgerð sveitarfélaga eigi að stuðla að uppbryggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum sbr. kafla 3.4. Í kafla 2.4 *Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi* kemur fram að við skipulagsgerð sveitarfélaga skuli leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Í landsskipulagsstefnu er einnig fjallað um skipulag á haf- og strandsvæðum, þar sem lögð er áhersla á sjálfbæra nýtingu auðlinda, upplýsingaöflun um vernd og nýtingu og mörkun stefnu um skipulagsmál haf- og standsvæða í samræmi við nýja lögðjöf þar um sem samþykkt var 26. júní 2018 (lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018). Í landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir flokkun landbúnaðarlands og að landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar



## Markmið landsskipulagsstefnu verða höfð að leiðarljósi:

- Að skipulagsbreytingar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að auka rými fyrir sveigjanleika og seiglu í sveitarfélagini vegna umhverfis- og samfélagsbreytinga.
- Bæta innviði sveitarfélagsins sem stuðla að auknum lífsgæðum íbúa.
- Styrkja samkeppnishæfni sveitarfélagsins við önnur sveitarfélög á landsvísu með því að auka gæði og fjölbreytileika byggðar.

## 2.2 RAMMAÁÆTLUN

Rammaáætlun tekur fyrir vernd og nýtingu auðlinda landsins og landsvæða og er samheiti yfir ákveðin lög, ferli og aðferðarfræði sem eru verkfæri til að greiða úr ágreiningi sem kann að rísa er varðar nytjar landsins. Samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætluninni skal tryggt að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið verði tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Virkjanakostir eru flokkaðir í orkunýtingar-, bið- og verndarflokk. Samkvæmt gildandi rammaáætlun eru engir kostir í Mýrdalshreppi í biðfloKKI, verndarflokki né orkunýtingarflokki.

## 2.3 NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Ný lög um náttúruvernd nr. 60/2013 tóku gildi árið 2015. Samkvæmt 13. gr laganna gefur ráðherra út náttúruminjaskrá og leggur fram á Alþingi eigi sjaldnar en á 5 ára fresti tillögu að þingsályktun um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Í lögunum er gert ráð fyrir náttúruminjaskrá sem skiptist í hluta:

- **A-hluti** er skrá yfir náttúruminjar og svæði sem hafa verið friðlýst eða friðuð,
- **B-hluti** er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlysingu eða friðun á næstu fimm árum,
- **C-hluti** er skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlysa eða friða. Í nýju náttúruverndarlögum voru einnig skilgreindir nýir flokkar friðlýstra svæða, þ.e. óbyggð víðerni og landslagsverndarsvæði. Ráðherra ákveður friðlysingu svæða og friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda og tekur jafnframt ákvörðun um breytingu og afnám friðlysingar og friðunar. Í lögunum er lögð áhersla á að byggja upp skipulagt net verndarsvæða til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags. Ákvæði um efnistöku sem áður voru í náttúruverndarlögum hafa verið færð inn í skipulagslög.

## Hvað er sjálfbær þróun?

Sjálfbær þróun mætir þörfum samtímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum, og lágmarkar þannig neikvæð áhrif á umhverfið.

Sjálfbær þróun er lykilhugtak í allri umræðu samtímans um þróunar- og umhverfismál, og hlýtur sífellt meira vægi í allri samfélagsgerð. Hugmyndin um sjálfbæra þróun byggir á þremur meginstoðum: samfélagi, umhverfi og efnahag.

Þróun getur aðeins verið sjálfbær ef jafnvægi er á milli stoðanna þriggja. Hún getur þannig aðeins verið sjálfbær ef hún er til framdráttar á öllum þremur sviðum.



Náttúruverndaráætlun fjallar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi, sem ástæða þykir til að friðlýsa. Snigillinn brekkubobbi (*Cepaea hortensis*) er ein þriggja dýrategunda sem eru á Náttúruverndaráætlun 2009-2013, sem er nýjasta útgáfa náttúruverndaráætlunar.<sup>1</sup> Mikilvægt búsvæði brekkubobbans er í Reynisfjalli. Ekki er gert ráð fyrir mannvirkjum á umræddu búsvæði þannig að því verður ekki raskað. Stór hluti umrædds svæðis er í miklum halla og þar er skilgreind hrunhætta skv. hættumati Veðurstofu Íslands frá árinu 2009. Áhrifasvæði gangamunna í Reynisfjalli mun þ.a.l. ekki skerða búsvæði brekkubobba.<sup>2</sup>

Við endurskoðun aðalskipulagsins er tekið mið af Náttúruminjaskrá.

#### 2.4 SAMGÖNGUÁÆTLUN

Samkvæmt Samgönguáætlun 2020-2034 eru þrjár framkvæmdir sem munu hafa hvað mestar úrbætur í samgöngumálum í för með sér fyrir íbúa og gesti Mýrdalshrepps og eru þær allar á áætlun á árunum 2020-2024. Það er hringvegur um Mýrdal á 13,3 km kafla (b2-b4), Hringvegur um Gatnabréð og öryggisaðgerðir í Vík (b4).

*Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir færslu Hringvegarins og byggingu jarðganga um Reynisfjall, og verður hann þá greiðfær láglendisvegur í stað vegar um hættulegar brekkur og misvindasamt svæði. Ný veglína hefur ekki veruleg áhrif á svæði á Náttúruminjaskrá, búsvæði fugla og ræktanlegt land.*

##### Markmið með færslu vegarins eru m.a.:

- Greiðfærni á veturna. Greiðfærni fyrir alla umferð og vöruflutninga.
- Umferðaröryggi. Bæta vegtæknilega eiginleka vegarins s.s. sjónlengdir, beygjur, veghalla og fækka tengingum.
- Færa Hringveg út úr þéttbýli. Bætir öryggi í þéttbýli.
- Styttning Hringvegar.



Mynd 5. Horft vestur yfir Vík. Mynd: Þórir Niels Kjartansson.

<sup>1</sup> Alþingi Íslands, 2008-2009.

<sup>2</sup> VSÓ, 2012.



Einn flugvöllur er í sveitarfélagit, Höfðabrekkuflugvöllur, en engin höfn. Næsta höfn er Landeyjarhöfn og því næst Þorlákshöfn. Góðar samgöngur á landi eru því sérstaklega mikilvægar í sveitarfélagit. Einnig er mikilvægt að möguleikar á byggingu hafnar verði kannaðir í framtíðinni.

## 2.5 FJARSKIPTAÁÆTLUN

Stjórnvöld leggja á að minnsta kosti þriggja ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun þar sem mörkuð skal stefna til næstu fimmtán ára. Í fjarskiptaáætlun eru skilgreind markmið stjórnvalda sem stefna ber að og lagður grunnur að framþróun íslensks samfélags. Stuðla skal að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum. Í gildi er stefna í fjarskiptum fyrir árin 2019-2033 nr. 32/149 og fimm ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2019-2023. Markmið fjarskiptaáætlunar er að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengi saman byggðir landsins og Ísland við umheiminn með umhverfissjónarmið í huga. Markmiðið er að 99,9% lögheimila og vinnustaða hafi aðgengi að ljósleiðara.

## 2.6 KERFISÁÆTLUN

Áætlunin er unnin skv. raforkulögum nr. 65/2003 en Landsneti ber að sjá til þess að fyrir liggi áætlanir um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Fyrir liggur kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 – langtímaáætlun um þróun meginflutningskerfis raforku, og áætlun um framkvæmdaverk 2021-2023. Engin verkefni í sveitarfélagit eru á framkvæmdaáætlun 2020-2023.



## 2.7 HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin gilda á tímabilinu 2016-2030 og eru 17 talsins með 169 undirmarkmið. Þau taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Heimsmarkmiðin eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun skulu höfð að leiðarljósi í stefnumörkun í sveitarfélagini, í samræmi við áherslur stjórnvalda sem hafa samþykkt innleiðingu markmiðanna á Íslandi. Með markmiðunum er leitast við að tryggja öllum mannréttindi og ná fram kynjajafnrétti og efla vald kvenna og stúlkna. Markmiðin eru sambætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stoða sjálfbærrar þróunar, þ.e. hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu stoðar. Ríkisstjórn Íslands hefur forgangsraðað 65 undirmarkmiðum við innleiðingu heimsmarkmiðanna á Íslandi, en forgangsröðunin tekur mið af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Forgangsmarkmiðin endurspeglar áherslur stjórnvalda við innleiðingu markmiðanna næstu árin. Þau útiloka þó ekki að unnið verði að innleiðingu annarra markmiða. Heimsmarkmiðin voru höfð til hliðsjónar við mörkun stefnu sveitarfélagsins og endurspeglast þau í fjölmögum ákvæðum aðalskipulagsins.



Mynd 6. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.



## 2.8 BYGGÐAÁÆTLUN FYRIR ÁRIN 2018-2024

Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 samanstendur af 54 fjölbreyttum aðgerðum, svo sem er varða að Ísland verði ljósleiðaratengt, fjarheilbrigðisþjónustu, almenningssamgöngur um allt land, jöfnun orkukostnaðar, flutningskerfi raforku og aukið orkuöryggi, nýsköpun í matvælaiðnaði, störf án staðsetningar og fjölbreytt atvinnutækifæri um allt land, varmadæluvæðing á köldum svæðum og fagmennska á sviði innviða á náttúruverndarsvæðum.

## 2.9 AÐALSKIPULAG SKAFTÁRHREPPS OG RANGÁRPINGS EYSTRA

Taka þarf mið af aðalskipulagi nágrannasveitarfélaganna Skaftárhrepps og Rangárþings Eystra við endurskoðun aðalskipulags Mýrdalshrepps og leita umsagnar þeirra um tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi.

## 2.10 ÖNNUR STEFNUMÖRKUN STJÓRNVALDA

### Áfangastaðaáætlun Suðurlands

Er heilstæð áætlun fyrir ferðaþjónustu á Suðurlandi með tilliti til náttúru, menningarminja og samfélags. Mikilvægt er að auka gæði ferðaþjónustu á svæðinu og að ferðaþjónusta, sem skapar efnahagsleg verðmæti, þróist í sátt við samfélag og náttúru. Áhersla er á að náttúruvernd sé í forgrunni þegar kemur að ferðaþjónustu og rannsóknir á þolmörkum náttúru, samfélaga og ferðamanna séu efldar. Skilgreina þarf aðgengi fyrir hvert svæði og að aðgengi að náttúrunni sé aldrei á kostnað hennar heldur sé hugað að sjálfbærni og upplifun. Nauðsynlegt er að ýta undir ábyrga hegðun ferðamanna og huga vel að öryggismálum á ferðamannastöðum til að koma í veg fyrir slys. Áhrif ferðaþjónustu á samfélög geta verið margvísleg, bæði jákvæð og neikvæð, t.d. jákvæð með aukinni þjónustu en neikvæð þegar ferðaþjónustan og ferðamenn ganga of nærrí samfélagi og menningu. Víða á suðurlandi hafa þau birst með hækkun íbúðaverðs, skorti á íbúðarhúsnaði og á lagi á vegakerfið. Góðar samgöngur eru grundvöllur fyrir því að ferðaþjónusta geti dafnað og í áætluninni er kallað eftir bættum samgöngum.

### Íslensk ferðaþjónusta til 2030. Leiðandi í sjálfbærri þróun.

Stýrihópur með aðkomu Samtaka ferðaþjónustunnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga setti fram framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030, þar sem koma fram markmið um arðsama og samkeppnishæfa ferðaþjónustu í sátt við land og þjóð. Ferðaþjónustan stuðlar að bættum lífskjörum og hagsæld á Íslandi en áhersla er lögð á arðsemi, ávinning fyrir heimamenn, einstaka upplifun fyrir ferðamenn og umhverfisvernd, sjá mynd 8.



# LEIÐANDI Í SJÁLFBAÐRI ÞRÓUN

Arðsöm og samkeppnishæf ferðaþjónusta í sátt við land og þjóð

Ferðaþjónustan stuðlar að bættum lífskjörum og hagsæld á Íslandi

Ferðaþjónustan er þekkt fyrir sjálfbæra þróun, gæði og einstaka upplifun

## EFNAHAGUR

### ARÐSEMI

- ▶ Aukin framleiðni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni um land allt
- ▶ Ábyrg ferðaþjónusta sem nýtir taekni, nýsköpun og vöruprórun
- ▶ Sókn á verðmæta markaði og samræmi milli stefnu í flugsamgöngum og ferðaþjónustu

## SAMFÉLAG

### ÁVINNINGUR HEIMAMENN

- ▶ Jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði
- ▶ Áhersla á stjórnun og uppbryggingu áfangastaða og að ferðamenn ferðist um land allt, árið um kring
- ▶ Allir landshlutar njóti ávinnings af ferðaþjónustu

## UMHVERFI

### UMHVERFISVERND

- ▶ Minnkandi kolefnisspor og forystuhlutverk í orkuskiptum og nýtingu vistvænna orkugjafa
- ▶ Jafnvægi milli hagnýtingar og verndar náttúru og uppbrygging innviða taki mið af því
- ▶ Virðing fyrir þolmörkum og álagsstýring á áfangastöðum ferðamanna

➤ ÁHERSLUR 2030

➤ UNDIRSTÖÐUR

SAMHÆFING

SAMGÖNGUR

GÆÐI

PEKKING

Mynd 7. Framtíðarsýn í íslenskri ferðaþjónustu til 2030. Heimild: Stjórnarráð Íslands, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

## 2.11 AÐRAR STEFNUR OG SAMÞYKKTIR Á SVEITARFÉLAGS- OG SVÆÐISVÍSU

### 2.11.1 Húsnaðisáætlun 2022

Mýrdalshreppur er óvenjulega samsett sveitarfélaf. Í Mýrdalshreppi bjuggu rúmlega 800 manns í lok árs 2021. Þar af voru riflega 50% íbúa af erlendu bergi brotnir og fjölmennasti aldurshópurinn er fólk á aldrinum 25 til 34 ára. Húsnaðismálstofnun gaf út húsnaðisáætlun fyrir Mýrdalshrepp árið 2022 og VSÓ vann húsnaðisáætlun 2020-2023 fyrir sveitarfélagið.

### 2.11.2 Verndarsvæði í byggð




Tillaga að verndarsvæði í byggð í vesturhluta Víkurþorps var samþykkt í sveitarstjórn Mýrdalshrepps í desember 2018 og var staðfest af mennta- og menningarmálaráðherra í febrúar 2020. Taka skal mið af skilmálum og ákvæðum verndarsvæðisins í vesturhluta Víkurþorps í öllum áætlunum sveitarfélagsins.

### 2.11.3 Heilsueflandi samfélag

Mýrdalshreppur er heilsueflandi samfélag, en heilsueflandi samfélag er heildræn nálgun sem Embætti landlæknis vinnur að í samstarfi og samráði við sveitarfélög, opinberar stofnanir, frjáls félagasamtök o.fl. Í heilsueflandi samfélagi er heilsa, þ.e. er líkamleg, andleg og félagsleg vellíðan, allra íbúa í fyrirrúmi í allri stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum og allir geirar hafa hlutverk. Unnið er með þá þætti sem hafa áhrif á heilbrigði og vellíðan s.s. félags-, efnahags- og menningarlegar aðstæður, manngert og náttúrulegt umhverfi til að skapa sem bestar aðstæður í lífi, leik og starfi fyrir fólk á öllum aldri. Markmiðið er að gera holla valkostinn sem auðveldastan, hvort sem það snýr að mataræði, hreyfingu, vinnu, námi eða búsetu. Lýðheilsa felur í sér markvissar aðgerðir hins opinbera og annarra sem miða að því að bæta heilsu, líðan og lífsgæði þjóða og þjóðfélagshópa, og getur aðalskipulag sannarlega haft mikil áhrif á þessa þætti og þar með lýðheilsu í sveitarfélagini. Innleiðing heilsueflandi samfélags og skóla fellur vel að innleiðingu Heimsmarkmiðanna og öfugt.

### 2.11.4 Katla jarðvangur (Katla geopark)

Katla jarðvangur er samstarfsverkefni Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra og Skaftárhrepps og afmarkast jarðvanguinn af mörkum sveitarfélaganna. Jarðvanguinn nær yfir 954 ha landsvæði og þekur rúmlega 9% af flatarmáli Íslands, frá Hvolsvelli í vestri að Skeiðarársandi í austri. Til norðurs teygir jarðvanguinn sig langt inn á Vatnajökul en til suðurs afmarkast hann af löngum, svörtum sandströndum. Þéttbýliskjarnar í Kötlu jarðvangi eru Hvolsvöllur, Vík í Mýrdal og Kirkjubæjarklaustur og var samanlagður íbúafjöldi á svæðinu rúmlega 3.400 manns árið 2022. Hugtakið jarðvangur er alþjóðlegt og varð til vegna þess að þörf á samræmdri vernd, þróun og stjórnun margra af mikilvægustu svæðum jarðarinnar fer vaxandi. Katla Hnattrænn UNESCO Jarðvangu býr yfir merkilegum jarðminjum á heimsvísu sem mótað hafa landið í gegnum tíðina og haft djúpstæð áhrif á sögu, menningu og lífríki þess. Hlutverk jarðvangsins er að stuðla að verndun mikilvægra jarðminja, náttúru og menningararfs og sjálfbærar nýtingar þeirra, fræða gesti um svæðið: samspil manns og náttúru, vera tákn um gæði í náttúrutengdri ferðaþjónstu sem og stuðla að sjálfbærri þróun. Jarðvanguinn byggir á samfélagini sem hann tilheyrir og er þátttaka íbúa og hagsmunaaðila mikilvægur liður í uppyggingu og stefnumörkun. Hann einkennist af tíðri eldvirkni í bland við jöklumhverfi og hefur þetta samspil mótað mannlíf og búsetu á svæðinu frá landnámi. Náttúrafar jarðvangsins er sérstætt að því leyti að svartir sandar jökulhlaupanna og hafnleysa einkenna undirlendið sem er sundurskorið af jökulám. Undir jökulþöktum tindum liggja megineldstöðvar og út frá þeim



Mynd 8. Kort sem sýnir afmörkun Kötlu Jarðvangs.



hafa hlaðist upp móbergshryggir á tínum síðustu ísaldar. Katla, Eldgjá og gígaröðin Laki gusu á nútíma þar sem mikil hraun breiddust út, gervigígar mynduðust ásamt gríðarlegum flóðum og öskufalli frá Kötlu 1918. Allt eru þetta jarðminjar með sérstöðu á heimsvísu, sem er undirstaða þess að vera UNESCO Jarðvangur.<sup>3</sup>

#### 2.11.5 Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024

Svæði sóknaráætlunar Suðurlands nær yfir 15 sveitarfélög frá Sveitarfélaginu Hornafirði í austri, að Hellisheiði í vestri og til Vestmannaeyja í suðri og þar bjuggu um 30.000 manns árið 2019. Megináherslur áætlunarinnar eru umhverfi, samfélag og atvinna og nýsköpun. Stefnt er að öflugu atvinnulífi á Suðurlandi með aukinni nýsköpun, framleiðni og fjölbreyttari atvinnutækifærum og lögð áhersla á aukna umhverfisvitund og breytt neyslumynstur íbúa svæðisins til að minnka kolefnissporið. Markmiðið er að mannlíf og lífsgæði á Suðurlandi blómstri með aukinni velferð, lifandi menningu og stóraukinni samvinnu. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna voru höfð til hliðsjónar við gerð áætlunarinnar.

#### 2.11.6 Aðrar áætlanir sveitarfélagsins

Samþykktir sveitarfélagsins um ýmis málefni.

Menntastefna Mýrdalshrepps, 2010.

Jafnréttisáætlun Mýrdalshrepps, 2021.

Áfangastaðaáætlun Kötlu jarðvangs, 2017.

---

<sup>3</sup> <http://www.katlageopark.is/um-jardvanginn/>



# FORSENDUR



## 3 FORSENDUR

### 3.1 STAÐHÆTTIR

Mýrdalshreppur er syðsta sveit landsins og afmarkast af Jökulsá á Sólheimasandi og Sólheimajökli í vestri og Blautukvísl á Mýrdalssandi og Kötlujökli í austri. Frá því að sögur hófust á Íslandi hefur eldstöðin Katla í Mýrdalsjökli nokkuð reglulega gert vart við sig og er eldgos í Eldgjá á 10. Öld talið upphafið að þróun sem leiddi til myndunar Mýrdalssands eins og við þekkjam hann í dag. Skapast hafa miklar andstæður af náttúrunnar hendi, mjúkar línum Mýrdalsjökuls ber við himinn þar sem hann er hæstur, 1.505 m y.s., en gínandi jökulsprungur og úfnar skriðjöklatungur taka við þegar neðar dregur. Katla hefur haft mótandi áhrif á landið við jökulinn, sér í lagi sunnan og austan hans. Á milli mikilla sanda í austri og vestri liggar gróðursæll Mýrdalurinn með sín miklu, sundurskornu fjöll sem ná alla leið niður í byggð. Hreppurinn býr yfir stórbrotinni náttúrufegurð en nálægð við óvægin náttúruöfl jöklus og eldstöðva undir jöklum og landbrotum sjávar og jökulvatna geta skapað hættu og ógnað öryggi og afkomu íbúa sveitarfélagsins. Sveitin er grasi gróin, en andstæður eru miklar og beljandi jökulfljót, klettótt fjöll og víðáttumiklir sandar kallast á við gróðurlendið. Á hálendissvæðum eru fjöllin víða mjög sundurskorin af hrikalegum gljúfrum, en þau eru að mestu fornar sprungumyndanir sem skriðjöklar og jökulár hafa mótað. Mestur hluti Mýrdalsfjalla er myndaður við neðansjávargos eða gos undir jöklum, og eru þannig að mestum hluta úr móbergi, þó blágrýti og grágrýti finnist einnig. Gróður og jarðvegur í Mýrdalshreppi er mjög viðkvæmur. Eldgos og jökulvötn hafa verið stórvirk við eyðingu jarðvegs og byggðar, og svo er hreppurinn á móbergssvæði sem veðrast mjög hratt. Jarðvegsmýndun er því ör og jarðvegurinn laus og fokgjarn. Mikil úrkoma og tiltölulega tíð hvassviðri einkenna veðurfar á þessum slóðum en meðalhiti er hærri en víðast hvar annars staðar.<sup>4</sup> Náttúrvár gætir í Mýrdalshreppi vegna eldsumbrota, hlaupa og landbrots. Sú ógn sem stendur Mýrdælingum hvað næst í dag er Katla í Mýrdalsjökli, ein virkasta eldstöð landsins sem komin er á tíma, og jökulhláup sem fylgja eldgosum undir Mýrdalsjökli. Viðbragðs- og rýmingaráætlun er fyrir hendi ef Katla bærir á sér og má finna nýjustu útgáfu hennar á vefsíðu almannavarnardeilda ríkislöggreglustjóra.




---

<sup>4</sup> Byggðastofnun, 1990. bls. 8, 16.



## 3.2 ÍBÚAFJÖLDI

Þann 1. Janúar 2021 voru íbúar Mýrdalshrepps 758, og hafði þá fjöldað um 39 íbúa frá árinu áður og um 278 frá árinu 2015, eða um 58%. Gögn frá Hagstofu Íslands um íbúaþróun í hreppnum sýna að íbúum hefur fjöldað um 45% á s.l. 20 árum, úr 521 í 758 árið 2021. Í gögnum Hagstofu Íslands má einnig sjá að árið 1991 voru íbúar Víkur nærrí 600 talsins sem var metfjöldi á þeim tíma. Frá 1991 til ársins 2012 fækkaði íbúum Mýrdalshrepps jafnt og þétt eins og víðast hvar á landsbyggðinni á þeim tíma. Árið 2012 snerist þróunin hins vegar við og fór íbúum Víkur að fjölgja mjög hratt í tengslum við vöxt í ferðaþjónustu og eru horfur á frekari fjölgun á næstu árum. Slík íbúafjölgun hefur haft nokkra vaxtaverki í för með sér fyrir lítið samfélag, svo sem vaxandi íbúðaþörf en skortur á leiguþúsnaði fyrir íbúa hefur verið vandamál undanfarin ár.







Landsvæði sveitarfélagsins er ekki ýkja stórt en í dag búa yfir 70% íbúa í péttbýlinu í Vík og hefur það hlutfall farið hækkandi undanfarin ár (línurit 2). Íbúasamsetning hefur á þessum tíma tekið miklum breytingum. Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang hefur hækkað mikið, sérstaklega á síðustu 6-7 árum, úr 7% árið 2013 í 45% árið 2020 (línurit 3). Er það vel yfir landsmeðaltali sem er um 11%. Eins og sést greinilega á línuriti 4 eru flestir íbúar með erlent ríkisfang á aldrinum 20-39, og er meirihlut íbúa hreppsins á þessum aldri af erlendu bergi brotinn. Á þetta sér að öllum líkendum skýringu í fjölgun erlendra ríkisborgara sem hafa flust í hreppinn til að vinna störf í ferðaþjónustu, þar sem þörf fyrir starfsfólk í þeim geira hefur vaxið mjög hratt á fáum árum og krafan um góða íslenskukunnáttu í þjónustu við erlenda ferðamenn er ekki jafn rík og í mörgum öðrum störfum.



Skipting kynja er mismunandi eftir aldurshópum en karlar eru ívið fleiri í sveitarféluginu eða 54% (línurit 6 og 7). Börnum og ungmennum hefur fækkað nokkuð undanfarin 20 ár, eins og reyndar í öðrum aldurshópum utan aldurshópnum 20-34 ára, þar sem orðið hefur mjög mikil fjölgun, eins og sjá má á línuriti 5. Getur þessi fjölgun verið ákveðið varuðarmerki um einhæfni í þeim störfum sem skapast hafa undanfarin ár. Mikil fjölgun fólks af erlendum uppruna sem sækja störf í ferðaþjónustu útskýrir að einhverju leyti það ójafnvægi í aldursdreifingu íbúa hreppsins sem myndast hefur, en þeir íbúar eiga hlutfallslega fá börn, eins og línurit 4 sýnir. Þessi atvinnusókn hefur í för með nokkra íbúaveltu en fyrir sveitarfélagið er mikill fengur í því ef þessi hópur sest að í sveitarféluginu og verður hluti af samféluginu til langframa.

Þegar litið er til íbúaþróunar í Mýrdalshreppi undanfarin 20 ár hefur einstaklingum á vinnualdri (18-67) fjöldað mikið, konum um 15% og körlum um 17%, og eru hlutfallslega margir á vinnualdri í sveitarféluginu (sjá línurit 6). Börnum og ungmennum undir 18 ára aldri hefur á sama tíma fækkaði til muna (stúlkum um 13% og drengjum um 14%) og ellilífeyrisþegum (eldri en 66 ára) fækkaði um 2-3%.





## Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033




Línurit 7.

Línurit 8.



### 3.3 ÍBÚASPÁ

Spár um íbúaþróun eru byggðar á ótal breytum og óvissa ríkir að jafnaði um margar þeirra. Þessi óvissa leiðir til þess að skekkjur eru miklar þegar spáð er til lengri tíma. Spá um íbúaþróun í Mýrdalshreppi byggir á þeim vexti sem átt hefur sér stað í sveitarfélagini s.l. 10 ár, þ.e. gerir ráð fyrir að fram haldi sem horfir (sjá línurit 9). Íbúafjölgun í Mýrdalshreppi hin síðari ár tengist vexti í ferðaþjónustu og enn er búist við vexti í greininni, þrátt fyrir tímabundna niðursveiflu vegna heimsfaraldurs. Vöxturinn er háður bataferli eftir heimsfaraldurinn og hvernig tekst að tryggja samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu á alþjóðlegum vettvangi. Leiða má að því líkur að á meðan ferðaþjónusta skipar jafn stóran sess í atvinnulífi hreppsins og raun ber vitni þá muni íbúafjölgun að einhverju leyti haldast í hendur við þá þróun sem verður í greininni, svo lengi sem framboð húsnæðis annar eftirspurn sem kann að skapast.



Línurit 9. Mannfjöldaspá Byggðastofnunar fyrir Mýrdalshrepp. Byggt á gögnum Hagstofu Íslands.

### 3.4 HÚSNÆÐISPÖRF

Þeirri miklu og hröðu íbúafjölgun sem fylgt hefur umbreytingum í atvinnulífi sveitarfélagsins hafa einnig fylgt nokkrir vaxtaverkir. Á sama tíma og störfum og íbúum fjölgar eykst þörfin fyrir húsnæði fyrir íbúana, ekki síst minni leiguþúðum þar sem mikið er um ungt, barnlaust starfsfólk af erlendum uppruna. Þá hefur aukinn fjöldi ferðamanna skapað verulega eftirspurn eftir leighuhúsnæði til skammtímaleigu, sem hefur skapað ákveðinn vanda. Ef vel er hlúð að nýju, aðfluttu vinnuaflí og atvinnu- og húsnæðisöryggi þeirra tryggt aukast líkur á að þessi hópur setjist að til langframa í sveitarfélagini. Til þess að það megi verða er mikilvægt að hagkvæmt, öruggt og fjölskylduvænt húsnæði sé fyrir hendi.

Sveitarstjórn fer með stjórn og samræmingu húsnæðismála á vegum sveitarfélags samkvæmt lögum um húsnæðismál. Árið 2020 kom út



Mynd 9. Horft yfir Vík að Reynisdröngum og Dyrhólaey í baksýn. Mynd: Þórir Níels Kjartansson.




húsnæðisáetlun Mýrdalshrepps 2020-2023.<sup>5</sup> Þar kemur fram að áhersla áætlunarinnar sé að byggja upp viðeigandi húsnæðiskost fyrir sístækkandi hóp starfsfólks í ferðapjónustu og einnig að bjóða húsnæði sem gerir nýjum íbúum kleift að festa búsetu sína í sveitarfélagini til lengri tíma. Þarfagreining áætlunarinnar kallar á leiguþúsnæði sem hentar einstaklingum, bæði einstaklingsíbúðir og íbúðir þar sem fólk getur deilt sameiginlegum rýmum. Þá er einnig þörf á almennum íbúðum til öruggar langtímaleigu og minna sérþýli fyrir eldri íbúa sem vilja minnka við sig, og með því myndi skapast hreyfingur á markaðinum. Talið er að á allra næstu árum sé markaður fyrir 20-30 minni og stærri íbúðir í fjölbýli og um 20 raðhús eða minna sérþýli fyrir eldra fólk í Vík. Mikilvægt er að tryggja að gert sé ráð fyrir nægu íbúðarsvæði í nýju aðalskipulagi svo lóðaframboð anni eftirspurn. Í húsnæðisáetlun 2022 fyrir Mýrdalshrepp sem Húsnæðismálstofnun gaf út er þörf fyrir allt að 184 íbúðir fram til ársins 2031. Þar kemur fram að markmið sveitarfélagsins sé að stuðla að byggingu leiguþúsnæðis í gegnum leigufélög. Meta þarf áhrif nýrra starfa á húsnæðispörf í sveitarfélagini og gera grein fyrir hvernig henni verði mætt þegar áform eru um atvinnuuppbyggingu svo öllum íbúum verði tryggt öruggt og mannsæmandi húsaskjól.

#### 3.4.1 Atvinnulíf

Vinnusóknarsvæði Mýrdalshrepps er að mestu leyti innan hreppsins en nær þó einnig til nágrannasveitarfélaganna Skaftárhrepps og Rangárþings eystra. Atvinnulíf í Mýrdalshreppi hefur tekið talsverðum breytingum undanfarin ár, sérstaklega með mikilli fjölgun ferðamanna á svæðinu. Uppbygging á Suðurlandi hefur orðið nokkur og bætt lífsgæði og rekstrarumhverfi fyrirtækja á svæðinu einnig en innviðauppbygging hefur þó ekki haldist í hendur við þá miklu fjölgun ferðamanna sem orðið hefur.

Mýrdalshreppur byggði afkomu sína lengi vel á landbúnaði, iðnaði, verslun og þjónustu. Á undanförnum árum hafa nokkur umskipti orðið í atvinnulífi sveitarfélagsins, með mikilli fjölgun ferðamanna í kjölfar goss undir Eyjafjallajökli og uppbyggingu þjónustu fyrir þá. Fjölmörg atvinnutækifæri hafa orðið til í tengslum við þessa uppbyggingu og skýrir það að stórum hluta þá miklu fólksfjölgun sem orðið hefur í sveitarfélagini. Árið 2020 dróst fjöldi ferðamanna verulega saman í kjölfar heimsfaraldurs og var það í fyrsta sinn síðan þeim tók að fjölda svo verulega. Það er ljóst að ferðamenn munu halda áfram að heimsækja landið og gera áætlanir ráð fyrir að þeim muni fara fjölgandi. Eins og línum Línurit 11. Fjöldi brottfara erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll 2003-2022. Heimild: ferðamalastofa.is.sýnir þá hefur ferðamönnum á landinu þegar tekið að fjölda á ný í kjölfar heimsfaraldurs. Þjónusta við þá verður áfram mjög veigamikil atvinnugrein í Mýrdalshreppi. Þessi atburður er þó áminning um mikilvægi fjölbreytni í atvinnulífi sveitarfélaga, að það byggi á fleiri stoðum svo ekki riði til falls ef ein stoðin gefur sig eins og ferðapjónusta hefur tímabundið gert í kjölfar heimsfaraldurs. Einhæfni í atvinnulífinu skapar ógn við stöðugleika og atvinnuöryggi og er mikilvægt að hvetja til aukinnar fjölbreytni og nýsköpunar í atvinnulífi sveitarfélagsins.



Línurit 10.

<sup>5</sup> (Bollason, 2020)



### 3.4.2 Ferðaþjónusta


Í uppbyggingu ferðaþjónustu eru mikilvæg tækifæri fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni til verðmætaskópunar í stað hefðbundinna undirstöðuatvinnugreina, svo sem landbúnaðar og iðnaðar. Mýrdalshrepur er vinsæll viðkomustaður ferðamanna og mikil fjölgun ferðamanna á Íslandi á undanförnum árum hefur skilað sér í fjölgun starfa í ferðaþjónustu í sveitarfélagini. Ýmis þjónusta og afþreying fyrir ferðamenn er í boði og hefur framboð aukist undanfarin ár. Í Vík í Mýrdal er alla helstu grunnþjónustu að finna, svo sem matvöruverslun, heilsugæslu, leik- og grunnskóla, dvalarheimili fyrir aldraða, félagsheimili, íþróttamiðstöð og sundlaug. Kaffihús, veitingastaði og afþreyingu fyrir ferðamenn má einnig finna í bænum. Gott tjaldsvæði er í Vík með góðu plássi fyrir húsbíla, hjólhýsi og tjaldvagna auk nokkurs fjölda hótela og gistihúsa. Fjöldi áhugaverðra viðkomustaða er í sveitarfélagini sem margir bjóða upp á náttúruupplifunartengda afþreyingu, svo sem fuglaskoðun, gönguferðir og jöklafærðir.

Tekin hafa verið saman gögn um áhugaverða staði á Íslandi og eru þau gögn aðgengileg í vefsíða Ferðamálstofu. Eru um 35 staðir merktir inn í Mýrdalshreppi, þar af níu sérlega áhugaverðir staðir; *Reynisfjara og Reynisdrangar, Reynisfjall, Hálsanefnshellir, Hjörleifshöfði, Dyrhólaey, Víkurfjara, Sólheimajökull og Pakgil, og enn fleiri staðir eru merktir með miðlungs aðráttarafl*. Ljóst er að náttúrufegurð er helsta aðráttarafl Mýrdalshrepps fyrir ferðamenn en gott framboð þjónustu og afþreyingar spilar þar einnig mikilvægt hlutverk. Í ferðavenjukönnun sem ferðamálstofa gerði árið 2018 í Vík í Mýrdal svoruðu 52% að náttúra og fegurð staðar væri ástæða fyrir því að Vík varð fyrir valinu sem áfangastaður og 81% sögðu það hápunkt heimsóknar sinnar til Víkur. 67% töku ákvörðun um að heimsækja Vík áður en ferðin til Íslands hófst og 64% fengu upplýsingar um áfangastaðinn af vefsíðum. 96% voru ánægðir eða mjög ánægðir með heimsókn sína til Víkur og 57% líklegir til þess að mæla með heimsókn til Víkur. Þessi könnun gefur vísbendingar um mikilvægi þess að hlúa að náttúru svæðisins og mikilvægi markaðssetningar á netinu.

Á árum áður heimsóttu lang flestir Mýrdalshrep yfir sumarmánuðina, en með markvissum aðgerðum stjórnvalda og ferðaþjónustuaðila hefur ferðatímabilið lengst og árstíðasveifla minnkað. Heimsóknir ferðamanna dreifast betur yfir aðra mánuði ársins, þó enn séu þær lang flestar yfir sumarið. Það er mikilvægt fyrir afkomu- og atvinnuöryggi í ferðaþjónustu að tryggja atvinnu árið um kring, og þannig nýtast þeir innviðir sem byggðir eru upp betur.

### 3.4.3 Landbúnaður

Samkvæmt lögbýlaskrá Þjóðskrár eru 82 bújarðir í Mýrdalshreppi árið 2020 og þar af eru 14 eyðibýli. Jarðvegur á landbúnaðarsvæðum flokkast í flestum tilvikum undir móa- og mýrarjarðveg og er yfirleitt nokkuð frjósamur og vel fallinn til ræktunar. Landbúnaðarsvæði eru mikilvæg auðlind í Mýrdalshreppi, fyrir matvælaframleiðslu, atvinnu og sjálfbæra nýtingu. Tilraunir hafa verið gerðar með korn- og repjurækt í Mýrdalshreppi auk þess sem rófurækt hefur verið stunduð með góðum árangri um áratugaskeið. Þá er uppgræðsla á söndunum mikilvægt jarðbóta- og loftslagverkefni.



Línurit 11. Fjöldi brottfara erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll 2003-2022. Heimild: ferðamálastofa.is.



Margir bændur hafa farið út í ferðaþjónustu samhliða landbúnaði til að styrkja reksturinn og nokkuð víða er ferðaþjónusta orðin aðalatvinna bænda. Fjölbreyttir gisti- og afþreyingarmöguleikar eru í boði víða í Mýrdalshreppi.

#### 3.4.4 Opinber störf og störf án staðsetningar

Í árslok 2020 voru 41 ríkisstörf í Mýrdalshreppi en flest voru störfin 45 árið 2019.<sup>6</sup> Vilji er til að fjlóga opinberum störfum í sveitarfélagini. Til að það megi verða er lykilatriði að framboð atvinnurýmis fyrir störf á vegum hins opinbera og áreiðanlegar háhraða nettengingar séu til staðar í sveitarfélagini. Aðstaða er fyrir einn starfsmann innan Kötluseturs fyrir starf án staðsetningar, en störf án staðsetningar eru liður í Byggðaáætlun 2018-2024. Horfa mætti til þess að fjlóga vinnurýmum í sveitarfélagini fyrir slík störf.

### 3.5 SAMGÖNGUR OG AÐRIR INNVIÐIR

#### 3.5.1 Samgöngur

Grunnnet samgangna eru stofnvegir eins og þeir eru skilgreindir í 8. Gr. Vegalaga, áætlunarflugvellir, helstu flugleiðir og hafnir og ferju- og siglingaleiðir meðfram ströndinni og inn á hafnir. Í Samgönguáætlun á uppbygging grunnnetsins, viðhald þess og rekstur að vera forgangsatriði til að samgöngukerfið uppfylli þarfir fyrir alla flutninga á fólk og vöru. Samgöngur eru mikilvægar fyrir atvinnu og búsetu í Mýrdalshreppi. Stór hluti sveitarfélagsins nýtur allgóðra samgönguskilyrða á landi en umferð um hringveginn í Mýrdal hefur aukist mjög mikið, eða fjór- til fimmfaldast á árunum 2013 til 2019 (sjá línum 10, en árið 2020 sker sig úr vegna áhrifa heimsfaraldurs). Bundið slitlag er komið á stofnveg að öllu leyti en ekki á alla tengivegi.



Mynd 10. Leið niður í Víkurfjöru.

<sup>6</sup> <https://public.tableau.com/app/profile/byggdastofnun/viz/rikisstorf/stodugildi>.




- Þau svæði sem eru á fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024 skv. tillögu til þingsályktunar og munu hafa hvað mestar úrbætur í samgöngumálum í för með sér fyrir íbúa og gesti Mýrdalshrepps eru Hringvegur um Gatnabrún (b4). Í áætluninni er gert ráð fyrir fjármagni (og samstarfi við einkaaðila við fjármögnum) í undirbúning vegna 13,3 kilómetra vegagerðar um Mýrdal og Víkurþorp ásamt jarðgöngum í gegnum Reynisfjall. Undirbúningur er hafinn að framkvæmdinni með rannsóknum og drög að matsáætlun hafa verið gefin út, en framkvæmdin er háð lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Framkvæmdin mun hafa miklar samgönguúrbætur í för með sér og auka umferðaröryggi en beygjan í Gatnabrún, þar sem núverandi Hringvegur liggar upp á Reynisfjall, var ein af sex hættulegustu beygjum á Hringveginum árið 2002 og var þar flokkuð sem stórhættuleg. Suðurlandsvegur við Gatnabrún er talinn hættulegur, brekkan er brött og beygjan neðst kröpp og hátt fall fram af veginum.<sup>7</sup> Markmið með færslu vegarins eru m.a.:

- Greiðfærni á veturna, fyrir alla umferð og vörufutninga.
- Umferðaröryggi. Bæta vegtæknilega eiginleka vegarins s.s. sjónlengdir, beygjur, veggalla og fækka tengingum.
- Færa Hringveg út úr þéttbýli. Bætt öryggi og hljóðvist í þéttbýli.
- Styttung Hringvegar.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur undirgöngum undir nýjan hringveg um fjöruna í Vík, til að tryggja aðgengi gangandi, hjólandi og hestaumferðar frá þorpinu og niður í Víkurfjöru, og áningarstöðum í nálægð við göngin.

Nokkuð margar vegtengingar eru við hringveginn og er fækkuun þeirra áhrifarík leið til aukins umferðaröryggis og greiðfærni á vegum, og skal það haft að leiðarlíði við breytingar eða nýlogn stofnvega.



Línurit 12



Mynd 11. Þjóðvegur 1, horft að Víkurkletti.

<sup>7</sup> Vegagerðin. (2002). Hættulegar beygjur á þjóðvegi 1. Rannum - Rannsóknarráð umferðaöryggismála. Vegagerðin.




Ein flugbraut ásamt flugskýli er í sveitarféluginu, við Höfðabrekkujökul, en þangað er ekkert áætlunarflug. Engin höfn er í sveitarféluginu en næsta höfn er Landeyjarhöfn og því næst Þorlákshöfn, en vilji er til að skoða möguleika á byggingu hafnar í sveitarféluginu. Góðar samgöngur á landi eru sérstaklega mikilvægar í sveitarféluginu.

## 3.6 UMHVERFIS- OG NÁTTÚRUVERND

### 3.6.1 Landslagsflokkun

Samkvæmt landslagsflokkun í leiðbeiningaritinu Landslag á Íslandi, flokkun og kortlagning landsgerða á landsvísu er Mýrdalshreppur í fjórum landslagsflokkum. Evrópski landslagssamningurinn hefur skilgreint landslag sem „svæði sem fólk skynjar að hafi ákveðin einkenni sem eru tilkomin vegna virkni eða samspils náttúrulegra og/eða mannlegra þátta“. Landslagsgreiningu má lýsa sem ferli sem felst í því að bera kennsl á og lýsa breytileika landslags og afmarka og lýsa þeim svæðum sem hafa sameiginleg einkenni. Með landslagsgreiningu fæst því hlutlægur samanburður á því hvaða svæði eru á einhvern hátt lík og geta talist til sömu landslagsgerðar. Samkvæmt landslagsflokkun í leiðbeiningaritinu Landslag á Íslandi, flokkun og kortlagning landsgerða á landsvísu fellur Mýrdalshreppur innan fjögurra landslagsflokkka, sjá mynd Mynd 12. Landslagsflokkun í Mýrdalshreppi



Mynd 12. Landslagsflokkun í Mýrdalshreppi.



### 3.6.2 Jarðfræði

Eldsumbrot í Kötlu hafa frá landnámi haft í för með sér jökulhlaup um Mýrdalssand og Sólheimá- og Skógasand. Líklegustu áhrif jökulhlaupa undan Mýrdalsjökli er rof á samgöngumannvirkjum, rafmagns- og símalínum og ljósleiðara. Alvarlegustu afleiðingar jökulhlaupa geta orðið að fólk, hús, uppgræðsla á söndum og tæki geta orðið hlaupum að bráð, auk þess sem afleiðingar gjóskufalls frá eldgosum koma fram undan vindi á hverjum tíma frá eldstöðinni.

### 3.6.3 Veður

Í Mýrdalshreppi fara veðurathuganir fram á Vatnskarðshólum. Reglulegar veðurathuganir höfust í Mýrdalshreppi árið 1925 í Vík og 1978 á Vatnsskarðshólum en í september 2007 var veðurfarsstöðinni í Vík í Mýrdal breytt í skeytastöð. Vegagerðin hefur rekið sjálfvirka veðurstöð á Mýrdalssandi frá 1995 og norðan Reynisfjalls frá árinu 2009.<sup>8</sup> Vík er, ásamt Vestmannaeyjakaupstað, hlýjasta veðurstöð landsins árið í heild, en ívíð hlýrra er í Vík en í Vestmannaeyjum á sumrin, en kaldara á vetrum. Mjög úrkomusamt er í Vík, ársmeðalúrkoman var 2333 mm á árunum 1971 til 2000.<sup>9</sup> Meðalhiti í júlí á árunum 2010-2019 var 11,3° og 2,3° í desember, en 6,1° yfir árið.<sup>10</sup>



Mynd 13. Vindafar í Mýrdalshreppi. Vindatlas Veðurstofu Íslands.

### 3.6.4 Náttúruminjaskrá

Undir náttúruverndarsvæði falla friðlýst svæði, svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá og afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags. Ráðherra skal skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 gefa út náttúruminjaskrá á fimm ára fresti og skiptist hún í A-, B- og C- hluta. A-hluti er skrá yfir friðlýst eða friðuð svæði, B-hluti er framkvæmdaáætlun til fimm ára um svæði sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsing eða friðun á næstu fimm árum og C-hluti er skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða, sbr. 33. Gr. Laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Til náttúruminja teljast annars vegar náttúruverndarsvæði og hins vegar lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem eru á náttúruminjaskrá. Undir náttúruverndarsvæði falla friðlýst svæði, svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá og afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Í Mýrdalshreppi er eitt friðlýst svæði: Dyrhólaey, fjögur svæði eru á B-hluta náttúruminjaskrár og eitt á C- hluta náttúruminjaskrár.

<sup>8</sup> VSÓ, 2012. bls. 4

<sup>9</sup> <https://www.vedur.is/vedur/frodleikur/greinar/nr/1035>

<sup>10</sup> Veðurstöð 6045 Vatnskarðshólar. Upplýsingar um veðurfar. Veðurstofa Íslands.

[brunnur.vedur.is/pub/vedurfarsgogn/yfirlit/6045\\_Vatnsskar%C3%b0sh%C3%b3lar\\_2010\\_2019.pdf](http://brunnur.vedur.is/pub/vedurfarsgogn/yfirlit/6045_Vatnsskar%C3%b0sh%C3%b3lar_2010_2019.pdf)



## Friðlýst svæði

Dyrhólaey er friðlýst svæði, skv. auglýsingi í B-deild stjórnartíðinda nr. 101/1978.<sup>11</sup> Dyrhólaey er þverhnýptur 120 metra hár móbergsstapi sem rís úr hafi. Mjór bergrani tengir eyjuna við land og í honum er gatið eða dyrnar sem stapinn ber nafn sitt af. Dyrhólaey var friðlýst árið 1978 en þar er mikil náttúrufegurð og fuglalíf og eyjan því vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Dyrhólaey er syðsti oddi landsins. Stærð friðlandsins er 147,2 ha. Deiliskipulag Dyrhólaeyjar var samþykkt árið 2005. Markmið þess er að bæta aðstöðu og þjónustu við ferðamenn á svæðinu og vernda umhverfið með uppbyggingu innviða, svo sem bílastæða og göngustíga. Svæðið er viðkvæmt en getur tekið á móti miklum fjölda gesta séu sterkir innviðir fyrir hendi, en mikil umferð gesta um svæðið setur álag á stígakerfið sem nauðsynlegt er að viðhalda. Landvörður er með búsetu á svæðinu árið um kring og sér um innviði, verndun náttúrunnar og fræðslu gesta.

Fimm svæði í Mýrdalshreppi eru á náttúruminjaskrá skv. heimasíðu Umhverfisstofnunar: Dyrhólaey (friðland), Dyrhólaós, Loftsalahellir, Reynisdrangar og Reynisfjall (aðrar náttúruminjar nr. 708), Skammadalskambar (aðrar náttúruminjar nr. 709), Vatnsdalur í Dalaheiði (aðrar náttúruminjar nr. 710), og Eyjarhóll (aðrar náttúruminjar nr. 711).



Mynd 14. Dyrhólaey. Mynd: Þórir Níels Kjartansson.

Mynd:  
Þórir N.K.

Á C-hluta náttúruminjaskrár (skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða) er eftirfarandi svæði í Mýrdalshreppi:

Heiti	Lýsing	Stærð/annað
Mýrdalur <sup>12</sup>	Svæðið er tilnefnt vegna vistgerða á landi. Mýrlendissvæði upp af vesturhluta Dyrhólaóss, vesturmörk við brekkurætur Geitafjalls, frá Loftsalahelli að framræsluskurði sunnan Skarphóls, þaðan austur um eftir skurðum milli ræktarlands og úthaga, yfir Brandslæk og frá mótum hans og Deildará upp með Deildará til Rauðalækjar og síðan niður með honum til óssins.	2,9 km <sup>2</sup>

Í 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 segir:

<sup>11</sup> Stjórnartíðindi B-deild, nr. 101/1978.

<sup>12</sup> <https://www.ni.is/greinar/su-myrdalur>



Forðast ber að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað. Skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér sílka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. liggja fyrir.

### 3.6.5 Menningarminjar

Samkvæmt friðlýsingarskrá frá 1990<sup>13</sup> eru átta friðlýstar fornleifar skráðar í Mýrdalshreppi og þrjár byggingar hafa verið friðlýstar. Auk þess eru á fjórða tug húsa í sveitarfélagini orðin eldri en 100 ára og njóta þannig aldursfriðunar skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar, og munu fleiri bætast við á skipulagstímabilinu. Árið 2011 fór fram svæðisskráning fornleifa í hreppnum og voru þá skráðar 1997 fornleifar á 56 jörðum. Síðan hafa tekið gildi ný lög um menningarminjar nr. 80/2012 og samræmist skráningin ekki nágildandi stöðlum um skráningu fornleifa.

### 3.6.6 Náttúrvá

Náttúrvár gætir í Mýrdalshreppi vegna eldsumbrota, hlaupa, landbrots, sjávarflóða á láglendi vegna nálægðar við sjó, auk þess sem hætta er á ofanflóðum á ákveðnum svæðum. Undir ofanflóð flokkast snjóflóð, skriður og svonefnd berg- og framhlaup, en þau verða þegar stórar spildur eða stykki úr fjallshlíðum hlaupa fram. Samkvæmt hættumati Veðurstofu Íslands (2009) er hætta á berghlaupum og grjóthruni úr Reynisfjalli sunnan Króktorfuhauss og úr Víkurhömrum ofan golfvallarins. Með loftslagsvá og vaxandi skógrækt eykst hætta á skógareldum.



Mynd 15. Horft yfir Vík og Mýrdalsjökul. Mynd: Þórir Niels Kjartansson.

<sup>13</sup> <https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/fridlysingaskra-med-vidbotum.pdf>



**STEFNUMÖRKUN**

# BYGGÐ, MENNING, SAMFÉLAG



## 4 BYGGÐ, MENNING, SAMFÉLAG

### Leiðarljós

Í sveitarfélagini sé grundvöllur fyrir búsetu allra aldurshópa með fjölbreyttu framboði íbúðarhúsnæðis, þjónustu og atvinnutækifæra við allra hæfi.

Búið verði í haginn fyrir nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf þar sem ólik menntun og sérhæfing fólks fær notið sín til aukinnar hagsældar í sveitarfélagini.

Vík verði áfram miðstöð þjónustu og atvinnulífs sem þjónar íbúum alls sveitarfélagsins.

Staðinn verði vörður um þau lífsgæði sem felast í sterku og samheldnu samfélagi, tækifærum til fjölbreyttrar búsetu og nálægð við náttúru.

Lýðheilsa og heilbrigrt lífneri íbúa í sveitarfélagini verði í fyrirrúmi. Hluð verði að náttúruverndar- og útivistarsvæðum og stuðlað að sjálfbæru samfélagi og vexti þess.

Vaxtarmörk þéttbýlisins miðast við þau svæði sem skilgreind eru á uppdrætti. Allar framkvæmdir skulu falla vel að svipmóti og einkennum lands eins og kostur er.

#### 4.1 ÍBÚÐARBYGGÐ (ÍB)

Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærbjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.

##### Almennir skilmálar

- Stuðlað verði að hagkvæmri þróun íbúðarbyggðar.
- Ný íbúðarbyggð skal falla sem best að náttúrulegu umhverfi og samræmast þeirri byggð sem fyrir er hvað varðar tegundir íbúða, stærðir, þéttleika og ásýnd svo þorpsásýnd bæjarins haldist.
- Ávallt verði fyrir hendi nægur fjöldi íbúðarlóða m.v. áætlaða íbúaþróun og þarfir hverju sinni.
- Gert verði ráð fyrir fjölbreyttum húsagerðum og íbúðastærðum við deiliskipulagsgerð til að mæta þörfum ólíkra aldurshópa og fjölskyldugerða.



- Ekki er heimilt að breyta íbúðarhúsnæði í deilihúsnæði eða byggja deilihúsnæði á einbýlis- eða parhúsalóðum. Húsagerð skal falla að skilmálum skipulags hvað varðar fjölda íbúða innan lóðar og uppfylla kröfur um gæði og birtuskilyrði íbúðarhúsnæðis. Skipulags- og byggingarfulltrúi getur farið fram á skriflegan rökstuðning hönnuðar um að rými sé fullnægjandi að stærð miðað við áætlaðan fjölda íbúa, í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.
- Uppbygging íbúðarhúsnæðis verði fyrst og fremst í þéttbýlinu en í dreifbýli verði heimilt að reisa stök íbúðarhús í samræmi við stefnu um landbúnaðarsvæði sem sett er fram í kafla 5.4.3.
- Öruggt og greitt aðgengi skal tryggt innan íbúðarsvæða fyrir alla fararmáta og sérstaklega hugað að innviðum og öryggi gangandi og hjólandi.
- Lögð verði áhersla á að byggja upp og efla græn svæði innan þéttbýlisins.
- Vernd og uppbyggingu gamalla húsa með menningarsögulegt gildi í þorpinu skal haldið áfram.
- Vinna þarf deiliskipulag fyrir eldri hluta Víkurþorps, þar sem m.a. verði settir almennir skilmálar um verndun byggðamynsturs og götumyndar og mótuð heildræn stefna um ásýnd hverfisins, í samræmi við áætlun um verndarsvæði í byggð í vesturhluta Víkurþorps.
- Aðeins er heimilt að vera með gististaði í flokki I: heimagisting (skv. reglugerð 1277/2016) á íbúðarsvæðum. Nýir og umfangsmeiri gististaðir eru ekki heimilir á íbúðarsvæðum.
- Setja skal skilmála við deiliskipulagsgerð um vindmyllur, sólarsellur, varmadælur og þess háttar í íbúðarbyggð og íbúar hvattir til að nýta græna orku þar sem aðstæður til þess eru hagstæðar og valda ekki ónæði.
- Skilti eru ekki leyfð innan íbúðarbyggðar.
- Flokkun og endurvinnsla verði auðveld og aðgengileg innan þéttbýlisins.
- Hugað verði að hljóðgæðum á íbúðarsvæðum og farið í mótvægisáðgerðir ef hljóðmengun mælist yfir heilsuverndarmörkum.
- Byggingar verði að hámarki 3 hæðir með 9 m mænishæð og skulu byggðar á steyptri botnplötu.
- Gólfkóti bygginga í þéttbýlinu skal að lágmarki vera 4,7 m y.s í ISN93.
- Nánari skilmálar fyrir íbúðarsvæði verða settir í deiliskipulagi.

#### 4.1.1 20 mínútna bærinn


Í tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu er *20 mínútna bærinn* lagður til grundvallar. Þar er áherslan á byggðarmynstur í þágu loftslagsmála, þar sem byggð og umhverfi er mótað að mannlegum þörfum og mælikvarða sem styður samskipti og útiveru og fellur vel að landslagi. Miðað er við að íbúar eigi ekki lengra að sækja almenna þjónustu en sem nemur 20 mínútna göngufjarlægð. Markmið 20 mínútna bæjarins er því að gera sem flestum kleift að fara erinda sinna gangandi eða hjólandi með því að draga úr vegalengdum og ferðaþörf með skipulagi sem þéttir byggð og staðsetur íbúðir, vinnustaði og þjónustu nálægt hvert öðru með góðum göngu- og hjólatengingum á milli.

Mikið getur áunnist í loftslagsmálum með áherslum sem þessum, með minni losun frá samgöngum og með betri nýtingu á náttúruauðlindum vegna minna lands sem þarf að brjóta undir byggð og samgöngumannvirki en ella. Skipulag 20 mínútna bæjarins stuðlar auk þes að bættri lýðheilsu þar sem




það hvetur til aukinnar virkni íbúa, bætir loftgæði og dregur úr hávaðamengun. Það leiðir einnig af sér líflegri og fjölbreyttari bæjarbrag með bæjarrýmum sem styðja við aukin samskipti og betra mannlíf.<sup>14</sup>

Sú nálgun er tekin hér að hugmyndafræðinni að það taki íbúa að hámarki 20 mínútur að meðaltali að ganga frá einum jaðri þéttbýlisins til annars. Þannig er gert ráð fyrir að hægt sé að ganga á milli allra helstu staða þéttbýlisins á innan við 20 mínútum, en þjónusta í bænum er nokkuð dreifð. Mynd [Mynd 16](#) sýnir 10 og 20 mínuðna gönguradíus út frá núverandi miðju Víkur í Mýrdal, en mynd [Mynd 17](#) sýnir framtíðarmiðju Víkur miðað við stefnu endurskoðaðs aðalskipulags. Kortin sýna að meginhluti byggðarinnar fellur vel innan þessara gönguvegalengda, en lykilatriði er að greiðar og öruggar göngu- og hjólaleiðir séu til staðar sem hvetja börn og fullorðna til að nýta sér virka ferðamáta á ferðum sínum.



Mynd 16. 10 og 20 mínuðna gönguradíus út frá núverandi miðju Víkur í Mýrdal.



Mynd 17. 10 og 20 mínuðna gönguradíus út framtíðar miðju Víkur í Mýrdal.

<sup>14</sup> Tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu, 2020.



#### 4.1.2 Gististaðir í þéttbýli

Talsverð fjölbreytni gististaða er fyrir hendi í Mýrdalshreppi og hefur hún aukist með aukinni ferðamennsku. Með tilkomu vefþjónustu geta leigusalar og íbúar skráð gististaði án mikillar fyrirhafnar sem hefur leitt til meira úrvals gististaða. Heimagisting hefur gert það að verkum að gisting einskorðast ekki lengur við skilgreind svæði fyrir ferðaþjónustu og þar til gert þjónustuhúsnæði, heldur er einnig í íbúðarhúsnæði í íbúðarhverfum með tilheyrandi ónæði fyrir aðra íbúa og röskun á húsnæðismarkaði. Á íbúðarsvæðum er aðeins heimilt að vera með gistaðistað í flokki I: heimagisting, í samræmi við 3. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald m.s.br. Ekki er heimild fyrir nýrri og umfangsmeiri gistingu á íbúðarsvæðum. Gististaðir í flokki II-IV eru aðeins heimilir á miðsvæði og verslunar- og þjónustusvæði.

#### 4.1.3 Íbúðarbyggð í þéttbýli

Í Vík eru skilgreind 9 íbúðarsvæði.

Tafla 1. Íbúðarsvæði.

Nr.	Heiti	Afmörk	Fjöldi íbúða		Stærð (ha)	Fjöldi lóða	Óbyggðar lóðir
			Núverandi	Hámark			
ÍB1	Vesturhluti	Víkurbraut 16-42 / 9-23, Sunnubraut 14-32 / 15-37, Mánabraut 16-36 / 7-15. Hluti svæðis er verndarsvæði í byggð. Byggingar verði að hámarki 2 hæðir með 7 m mænishæð og skulu byggðar á steyptri botnplötu.	54	81	3,8	41	7
ÍB2	Fitin	Víkurbraut 1-7 / 2-14, Sunnubraut 1-13 / 2-12, Mánabraut 2-14, Ránarbraut 1-15. Byggingar verði að hámarki 2 hæðir með 7 m mænishæð og skulu byggðar á steyptri botnplötu.	41	70	3,7	36	0
ÍB3	Bakkar	Bakkabraut 1-7 / 2-18, Mýrarbraut 1-13 / 2/16, Árbraut 1-3 / 2. Byggingar verði að hámarki 2 hæðir með 7 m mænishæð og skulu byggðar á steyptri botnplötu.	26	56	3,2	30	1
ÍB4	Undir Skeri	Austurvegur 11-27 / 4-10, Kirkjuvegur 1-5 / 2-4. Byggingar verði að hámarki 2 hæðir með 7 m mænishæð og skulu byggðar á steyptri botnplötu.	21	34	2,2	16	0
ÍB5	Túnahverfi	Suðurvíkurvegur 1-3 / 2-10, Sigtún 1-5 / 2-10, Mylluland 1-9 / 2-8, Króktún 1-25 / 2-20, Hátún 5-27. Byggingar verði að hámarki 2 hæðir með 7 m mænishæð og skulu byggðar á steyptri botnplötu.	37	88	8	51	23



ÍB6	Norður-víkursvæði	Austurvegur 1-7. Byggingar verði að hámarki 2 hæðir með 7 m mænishæð og skulu byggðar á steyptri botnplötu.	1	8	0,6	3	2
ÍB7	Austurhluti	Strandvegur 1-15 / 2-30, Klettsvegur 2-12, Sléttuvegur 1-3. Byggingar verði að hámarki 2 hæðir með 7 m mænishæð og skulu byggðar á steyptri botnplötu.	19	65	2,9	15	3
ÍB8	Vellir	Fjölbreytt íbúðargerð. Byggingar verði að hámarki 3 hæðir með 9 m mænishæð og skulu byggðar á steyptri botnplötu.	0	80	4,2	40	40
ÍB9	Vellir	Framtíðar íbúðarsvæði þegar ÍB8 er fullbyggt. Hús á einni til þremur hæðum. Byggingar verði að hámarki 3 hæðir með 9 m mænishæð og skulu byggðar á steyptri botnplötu.	0	120	6,7	60	60
<i>Samtals:</i>			<b>199</b>	<b>602</b>	<b>35,3</b>	<b>292</b>	<b>136</b>

## 4.2 FRÍSTUNDABYGGÐ (F)

*Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærpjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.*

### Almenn ákvæði

- Ekki er heimilt að skilgreina nýja frístundabyggð innan þéttbýlisins í Vík.
- Horft skal til umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð.
- Frístundabyggð skal sem mest rísa á samfelldum svæðum og við deiliskipulagningu skal leitast við að fjlóga sem minnst vegtengingum við þjóðveg 1 og samnýta innviði s.s. bílastæði, lagnir, hreinsivirkir, göngustíga og útvistarsvæði. Gera þarf sérstaklega grein fyrir sorphirðu í deiliskipulagi frístundabyggða.
- Áður en ákvörðun er tekin um að breyta hefðbundnu landbúnaðarlandi í frístundabyggð skal meta virði svæðisins m.t.t. ræktunargildis og kolefnisbindingar. Gera skal úttekt á náttúrufari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvæg gróðursvæði, s.s. votlendi, tegundir á válista og/eða búsvæði fugla verði fyrir áhrifum framkvæmda.
- Frekari uppbygging í eldri frístundabyggð skal vera í samræmi við skipulag.
- Heimilt er að byggja allt að 3 frístundahús á bújörðum sem ekki tengjast landbúnaði án þess að breyta þurfi aðalskipulagi en eru háð deiliskipulagi, sbr. töfluTafla 11 í kafla 5.4.3. Bygging fjögurra eða fleiri frístundahúsa verður einungis heimil í skilgreindri frístundabyggð og er háð deiliskipulagi.
- Að jafnaði skal um ¼ hluti lands á frístundasvæðum nýtast til almennrar útvistar.
- Frístundahús skal hanna þannig að húsin falli sem best að umhverfi sínu hvað varðar legu í landi, útlit, efnis- og litaval o.p.h.
- Taka skal tillit til landslags, menningarminja, útsýnisstaða og þeirrar byggðar sem fyrir er við skipulag frístundabyggðar.
- Í deiliskipulagi skal m.a. sýna gönguleiðir og merkja útsýnisstaði og aðra staði, sem máli skipta fyrir almenna útvist eftir því sem við á, þannig að komist verði hjá því að löðir loki leiðum eða svæðum sem hafa gildi fyrir almenning og viðkomandi svæði í heild.



- Tengja skal göngu- og hjólateiðir innan svæða saman og við stofnleiðir.
- Huga skal að rafhleðslutengingum fyrir bifreiðar og reiðhjól innan frístundabyggða.
- Í deiliskipulagi frístundabyggða skal gera grein fyrir vatnstökustöðum þar sem nálgast má slökkvivatn og gera grein fyrir flóttaleiðum og viðbragðsáætlun vegna gróður- og kjarrelda.
- Innan frístundabyggðar er aðeins heimilt að vera með gistingu í flokki I: heimagisting skv. reglugerð 1277/2016.
- Setja skal skilmála um vindmyllur, sólarsellur, varmadælur og þess háttar í deiliskipulagi frístundabyggða og íbúar hvattir til að nýta græna orku.
- Nánari skilmála fyrir frístundabyggð verði settir í deiliskipulagi.

Tafla 2. Frístundabyggð

Nr.	Heiti	Fjöldi byggðra húsa/hámarks fjöldi	Stærð (ha)
<b>þéttbýli</b>			
F1	Frístundahús Vík	1/1	0,5
<b>Dreifbýli</b>			
F2	Ytri Sólheimar.	2/8	1
F3	Eystri Sólheimar	1/10	10
F4	Fellsmörk	5/42	72
F5	Fell	1/1	1,3
F6	Fellsmörk	0/9	15,3
F7	Fellsmörk /Króklækur	5/23	39
F8	Eystra Skaganes	0/7	5,5
F9	Garðakot/Rauðhólar	0/2	5,5
F10	Norður-Garður 3. Fjórar lóðir, hámarks byggingarmagn á lóð allt að 120m <sup>2</sup> á tveimur hæðum með mænishæð allt að 6m skv. deiliskipulagi.	0/4	5
F11	Þórisholt	0/4	3
F12	Reynisholt 1	0/4	6
F13	Reynisdalur	6/7	1
F14	Reynisbrekka	0/10	6,5
<i>Samtals:</i>		<b>21/132</b>	<b>171,6</b>



#### 4.3 OPIN SVÆÐI OG ÍþRÓTTIR

Landnotkunarflokkar eru opin svæði (OP) og íþróttasvæði (Íþ).

Í Vík er alltaf stutt í náttúruna og fjölbreytt opin svæði og íþróttasvæði fléttast inn í byggðina. Opnum svæðum í þéttbýlinu má skipta í þrennt, þ.e. í almenn opin útvistarsvæði þar sem áhersla er lögð á góða stíga og útvist fyrir alla, bæjargarða og -torg þar sem lögð er áhersla á ákveðna sérstöðu og svo hverfissvæði með leik- og dvalarsvæðum. Það síðast talda er yfirleitt hluti af íbúðarhverfi og þjónar þeim sérstaklega. Þá eru einnig fjölbreytt íþróttasvæði í Vík.

##### Almenn ákvæði

Að allt skipulag taki tillit til og hvetji til útvistar, íþróttu- og tómstundastarfs allra aldurshópa, með góðu aðgengi fyrir alla og fjölbreyttu úrvali þannig að allir íbúar geti stundað hreyfingu við sitt hæfi.

- Að uppbygging í samfélagini taki mið af ávinnungi útvistar og íþróttu m.t.t. lýðheilsu og umhverfis, s.s. vegna uppeldis- og forvarnargildis og aukinnar umhverfisvitundar.
- Að nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt á sjálfbæran hátt til útvistar og tengsl íbúa við náttúru og umhverfi verði efla, t.d. með bættu aðgengi að fjörum til útvistar og merkingu göngu- og fjallahjólaleiða í fallegri náttúru umhverfis Vík og í Mýrdalshreppi.
- Skógrækt verði efla til útvistar og skjóls í nálægð við þéttbýli. Skilgreint verði að nýju skógræktarsvæðið fyrir ofan Vík, í suður- og norður-Víkurgerðum.
- Göngu- og hjólaleiðir í og úr hverfum, til og frá skóla og tómstundasvæðum barna verði skilgreindar og settar í forgang sem öruggar leiðir til að hjóla og ganga.
- Markvisst verði unnið að uppbyggingu göngu- og heilsustíga í þéttbýli og göngustígar tengdir útvistarsvæðum í bænum. Setbekkir verði með hæfilegu millibili svo fótunir geti hvílst.
- Skipulag nýrra svæða geri ráð fyrir opnum svæðum, sem nýst geta á fjölbreyttan hátt. Fjölbreyttur gróður verði notaður til skjólmyndunar og fegrunar.
- Heimilt er að reisa lítil mannvirkni í tengslum við þjónustu við opin svæði, enda skerði það hvorki gæði né notkun svæðisins.
- Núverandi hesthúsasvæði vestast og austast í þorpini eru víkjandi og verða leyfi eingöngu veitt til nauðsynlegs viðhalds núverandi mannvirkja. Gert er ráð fyrir nýju hesthúsasvæði við Víkurklett.

##### Almenn opin útvistarsvæði:

Svæði sem umlykja byggðarkjarna og mynda samfellt útvistarsvæði þar sem áhersla er lögð á fjölbreytt gróðurfar, fjölbreyta útvistarmöguleika, skjól og stíga í bland við ósnortna náttúru ofan byggðar. Heimilt er að reisa mannvirkni og byggingar allt að 100 m<sup>2</sup>, sem tengjast útvist, nema annað sé tekið fram í skilmálum fyrir viðkomandi reit. Áhersla er lögð á að öll mannvirkni séu vönduð og falli vel að umhverfinu.

##### Bæjargarðar og -torg:

Svæði þar sem gert er ráð fyrir fjölbreyttri útvistariðkun, afþreyingu, samkomum, hátíðarhöldum, fræðslu og leik.

##### Leik- og hverfissvæði:

Svæði sem taka til leiksvæða, dvalarsvæða eða smærri almenningssgarða og eru ekki skilgreind sérstaklega í aðalskipulagi. Mikilvægt er að slík svæði séu jafnan í hæfilegri göngufjarlægð frá aðliggjandi íbúðarbyggð með góðum og öruggum stígatengingum. Æskileg fjarlægð frá jaðri íbúðarbyggðar að hverfissvæði er um 150-250m og æskileg stærð þeirra er á bilinu 1.000-2.000m<sup>2</sup>. Í nýjum hverfum skal gera ráð fyrir slíkum svæðum og staðsetning og útfærsla ákvarðist í deiliskipulagi. Mikilvægt er að slíkum svæðum sé fylgt eftir í deiliskipulagi og almenna reglan sú að betra sé að hafa þau fleiri en færri.



- Stefnt skal að færslu hluta golfvallar í hag byggðar.
- Stefnt skal að færslu hluta tjaldsvæðis í hag byggðar.

#### 4.3.1 Opin svæði (OP)

*Svæði fyrir útvist, aðallega í tengslum við péttbýli, með aðstöðu sem almennri útvist tilheyrir, svo sem stígum og áningarástöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útvistar.*

Tafla 3. Opin svæði.

Nr.	Heiti	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
OP1	Víkurfjara	Miningarreitur, áningarástaður og almennt útvistarsvæði ásamt sandföngurum.	109
OP2	Lystigarður - Guðlaugsblettur	Göngustígar, minnisvarði, bekkir, skilti.	0,4
OP3	Útvistarsvæði niður með Víkurá	Útvistarsvæði við Víkurá.	5,5
OP4	Útvistarsvæði neðan við Víkurkirkju	Göngustígar, bekkir, skilti.	3,8
OP5	Útvistarsvæði ofan við Víkurkirkju	Göngustígar, bekkir, skilti.	1,8
OP6	Útvistarsvæði upp með Víkurá og ofan byggðar.	Svæði til almennrar útvistar. Göngustígar, bekkir, skilti.	125
OP7	Austurhlíðar Reynisfjalls	Göngustígar, bekkir, skilti.	42
OP8	Austan golfvallar	Opið svæði til almennrar útvistar.	20
<i>Samtals:</i>			<b>307,5</b>

#### 4.3.2 Íþróttasvæði (Íþ)

*Svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar og svæði.*

Tafla 4. Íþróttasvæði.

Nr.	Heiti	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
<b>péttbýli</b>			
Íþ1	Hesthúsasvæði sunnan Austurvegar.	Núverandi hesthúsasvæði sunnan Austurvegar í Vík er víkjandi og verður leyfi eingöngu veitt til nauðsynlegs viðhalds núverandi mannvirkja.	2,2
Íþ2	Hesthúsasvæði norðan Austurvegar. Framtíðarsvæði fyrir hesthús, reiðhöll og skeiðvöll.	Nýtt hesthúsasvæði við Víkurklett. Núverandi hesthúsasvæði vestast í þorpinu (ekki sýnt á upprætti) og sunnan Autsurvegar (Íþ1) eru víkjandi og verða leyfi eingöngu veitt til nauðsynlegs viðhalds núverandi mannvirkja þar. Íþ2 er ætlað að taka við starfsemi þeirra. Hámarks byggingarmagn 3500 m <sup>2</sup> .	9,6



Íþ3	Golfvöllurinn í Vík	Hluti golfvallar er víkjandi fyrir stækkun þéttbýlisins. Veitingasala er heimil í golfskála. Hámarks byggingarmagn 100 m <sup>2</sup> .	32,7
Íþ4	Mótorkrossbraut	Í ofanverðu Norður-Víkur túni. Brautin hefur verið tekin í notkun.	5
<b>Dreifbýli</b>			
Íþ5	Skotsvæði á Mýrdalssandi	Svæði fyrir æfingar skotveiðifélags Víkur. Hámarks byggingarmagn 50 m <sup>2</sup> .	3
Íþ6	Endurobraut á Mýrdalssandi	Endurobraut við Miðkvísl. Brautin hefur verið tekin í notkun.	40
Íþ7	Hafursey	Akstursíþróttasvæði við Hafursey sem er innan efnistökusvæðis. Hefur ekki verið tekið í notkun.	2,9
<i>Samtals:</i>			<b>95,4</b>

#### 4.4 SAMFÉLAGSPJÓNUSTA (S)

*Svæði fyrir stofnanir og fyrtækni sem, óháð eignaraðild, veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.*

Landnotkunarflokkar eru svæði fyrir samfélagsþjónustu (S) og kirkjugarðar og grafreitir (K).

Íbúar í Mýrdalshreppi hafa almennt ágætt aðgengi að opinberri þjónustu, og má nálgast fjölbreytta þjónustu í Vík. Þar er heilsugæsla, hjúkrunar- og dvalarheimili fyrir aldraða, grunn- og leikskóli, tónskóli, bókasafn, sundlaug og íþróttahús. Önnur þjónusta er að mestu sótt til höfuðborgarsvæðisins en einnig nágrannasveitarfélaga.

Sérstakar aðstæður hvers svæðis geta varðað samfélag, menningu og náttúrufar og vegið þungt í lífsgæðum íbúa ekki síður en möguleiki til atvinnusköpunar. Á Íslandi sýna kannanir að íbúar á landsbyggðinni meta mikils þætti eins og öruggt, barnvænt umhverfi og samfélag, kyrrð og ró, stuttar vegalengdir t.d. milli heimilis, skóla og vinnu, samstöðu og samkennd meðal íbúa og samfélag sem býður upp á mikla þátttöku og virkni hvers og eins. Þessar aðstæður auka sjálfrælast og ánægju íbúa með eigið samfélag og verða þar með mikilvægir þættir í byggðastefnu. Jákvaðt viðhorf íbúa til eigin samfélags er mikilvæg undirstaða uppbyggingar. Til þess að Mýrdalshreppur viðhaldi íbúafjölda og laði nýja íbúa til sveitarfélagsins þarf góða þjónustu í víðum skilningi. Öll grunnþjónusta s.s. grunnskóli, leikskóli, tónskóli, heilbrigðisþjónusta og þjónusta við aldraða þarf að vera til staðar og standast kröfur nútímans. Aðgengi þarf að vera að fjölbreyttum tómstundum og margvíslegrí menningu.

##### Almenn ákvæði:

- Stjórnsýsla og grunnþjónusta verði efld með frekara samstarfi við nágrannasveitarfélög.
- Almennt skal miða við að nýtingarhlutfall á lóðum þjónustustofnana sé um 0,5- 1.
- Opinberar stofnanir skulu vera aðgengilegar öllum og gera skal ráð fyrir hjólastæðum við opinberar byggingar.



- Við breytingar og/eða nýbyggingar innan gróinnar byggðar skal taka mið af þeirri götumynd sem fyrir er og ákvæðum um húsafríðun þar sem það á við, sjá kafla 4.5 um verndarsvæði í byggð.
- Gólfkóti bygginga í þéttbýlinu skal að lágmarki vera 4,7 m y.s í ISN93.

Tafla 5. Samfélagsþjónusta.

Nr.	Pjónustustofnanir	Lýsing svæðis	Stærð (ha)
<b>Þéttbýli</b>			
S1	Mennta- og heilsusvæði: Víkurkóli, Mánaland, Tónskóli og íþróttasvæði Mýrdalshrepps	Grunn- og leikskóli auk tónlistarskóla. Ekki fullbyggð lóð.	4,9
S2	Svæði fyrir heilsugæslu og dvalarheimili aldraða	Heilsugæsla, Hjallatún, íbúðir fyrir aldraða o.fl.	1
S3	Lóð Víkurkirkju	Kirkjan stendur í miklu opnu rými og er einkennandi fyrir Vík ásamt náttúrumyndunum.	0,4
S4	Reitur fyrir miðstöð stjórnsýslu, stofnanir og opinbera þjónustu og óbyggð lóð fyrir hjúkrunarheimili.	Sýslumannsembætti og opinberar skrifstofur. Hjúkrunarheimili.	0,6
S5	Lóð félagsheimilis Leikskála	Lóð félagsheimilis við Víkurbraut.	0,1
<b>Dreifbýli</b>			
S9	Skeiðflatarkirkja	Ásamt kirkjugarði (K3)	0,2
S10	Reyniskirkja og Félagsheimilið Eyrarlandi	Ásamt kirkjugarði (K5)	0,3
S11	Sólheimakapella	Ásamt kirkjugarði (K2)	0,1
<i>Samtals:</i>			<b>7,6</b>

#### 4.4.1 Skólar

Markmið sveitarfélagsins er að starfrækja skóla sem standast ítrstu gæðakröfur þar sem allir leggjast á eitt um að stuðla að fjölbreyttu, skapandi og metnaðarfullu skólastarfi, með vellíðan barna og starfsfólks í fyrirrúmi. Áhersla er lögð á framúrskarandi starfsaðstæður, kurteisi, gagnkvæma virðingu, jafnrétti og mannréttindi, samvinnu og lýðræðislega starfshætti. Fjöldi nemenda er um 60-70 í grunnskóla Mýrdalshrepps á hverjum tíma og um 20-30 í leikskólanum.

#### Almenn ákvæði

- Skólastarf verði styrkt, sem einn af grundvallarþáttum þess að skapa og styðja við búsetuvænt samfélag. Skólastefna Mýrdalshrepps verði tekin til endurskoðunar sem fyrst til framþróunar fyrir skólastarfið í heild sinni, og unnið eftir henni í framhaldinu.
- Fjölbreytni í skólastarfi verði aukin með samstarfi við nágrannasveitarfélög. Áhersla verði lögð á aukna möguleika á fjarnámi, starfsnámi sem og framhalds- og háskólanámi. Allir skulu hafi jafna möguleika til frístunda og náms.
- Víkurkóli er heilsueflandi skóli og vinnur í anda uppbyggingarstefnunnar *Uppeldi til ábyrgðar*. Víkurkóli er jafnframt einn af jarðvangsskólum Kötlu jarðvangs.



- Hugað verði sérstaklega að andlegri heilsu skólabarna og aðgengi að sálfræðiþjónustu tryggt.
- Áhersla verði lögð á góð samskipti og stuðlað að fyrirmynadar skólabrag. Hugað verði sérstaklega að því að nemendur af ólíkum uppruna samlagist vel og skapi gróskumíkið skólalíf.
- Allir nemendur fái grunnkennnslu í táknmáli.
- Stutt verði við tónlistarmenntun.
- Ávallt verði nægur fjöldi leikskólaplássa í sveitarféluginu.
- Samstarf skóla og foreldra verði efti og tengsl þeirra við samfélagið styrkt, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.
- Samstarf sé gott á milli skólastiga og einnig stuðlað að samstarfi við eldri borgara.
- Aðgengi fyrir alla að leik- og grunnskóla sé tryggt.
- Umhverfi skóla verði heilsusamlegt og hvetji til hollrar hreyfingar og efli þroska allra nemenda, enda er Mýrdalshreppur heilsueflandi samfélag.
- Áhersla verði lögð á virðingu fyrir umhverfinu og að nemendur læri að meta þau verðmæti sem felast í óspilltri náttúru. Lögð verði sérstök áhersla á að tengja námið nánasta umhverfi, að nýta nálægð við náttúruna og tækifæri sem gefast til útikennslu á Syngjanda. Skólalóð og náttúrulegt umhverfi verði hluti af kennsluumhverfinu og þörfum nemenda verði mætt í samræmi við þroskastig þeirra. Stuðlað skal að fjölbreytileika á skólalóð ásamt öruggum tengingum við stígakerfi, önnur útvistarsvæði og ósnortna náttúru.
- Öll börn fái notið uppvaxtarskilyrða sem stuðla að heilbrigði og þroska þeirra.

#### 4.4.2 Heilbrigðis- og félagsmál

##### Almenn ákvæði vegna heilbrigðis- og félagsmála

- Fullnægjandi rými fyrir samfélagsþjónustu, aukna starfsemi stofnana sem fyrir eru og nýja þjónustu verði tryggt.
- Aðgengi allra íbúa að heilbrigðis- og félagsþjónustu verði tryggt og starfsemi heilsugæslustöðvar í Mýrdalshreppi styrkt.
- Aðgengi að sálfræðiþjónustu í sveitarféluginu verði tryggt.
- Starfsemi dvalar- og hjúkrunarheimilis í Vík verði efld og húsakostur verði til fyrirmynadar.
- Mikilvægt er að eldri borgarar í sveitarféluginu geti valið dvalarúrræði í samræmi við þarfir og að þeir njóti persónulegs svigrúms og einkalífs ævina á enda. Þjónusta Mýrdalshrepps við aldraða miði að því að eldri borgarar geti búið sem lengst heima með viðeigandi stuðningi. Dvalarúrræði fyrir eldri borgara verði bætt, m.a. með dagvistun og byggingu þjónustuíbúða. Framboð minni íbúða verði tryggt svo eldri borgarar hafi færni að minnka við sig ef þeir óska þess.
- Lýðheilsa verði efld í sveitarféluginu og að því sé fylgt eftir í allri stefnumörkun og skipulagi.
- Ávallt skal hugað að aðgengi fyrir alla við hönnun opinberra bygginga og útisvæða.
- Fólk með fötlun skulu tryggð sambærileg lífskjör og jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna. Fötluðu fólk verði sköpuð góð lífsskilyrði sem miða við getu hvers og eins.

#### 4.4.3 Menningarmál

##### Almenn ákvæði



- Menningarstefna fyrir Mýrdalshrepp verði unnin með áherslu á fjölmenningu og Mýrdalshreppur verði menningareflandi samfélag fyrir alla.
- Staðinn verði vörður um þá menningarstarfsemi sem fyrir er á svæðinu og hlúð að nýjum hugmyndum.
- Gamlar/friðlýstar byggingar með sögulegt gildi verði nýttar fyrir menningarlifið og staðinn vörður um þau verðmæti sem í þeim felast.
- Unnið verði markvisst að varðveislu og uppbyggingu verndarsvæðis í byggð.
- Hverfisvernd verði beitt til að vernda sögulega byggð í þéttbýli og dreifbýli, sjá kafla 4.5 um hverfisvernd og verndarsvæði í byggð.
- Gætt verði að ástandi og hlutverki samkomuhúsa í sveitarfélagini s.s. félagsheimilum sem eru mikilvæg í sögu og menningarlifi.
- Staðinn verði vörður um viðburði í sveitarfélagini sem eru mikilvægir vegna menningar og sögu sem og ferðaþjónustu.

#### 4.4.4 Kirkjur, kirkjugarðar og grafreitir (K)

*Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti. Trúarstofnanir falla undir landnotkunarflokkinn samfélagsþjónusta en svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti eru skilgreind sem slik á uppdrætti.*

#### Almenn ákvæði

- Kirkjur verði varðveittar sem menningar- og þjónustuhús.
- Kirkjur og kirkjugarða verði varðveitt sem menningarminjar.
- Kirkjur geti áfram gegnt mikilvægu hlutverki sem menningar- og þjónustuhús þótt þær leggist af sem sóknarkirkjur og að útlit þeirra, kirkjugarða og nánasta umhverfis, verði verndað, þar sem það á við.
- Við endurbætur og hugsanlegar stækkanir á kirkjugörðum skal þess gætt að þær verði í samræmi við aldur og stíl kirkjunnar og að sérkenni svæðisins haldi sér.
- Huga skal að aðgengi fyrir alla að kirkjum og kirkjugörðum.
- Aðkoma að kirkjugörðum sem enn eru í notkun verði bætt og þess gætt að endurbætur verði í samræmi við önnur ákvæði, s.s. vegna verndunarákvæða.

Tafla 6. Kirkjugarðar og grafreitir.

Nr.	Kirkjugarðar og grafreitir	Stærð (ha)
<b>Þéttbýli</b>		
K1	Víkurkirkjugarður Mýrdal	0,4
<b>Dreifbýli</b>		
K2	Sólheimakapellukirkjugarður	0,1
K3	Skeiðarflatarkirkjugarður	0,2
K4	Reyniskirkjugarður	0,3
K5	Kirkjugarður í Höfðabrekku	0,6
<b>Samtals:</b>		<b>1,6</b>




#### 4.4.5 Brunavarnir

Slökkvilið Mýrdalshrepps hefur aðsetur í Vík. Í gildi er brunavarnaáætlun 2018-2022 sem er uppfærð á fjögra ára fresti og er m.a. aðgengilega á heimsíðu Mýrdalshrepps. Hlutverk slökkviliðsins er fjölbreytt, meðal annars vatnsöflun og slökkvistörf, reykköfun, viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun, björgun fólks úr bíflökum, eldvarnareftirlit og önnur þjónusta, s.s dælingar, fræðsla og þjónusta við önnur brunavarnasvæði.

Almenn ákvæði

- Fjöldi slökkviliðsfólks, geta þeirra og menntun og tækjakostur slökkviliðsins sé fullnægjandi.
  - Tryggt sé að ávallt sé nægt slökkvivatn aðgengilegt.
  - Stefnt skal að því að koma slökkviliðinu í fullnægjandi húsnæði sem uppfyllir þarfir slökkviliðsins.
  - Samstarf og samskipti við slökkvilið í nærliggjandi sveitarfélögum skal tryggt.
  - Ávallt sé í gildi viðbragðsáætlun vegna gróður- og kjarrelدا.
  - Landeigendur/félög sumarhúsa eigenda skulu vinna viðbragðsáætlanir fyrir núverandi frístundasvæði í samráði við slökkviliðsstjóra Mýrdalshrepps.

## 4.5 VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ



*Mynd 18. Kort sem sýnir afmörkun verndarsvæðis í byggð og nærsvæðis.*

Í febrúar 2020 samþykkti mennta- og menningarmálaráðherra tillögu að verndarsvæði í byggð í vesturhluta Víkur í Mýrdal, skv. lögum nr. 87/2015, en Landmótun vann að gerð tillögunnar fyrir hönd Mýrdalshrepps. Verndarsvæði í byggð er afmarkað svæði í þéttbýli sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt ákvörðun mennta- og menningarmálaráðherra. Svæðið nær frá Víkurbraut 16 í austri og tekur til húsa norðan Víkurbrautar til og með bátaskýlisins við Víkurbraut 40a, auk húsa númer 21 (Halldórsbúð), 21a, 17 (Skaftfellingabúð), 19, 11 og 11a, sem eru sunnan Víkurbrautar. Innan þessarar afmörkunar eru verslunar- og íbúðarhús frá upphafi fjölbýlismyndunar í Vík og fram til ársins 1918, auk nokkurra yngri bygginga.

Markmiðið með að gera vesturhluta Víkurþorps að verndarsvæði í byggð er að vernda svipmót byggðarinnar og gera sögulegu mikilvægi svæðisins hátt undir höfði. Með skilgreiningu verndarsvæðis í byggð er mörkuð stefna um verndun, viðhald og þróun elsta hluta Víkurþorps sem getur m.a. þjónað sem aðráttarafl fyrir ferðamenn ef vel er að verki staðið. Í greinargerð um



verndarsvæði í byggð í vesturhluta Víkur í Mýrdal<sup>15</sup> er að finna skilmála sem mynda ramma um framtíðarþróun og uppbyggingu innan svæðisins, með það fyrir augum að standa vörð um menningarsöguleg verðmæti sem þar liggja. Við ákvarðanir um uppbyggingu á svæðinu skal líta til skilmála í staðfestri stefnu um Verndarsvæði í byggð sem var staðfest af mennta- og menningarmálaráðherra árið 2020. Þar er að finna almenna skilmála fyrir svæðið í heild er lúta að að verndun húsa, byggðarmynsturs og yfirbragðs á verndarsvæðinu, og sérskilmála fyrir einstaka hús innan svæðisins. Verndarsvæði í byggð og nærsvæði þess nýtur hverfisverndar.

---

<sup>15</sup> [Verndarsv\\_tillaga230518\\_Vik.pdf](#) (minjastofnun.is)



**STEFNUMÖRKUN**

# ATVINNULÍF



## 5 ATVINNULÍF

### Leiðarljós

Fjölbreytt atvinnulíf er grunnundirstaða samfélagsins og nauðsynleg til að auka seiglu og gera samfélagið betur í stakk búið til að takast á við sveiflur og áföll í einstaka greinum atvinnulífsins.

Landbúnaður er og verður ein af undirstöðuatvinnugreinum í sveitarfélagini. Hvatt verði til aukinnar fjölbreytni og nýsköpunar innan greinarinnar og bændum gert kleift að skjóta fleiri stoðum undir rekstur á búum sínum. Ferðaþjónusta er önnur undirstöðuatvinnugrein sem er í vexti og skapar mörg störf.

Mikilvægt er að skapa skilyrði fyrir vöxt fjölbreyttra atvinnugreina í sveitarfélagini, með áherslu á nýsköpun og sjálfbærni. Með aðlaðandi samfélagi, búsetukostum og aðstöðu getur sveitarfélagið laðað til sín fólk sem gegnir fjölbreyttum störfum án staðsetningar

*Framkvæmdir skulu falla vel að svípmóti og einkennum lands eins og kostur er.*

Grundvöllur samfélagsins er heilbrigrt og öflugt atvinnulíf sem byggir á mannuði og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Öflugt atvinnulíf og fjölbreytt framboð starfa er forsenda blómlegrar byggðar og aukinna lífsgæða íbúa sveitarfélagsins. Í Mýrdalshreppi er einn þéttbýlisstaður, Vík í Mýrdal, sem er miðstöð verslunar og þjónustu í sveitarfélagini. Mýrdalshreppur byggði afkomu sína lengi vel á landbúnaði, iðnaði, verslun og þjónustu. Á undanförnum árum hafa nokkur umskipti orðið í atvinnulífi sveitarfélagsins, með mikilli fjölgun ferðamanna og uppybyggingu þjónustu fyrir þá. Fjölmörg atvinnutækifæri hafa orðið til í tengslum við þessa uppybyggingu og skýrir það að stórum hluta þá fólksfjölgun sem orðið hefur í sveitarfélagini. Ferðamenn munu halda áfram að heimsækja landið og þjónustu við þá verður áfram veigamikil atvinnugrein í Mýrdalshreppi. Þó er mikilvægt að huga að fjölbreytni í atvinnulífi sveitarfélagsins, að það byggi á fleiri stoðum til að tryggja jafnvægi, öryggi og seiglu. Einhæfni í atvinnulífinu skapar ógn við stöðugleika og atvinnuöryggi og er mikilvægt að hvetja til aukinnar fjölbreytni og nýsköpunar í atvinnulífi sveitarfélagsins. Eins og kom í ljós í heimsfaraldri er sveitarfélagið og afkoma íbúa mjög háð ferðaþjónustu og er mikilvægt að fylga störfum í öðrum atvinnugreinum. Einnig ber að stefna markvisst að því að efla samstarf milli greina eftir því sem við á, og skapa tækifæri og vettvang fyrir framþróun innan einstakra greina. Aukin nýsköpun í atvinnulífi er mikilvægur þáttur í framþróun samfélagsins og mun Mýrdalshreppur leggja áherslu á að taka þátt í uppybyggingu og að skapa frjótt umhverfi fyrir skapandi samfélag, fjölbreytt störf og nýsköpun.

Bess skal gætt að atvinnustarfsemi í íbúðarbyggð valdi sem minnstum óþægindum vegna bílaumferðar, hávaða, ljósanotkunar eða annars ónæðis og að öruggar og greiðar göngu- og hjólateiðir séu að skólum og annarri nærbjónustu. Meta þarf áhrif nýrra starfa á húsnæðisþörf í sveitarfélagini og gera grein fyrir hvernig henni verði mætt þegar áform eru um atvinnuuppybyggingu.

Landnotkunarflokkar: Miðsvæði, verslun og þjónusta, afþreyingar- og ferðamannasvæði, landbúnaðarsvæði, skógræktar- og landgræðslusvæði, athafnasvæði, iðnaðarsvæði og efnistöku- og efnislosunarsvæði.



## 5.1 MIÐSVÆÐI (M)

*Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótel, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.*

Í Vík eru skilgreind sex miðsvæði. Á miðsvæðum má finna fjölbreytta þjónustu fyrir íbúa Víkur og sveitarfélagsins alls auk þjónustu fyrir þá fjölmörgu gesti sem eiga leið um þorpið.

### Almenn ákvæði:

- Áhersla verði lögð á að innan miðsvæða þrífst fjölbreytt starfsemi sem eflir líf og tengingu við íbúðarbyggð með öruggu flæði ólíkra umferðarmáta.
- Á miðsvæðum sé ásýnd og frágangur til fyrirmynnar og lögð áhersla á umhverfisleg gæði í hönnun og góðar og öruggar tengingar við önnur svæði. Aðgengi fyrir alla skal haft að leiðarljósi, og vistvænum samgöngumátum gert hátt undir höfði og öryggi þeirra sett í forgang.
- Vesturhluti þorpsins, elsti hluti Víkur M1, verði hjarta bæjarins þar sem haldið verður í gamlan byggingarstíl og lögð áhersla á árstíðabundna notkunar möguleika svæðisins.
- Settar eru takmarkanir á fjölda og stærð nýrra veitingastaða með það að markmiði að standa vörð um það fingerða byggðamynstur og þjónustu sem þegar finnst í Vík.
- Gera skal grein fyrir nýjum veitingastöðum og þjónustumiðstöðvum og meta skal þörf fyrir þjónustuna og áhrif hennar á þá þjónustu sem þegar er í boði í þorpinu.
- Almennt verði nýir veitingastaðir á miðsvæðum ekki stærri en  $200\text{ m}^2$  (brúttó). Gera skal grein fyrir nýjum veitingastöðum og þjónustumiðstöðvum sem eru stærri en  $200\text{ m}^2$  (brúttó) í deiliskipulagi og skal meta þörf fyrir þjónustuna og áhrif hennar á þá þjónustu sem þegar er í boði í þorpinu.
- Byggingar verði að hámarki 2 hæðir með 7 m mænishæð og skulu byggðar á steyptum grunni með steyptri botnplötu.
- Gólfkóti bygginga í þéttbýlinu skal að lágmarki vera 4,7 m y.s í ISN93.



Tafla 7. Miðsvæði.

Nr.	Staður/nafn	Lýsing & Skilmálar	Fjöldi gistiúma:	Stærð (ha)
M1	Vesturhluti Víkur	Miðsvæði í elsta hluta þorpsins, hjarta bæjarins með fjölbreytta verslun og þjónustu og mörg eldri hús. Hluti Víkurbrautar sé vistgata og lögð áhersla á árstíðabundna notkunarmöguleika svæðisins. Byggt verði upp samkvæmt skilmálum verndarsvæðis í byggð. Hluti reitsins var áður skilgreindur athafnasvæði og er sú starfsemi víkjandi á reitnum fyrir miðbæjarstarfsemi. Gera skal ráð fyrir bæjartorgi fyrir framan Brydebúð sem nýtist á fjölbreyttan hátt eftir árstíðum. Leggja skal áherslu á aðgengi fyrir alla og vistlegt umhverfi með gróðri, lýsingu og götugögnum. Þetta verði nánar útfært í deiliskipulagi. Íbúðir heimilar. Hámarks byggingarmagn er 9000 m <sup>2</sup> .	103	3
M2	Norður-Vík	Gistiheimili, farfuglaheimili og hostel. Íbúðir heimilar. Hámarks byggingarmagn er 1800 m <sup>2</sup> .	46	0,6
M3	Suðurvíkurvegur 1	Verslun og þjónusta, veitingahús og önnur þjónusta svo sem starfsmannaíbúðir. Hámarks byggingarmagn er 900 m <sup>2</sup> .	0	0,3
M4	Hátún 6-8	Gistihús. Íbúðir heimilar. Hámarks byggingarmagn er 600 m <sup>2</sup> .	12	0,2
M5	Austurvegur 17	Svæði fyrir ýmsa atvinnustarfsemi, stofnanir, verslun og þjónustu. Íbúðir heimilar. Hámarks byggingarmagn er 600 m <sup>2</sup> .	0	0,2
M6	Sléttuvegur 2-8	Á lóðunum skal einkum gera ráð fyrir blandaðri starfsemi verslunar, þjónustu og menningar, s.s. verslun, veitingum í flokki I-II, gistiheimilum í flokki II-IV, o.flr. Íbúðir heimilar. Hámarks byggingarmagn er 4500 m <sup>2</sup> .	150	1,5
M7	Sléttuvegur 10 og Austurvegur 15	Gert ráð fyrir blandaðri starfsemi þar sem tengist ferðaþjónustu svo sem starfsmannaíbúðir. Hámarks byggingarmagn er 1500 m <sup>2</sup> .	0	0,5
<i>Samtals</i>				<b>311</b>
				<b>6,3</b>



## 5.2 VERSLUN OG ÞJÓNUSTA (Vþ)

*Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.*

Vík hefur lengi verið verslunar- og þjónustukjarni fyrir nársveitir en skilgreind verslunar- og þjónustusvæði eru um allt sveitarfélag, enda um mjög fjölbreytta atvinnustarfsemi að ræða (sjá, töflu Tafla 8). Fjölmörg verslunar- og þjónustusvæði hafa bæst við á liðnum árum og mun þeim áfram fjölga með vexti og uppbyggingu ferðaþjónustu í sveitarfélagini.

### Almenn ákvæði

- Áhersla skal lögð á hagkvæma nýtingu lóða og vandaða ásýnd bygginga og lóðafrágang. Nánari ákvæði um vandaða hönnun bygginga, lóðaskipulag og fyrirkomulag bílastæða verði sett í deiliskipulagi með það markmið að stuðla að góðri ásýnd og greiðri aðkomu.
- Öruggt og gott aðgengi allra að starfsemi verslunar- og þjónustusvæða verði tryggt og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar.
- Fjölbreytt framboð þjónustu á verslunar- og þjónustusvæðum í Vík skal tryggt og komið í veg fyrir einsleitni í þjónustuframboði.
- Settar eru takmarkanir á fjölda og stærð nýrra veitingastaða í Vík með það að markmiði að standa vörð um það fíngerða byggðamynstur og þjónustu sem þegar finnst í þéttbýlinu.
- Almennt verði nýir veitingastaðir á verslunar- og þjónustusvæðum ekki stærri en 200 m<sup>2</sup> (brúttó). Gera skal grein fyrir nýjum veitingastöðum og þjónustumiðstöðvum í deiliskipulagi og skal meta þörf fyrir þjónustuna og áhrif hennar á þá þjónustu sem þegar er í boði í þéttbýlinu.
- Á veitingastöðum í þéttbýli þarf að gera ráð fyrir 1 bílastæði á hverja þrjá gesti skv. gildandi rekstrarleyfi.
- Á gististöðum í þéttbýli með 20 eða færri gistirými skal að lágmarki vera 1 bílastæði fyrir hvert gistirými.
- Á gististöðum í þéttbýli með fleiri en 20 gistirými skal að lágmarki vera 0,8 bílastæði fyrir hvert gistirými og eitt rútustæði fyrir hver 20 gistirými.
- Fyrir hverja 35 m<sup>2</sup> verslunar skal að lágmarki gera ráð fyrir einu bílastæði í þéttbýli.
- Byggingar verði að hámarki 2 hæðir og mænishæð að hámarki 7 m og skulu byggðar á steyptum grunni með steyptri botnplötu.
- Gólfkóti bygginga í þéttbýlinu skal að lágmarki vera 4,7 m y.s. í ISN93.
- Íbúðir eru ekki heimilar á verslunar- og þjónustusvæðum í þéttbýli.

Tafla 8. Verslunar- og þjónustusvæði.

Nr.	Heiti	Skilmálar	Fjöldi gistirúma:	Stærð (ha)
<b>Þéttbýli</b>				
Vþ1	Sunnubraut 15	Verslun og þjónusta innan reitsins er m.a. veitingastaður, brugghús. Reiturinn er fullbyggður en leyfilegar eru breytingar á byggingum og minniháttar viðbætur. Hámarks byggingarmagn er 1800 m <sup>2</sup> .	0	0,5



Vþ2	Víkurbraut 5	Verslun og þjónusta. Innan reitsins er veitingastaður og ferðapjónusta. Hámarks byggingarmagn er 800 m <sup>2</sup> .	0	0,3
Vþ3	Mýrarbraut 13	Gisti- og veitingapjónusta við Mýrarbraut 13. Innan reitsins er gistihaus. Hámarks byggingarmagn er 650 m <sup>2</sup> .	60	0,2
Vþ4	Austurvegur 7	Gistiheimilið Ársalir, gisti- og veitingapjónusta, Austurvegi 7. Hámarks byggingarmagn er 500 m <sup>2</sup> .	18	0,7
Vþ5	Klettsvegur 1	Hótel Vík í Mýrdal, hótel og veitingar. Heimilt er að byggja hús á 2 hæðum. Hámarks byggingarmagn er 4000 m <sup>2</sup> .	200	1,9
Vþ6	Tjaldsvæðið og golfskáli Vík	Núverandi tjaldsvæðið og golfskáli í Vík. Ýmis þjónusta sem tengist rekstri tjaldsvæðis svo sem allt að 8 lítil gistihaus og þjónustuhús. Hámarks byggingarmagn 1800 m <sup>2</sup> . Í golfskála er þjónusta sem tengist rekstri golsvallar. Hámarks byggingarmagn í tengslum við golfvöll er 3000 m <sup>2</sup> .	40	9,1
Vþ7	Sléttuvegur 12-16	Hótel Kría, verslun og þjónusta. Núverandi hótel þar sem heimilt er að byggja hús á 2 hæðum. Hámarks byggingarmagn er 3200 m <sup>2</sup> .	150	1
Vþ8	Sléttuvegur 18-30	Gert ráð fyrir blandaðri starfsemi verslunar og þjónustu sem þjónustar m.a. íbúðabyggðina sem liggar að. Eldsneytissala ekki heimil. Óbyggt svæði og ekki deiliskipulag í gildi. Hámarks byggingarmagn er 8700 m <sup>2</sup> .	200	2,9
Vþ9	Sléttuvegur 32-42	Framtíðarsvæði fyrir blandaða starfsemi verslunar og þjónustu. Gert er ráð fyrir að svæðið byggist upp þegar önnur verslunar- og þjónustusvæði eru fullbyggð. Eldsneytissala ekki heimil. Hámarks byggingarmagn er 10.800 m <sup>2</sup> .	200	3,6
Vþ10	Austurvegur 16-20	Á lóðunum skal einkum gera ráð fyrir blandaðri starfsemi menningar, verslunar og þjónustu, s.s. verslunum, veitingum, eldsneytissölu o.fl. Innan lóðarinnar í dag er m.a. Víkurskáli og veitingastaðurinn Ströndin. Hámarks byggingarmagn er 8700 m <sup>2</sup> .	0	3,4
Vþ11	Smiðjuvegur 7	Gert ráð fyrir blandaðri starfsemi verslunar, þjónustu og menningar, s.s. verslun og veitingar, eldsneytissala o.fl. Óbyggður reitur. Hámarks byggingarmagn er 1200 m <sup>2</sup> .	0	0,4
Vþ12	Smiðjuvegur 6	Reitur fyrir verslun og þjónustu innan hans er reiðhöll með tengdri þjónustu. Hámarks byggingarmagn er 1800 m <sup>2</sup> .	0	0,6
Vþ13	Smiðjuvegur 11	Á lóðunum skal einkum gera ráð fyrir blandaðri starfsemi menningar, verslunar, og þjónustu, s.s. verslunum, veitingar, eldsneytissölu o.fl. en í dag er eldsneytissala þar. Hámarks byggingarmagn er 4700 m <sup>2</sup> .	0	0,4
<b>Dreifbýli</b>				
Vþ14	Ytri-Sólheimar 1a	Gisti- og ferðapjónusta á Ytri-Sólheimum. Hönnun mannvirkja skal taka mið af náttúru, landslagi og staðháttum til að lágmarka sjónræn áhrif. Landmótun skal vera í samræmi við aðliggjandi landslag. Hámarks mænishæð: 9 m. Mannvirki geta verið starfsmannahús, vélageymslur með viðgerðarverkstæði fyrir tækjakosti, aðstöðuhús	17	4,8



		fyrir viðskiptavini. Í samráði við sveitarstjórn skal græða land upp sem mótvægisáðgerð fyrir tapað landbúnaðarland. Hámarks byggingarmagn er 4700 m <sup>2</sup> .		
Vþ15	Sólheimahjáleiga	Gisti- og ferðaþjónusta. Á lóðunum er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi, m.a. ferðaþjónustu. Hámarks byggingarmagn 3400 m <sup>2</sup> .	80	4,2
Vþ16	Eystri-Sólheimar	Gisti- og ferðaþjónusta. Hámarks byggingarmagn 500 m <sup>2</sup> .	20	0,5
Vþ17	Péturshólar	Gisti- og ferðaþjónusta, vestan við Pétursey. Hámarks byggingarmagn 500 m <sup>2</sup> .	20	4,0
Vþ18	Pétursey II	Gisti- og ferðaþjónusta, austan við Pétursey. Hámarks byggingarmagn 1360 m <sup>2</sup> .	80	2,0
Vþ19	Vellir	Bændagisting, veitingastaður og hestaleiga. Hámarks byggingarmagn 600 m <sup>2</sup> .	35	3
Vþ20	Mið-Hvoll	Gisti- og ferðaþjónusta í smáhýsum. Hámarks byggingarmagn 600 m <sup>2</sup> .	50	1,5
Vþ21	Garðakot	Grand Guesthouse Garðakot þar sem eldra hús er nýtt fyrir gistingu. Hámarks byggingarmagn 500 m <sup>2</sup> .	20	0,5
Vþ22	Eystri Dyrhólar	Ferðaþjónusta að Eystri Dyrhólum. Hámarks byggingarmagn 500 m <sup>2</sup> .	0	0,5
Vþ23	Skeiðflót	Gisti- og ferðaþjónusta. Hámarks byggingarmagn 3900 m <sup>2</sup> á 1-2 hæðum. Hámarks fjöldi bygginga 20 hús. Tjaldsvæði að hámarki 4400 m <sup>2</sup> .	200	2,9
Vþ24	Hvammból	Gistihús og ferðaþjónusta í landi Hvammbóls. Hámarks byggingarmagn 600 m <sup>2</sup> .	32	2,9
Vþ25	Ketilsstaðir	Hótel Vulcano sem er starfrækt í húsnæði sem áður var Ketilsstaðaskóli. Hámarks byggingarmagn 600 m <sup>2</sup> .	30	0,5
Vþ26	Steig	Gisti- og ferðaþjónusta. Hámarks byggingarmagn 600 m <sup>2</sup> .	45	2,9
Vþ27	Brekkur og Ás	Hótel Brekkur og tengd starfsemi. Við hönnun á lýsingu skal þess gætt að ekki verði óþarfa ljósmengun, tryggja skal að útlýsing sé beitt niður og valdi síður glýju og næturþarma. Hámarks byggingarmagn 6400 m <sup>2</sup> .	300	2,8
Vþ28	Eystra - Skaganes	Gisti- og ferðaþjónusta, gistihús. Hámarks byggingarmagn 500 m <sup>2</sup> .	20	0,5
Vþ29	Skammidalur	Gisti- og ferðaþjónusta en þar er stafrækt gistihús. Hámarks byggingarmagn 600 m <sup>2</sup> .	100	1,0
Vþ30	Giljur	Gisti- og ferðaþjónusta í eldri húsum á jörðinni og í smáhýsum. Hámarks byggingarmagn 500 m <sup>2</sup> .	20	0,5
Vþ31	Norður Hvammur	Gisti- og ferðaþjónusta, gisting í smáhýsum. Hámarks byggingarmagn 500 m <sup>2</sup> .	20	0,5
Vþ32	Götur	Gisti- og ferðaþjónusta þar sem er gisting í smáhýsum og skeiðvöllur. Hámarks byggingarmagn 600 m <sup>2</sup> .	50	1,5
Vþ33	Norður Foss	Núverandi ferðaþjónusta þar sem gert er ráð fyrir umtalsverðri stækku.	300	12,9



		Framkvæmdin er tilkynningarskyld til skipulagsstofnunar þar sem hún kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum, sbr. viðauka við lög nr. 111/2021, gr. 12.04. Hámarks byggingarmagn 6400 m <sup>2</sup> .		
Vþ34	Reynir	Gisti- og ferðapjónusta. Gisting í smáhýsum og núverandi húsum. Hámarks byggingarmagn 3000 m <sup>2</sup> .	90	2,9
Vþ35	Þóriholt	Gisting og ferðapjónusta í landi Þórisstaða. Þar sem breyta á hluta af núverandi húsum í hótel en einnig byggja ný. Breyta á útihúsi í brugghús og samtengdu húsi í veitingastað. Hámarks byggingarmagn 3100 m <sup>2</sup> .	92	3,4
Vþ36	Presthús	Tjaldsvæði og 30 gistirúm í húsi. Hámarks byggingarmagn 500 m <sup>2</sup> .	30	2,9
Vþ37	Garðar og Reynisfjara	Veitingasala og þjónustubyggingar við Reynisfjöru og smáhýsi fyrir gistingu. Deiliskipulag í gildi. Hámarks byggingarmagn 500 m <sup>2</sup> .	20	5,0
Vþ38	Höfðabrekka	Á Höfðabrekku er Hótel Katla en hótelið er í dag hluti af Keahotels og býður upp gistingu, veitingastað, líkamsrækt og heitan pott. Hámarks byggingarmagn 6400 m <sup>2</sup> .	240	7,7
Vþ39	Þakgil	Þakgil er á Höfðabrekkuáfrétti á milli Mýrdalsjökuls og Mýrdalssands en þar er rekin gisting í smáhýsum og tjaldsvæði með þjónustuhúsum. Á svæðinu eru margar gönguleiðir. Hámarks byggingarmagn 600 m <sup>2</sup> .	36	2,9
Vþ40	Hafursey	Bílastæði, þjónustuhús og veitingasala. 1-3 hús. Hámarks byggingarmagn 200 m <sup>2</sup> .	0	2,9
Vþ41	Kerlingardalur	Gisti- og ferðapjónusta í eldra húsi á jörðinni og í smáhýsum. Hámarks byggingarmagn 500 m <sup>2</sup> .	30	2
<i>Samtals</i>			<b>2845</b>	<b>104,6 ha</b>

### 5.2.1 Ferðapjónusta

Mikil fjölgun ferðamanna hefur haft áhrif á þróun sveitarfélagsins undanfarinn áratug og má segja að ferðapjónusta hafi verið helsti drifkraftur vaxtar og fólksfjölgunar á þeim tíma. Hún hefur skilað miklu tekjum til samfélagsins og ýtir undir margvíslega gróska. Svo mikill vöxtur á stuttum tíma hefur einnig skapað áskoranir svo að á köflum hefur reynt á innviði samfélagsins og þolrif íbúa. Umfang ferðapjónustu í sveitarfélaginu kallar á skýra stefnu og framtíðarsýn er varðar þróun atvinnugreinarinnar og innviða samfélagsins er lúta að greininni. Eftirfarandi ákvæði eiga við um ferðapjónustu á verslunar- og þjónustusvæðum (Vþ) og afþreyingar- og ferðamannasvæðum (AF).

#### Almenn ákvæði

- Sjálfbær ferðapjónusta verði ein af meginstoðum í atvinnulífi sveitarfélagsins án þess að gengið verði á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins. Tekið sé mið af náttúrunni í öllum ákvörðunum er varða ferðapjónustu.
- Lögð verði áhersla á bætt aðgengi og öryggi á vinsælum ferðamannastöðum og áframhaldandi uppbyggingu innviða til þess að fyrirbyggja umhverfisrask á viðkvæmum svæðum.
- Samfélagsleg ábyrgð verði leiðarljós fyrirtækja í ferðapjónustu í sveitarfélaginu með áherslu á sátt milli íbúa, umhverfisins og ferðapjónustunnar.



- Unnið verði að ferðamálastefnu Mýrdalshrepps, með tilliti til þarfa ferðapjónustunnar og samfélagsins við uppbyggingu innviða og ákvarðana um þjónustu.
- Unnið verði markvisst með öðrum sveitarfélögum og aðilum í ferðapjónustu að uppbyggingu í takt við áfangastaðaáætlun Köllu jarðvangs.
- Lögð verði áhersla á vannýtt tækifær í ferðapjónustu s.s. með lengingu ferðamannatímabilsins og að hver ferðamaður dvelji lengur á svæðinu.
- Aðeins er heimilt að gista í hús- og ferðabílum á merktum tjaldsvæðum innan sveitarfélagsins.
- Aðilar og fyrirtæki með skráðan rekstur/lögheimili í sveitarféluginu gangi fyrir við úthlutun lóða og komið í veg fyrir söfnun rekstrarlóða á fárra hendur.
- Gólfkóti bygginga í þéttbýlinu skal að lágmarki vera 4,7 m y.s í ISN93.

### 5.3 AFPREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI (AF)

*Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálandi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.*

Í sveitarféluginu eru fjölmargir áhugaverðir staðir sem flokkast sem afþreyingar- og ferðamannastaðir en víða eru ýmis tækifæri til verðmætasköpunar fólgin í menningarminjum, sagnaarfleifð og náttúru. Staðirnir eru fjölbreytilegir, með mismunandi og mismikilli aðstöðu og hefur hver sína sérstöðu. Á þessum svæðum gert er ráð fyrir aðstöðu til að taka á móti ferðafólki án þess að ganga nærrí þolmörkum svæðanna. Um er að ræða mjög fjölbreytt svæði t.d. sem tengjast náttúruskoðun, útvist, menningu og sögu. Áfangastaðaáætlun Köllu jarðvangs var höfð til hliðsjónar og eru allir áfangastaðir hennar í Mýrdalshreppi skilgreindir á aðalskipulagi (ýmist sem verslunar- og þjónustusvæði eða afþreyingar- og ferðamannasvæði) nema einn og það er Eyjarhólar – Pétursey. Skilgreining áfangastaðanna í aðalskipulagi samræmist flokkun þeirra í rammaáætlun áfangastaðaáætlunar um afþreyingu og umhverfi.<sup>16</sup>

#### Almenn ákvæði

Sjá almenn ákvæði undir *ferðapjónusta* í kafla 5.2.1 hér að framan.

Tafla 9. Afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Nr.	Heiti	Lýsing & Skilmálar	Stærð (ha)
<b>Þéttbýli</b>			
AF1	Útsýnispallur í Reynisfjalli	Útsýnispallur, þjónustuhús og bílastæði. Hámarks byggingarmagn 50 m <sup>2</sup> .	0,8
AF2	Syngjandi	Útvistarsvæði við Syngjanda. Hámarks byggingarmagn 50 m <sup>2</sup> .	3,5
AF3	Litboltasvæði	Svæði fyrir litbolta. Ekki er gert ráð byggingum.	0,8
AF4	Zip line Vík	Zip line í Vík, línur og mannvirki sem tengist Zip line. Ekki er gert ráð byggingum.	2,9

<sup>16</sup> Áfangastaðaáætlun Köllu jarðvangs. 2017. NOHNIK architecture and landscapes. bls. 101.



Dreifbýli				
AF5	Sólheimajökull	Ferðaþjónusta við Sólheimajökul. Þjónustuhús með veitingasölu og aðstöðu fyrir ferðaþjónustufyrirtæki, auk bílastæðis. Deiliskipulag í gildi. Hámarks byggingarmagn 4000 m <sup>2</sup> .	5,3	
AF6	Sólheimajökull	Ferðaþjónusta við Sólheimajökul vegna jöklaverða. Ekki er gert ráð fyrir varanlegum mannvirkjum.	1,0	
AF7	Sólheimahaði	Ferðaþjónusta. Vélsleðaleiga, mannvirki sem tengjast vélsleðaleigu. Hámarks byggingarmagn 200 m <sup>2</sup> .	1,0	
AF8	Sólheimasandur	Bílastæði við upphaf gönguleiðar að Flugvélafaki ekki er gert ráð fyrir mannvirkjum en mætti þó byggja þjónustubyggingu fyrir feðamenn, allt að 100 m <sup>2</sup> .	1	
AF9	Sólheimasandur	Flugvélafaki á Sólheimasandi, engin mannvirki.	1	
AF10	Loftsalahellir	Hinn forni þingstaður Dyrhólahrepps og Gálgaklettur vestan við hamarinn sem hellirinn er í. Friðlýstar fornleifar. Ekki er gert ráð byggingum.	0,5	
AF11	Dyrhólaey	Útvistarsvæði í Dyrhólaey, útsýnispallar, upplýsingaskilti, salernisaðstaða og bílastæði. Deiliskipulag í gildi. Ekki er gert ráð fyrir frekari byggingum.	8,6	
AF12	Reynisfjara	Áningarstaður og náttúruskoðun í Reynisfjöru, innan reitsins er ekki gert ráð fyrir byggingum.	2,5	
AF13	Reynisfjall	Áningarstaður á Reynisfjalli, skilti og upplýsingar. Ekki er gert ráð fyrir frekari byggingum.	2,9	
AF14	Hjörleifshöfði	Áningarstaður við Hjörleifshöfða með bílastæðum, gönguleiðum, nestisaðstöðu og upplýsingaskiltum. Ekki er gert ráð fyrir frekari byggingum.	1,8	
AF15	Múlakvísl áning	Áningarstaður við Múlakvísl, sem er áningarstaður við þjóðveg 1 gert er ráð fyrir upplýsingaskiltum. Ekki er gert ráð fyrir frekari byggingum.	0,5	
AF16	Veiðihús Litlu- Heiði	Veiðihús í eigu Veiðifélags Vatnsár og Kerlingardalsár, 6 herbergi. Hámarks byggingarmagn 200 m <sup>2</sup> .	0,5	
AF17	Áningarstaður á leið í þakgil	Útsýnistaður yfir við Dimmagil, upplýsingaskilti. Ekki er gert ráð fyrir byggingum.	0,5	
AF18	Áningarstaður á leið í þakgil	Áningarstaður við Múlakvísl og Sandavatn, upplýsingaskilti. Ekki er gert ráð fyrir byggingum.	0,5	
AF19	Hafursey	Útvistarsvæði með gönguleiðum og upplýsingaskiltum. Ekki er gert ráð fyrir byggingum.	2,8	
AF20	Ferðafélagsskáli	Skáli Ferðafélags Mýrdælinga. Gangnamannahús. Hámarks byggingarmagn 200 m <sup>2</sup> .	0,5	
AF21	Kötlujökull	Íshellaverðir fyrir ferðamenn á Kötlujökli.	2,9	
				<b>Samtals:</b> <b>33,6 ha</b>

#### 5.4 LANDBÚNAÐARSVÆÐI (L)

*Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu.*



Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni. Þó ert gert ráð fyrir heimildum fyrir annars konar starfsemi á bújörðum og byggingum í þeim tilgangi sem samræmist landbúnaði vel. Landbúnaðarsvæði eru skilgreind upp í 300 m hæð. Byggingar tengdar búrekstri eru ekki heimilar ofar 300 m og þar gilda ákvæði um óbyggð svæði.

#### Almenn ákvæði

- Samfélagsleg ábyrgð verði leiðarljos fyrirtækja í landbúnaði í sveitarfélagini.
- Gott landbúnaðarland verði áfram nýtt sem slíkt og fjölbreyttur og sjálfbær landbúnaður verði stundaður í sveitarfélagini.
- Gott landbúnaðarland (í flokki I og II) sem telst auðræktanlegt og góð beitarlönd skulu varðveitt sem slík. Leitast skal við að beina íbúðarbyggð, frístundabyggð, þjónustustarfsemi, skógrækt eða annarri starfsemi annað eftir því sem kostur er.
- Áður en ákvörðun um breytta landnotkun lanbúnaðarlands er tekin skal þess gætt að breytt notkun hafi ekki óafturkræf áhrif og grein gerð fyrir áhrifum breytingarinnar á landbúnaðarframleiðslu og mögulegum mótvægisþerðum, m.a. um hvar megi rækta eða beita í staðinn.
- Landbúnaður á svæðinu sé stundaður í sátt við náttúruna og misbjóði henni ekki með ágangi, ofbeit, mengun eða á annan hátt.
- Hefðbundinn landbúnaður sem atvinnugrein verði efldur og uppbygging stoðgreina hans auðvelduð. Stutt verði við þann landbúnað sem er til staðar og hvatt til uppbyggingar og nýsköpunar innan greinarinnar.
- Tengsl landbúnaðar og ferðapjónustu verði styrkt.
- Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að nýta byggingar sem fyrir eru á jörðinni og reisa nýbyggingar fyrir minni atvinnustarfsemi sem fellur vel að búrekstri og nýtingu viðkomandi jarðar og hefur ekki neikvæð áhrif á umhverfi sitt, án þess að gera þurfi grein fyrir þeirri landnotkun á aðalskipulagsuppdrætti. Er átt við atvinnustarfsemi sem eru eðlileg viðbót við búrekstur og stoðgreinar við landbúnað sem falla vel að hefðbundinni starfsemi á landbúnaðarsvæðum. Markmiðið er m.a. að gefa kost á nýtingu þess húsakosts sem fyrir er á viðkomandi bæjum með minni háttar viðbótum og breytingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, auðvelda bændum að skjóta fleiri stoðum undir búrekstur sinn og tryggja áframhaldandi ábúð og nýtingu jarðanna. Leitast ber við að nýta þá innviði sem fyrir hendi eru, svo sem vega- og veitumannvirki.
- Bæta skal merkingar á lögbýlum, eyðibýlum og söguslóðum innan sveitarfélagsins.
- Hefðbundin hlunnindanýting verði tryggð.
- Vargi og meindýrum s.s. mink og ref verði haldið í skefjum.
- Möguleikar til úrvinnslu landbúnaðarafurða heima í héraði verði tryggðir með því að gera ráð fyrir að vinnsla á afurðum geti farið fram á býlum og að mannvirkir því tengd rúmist innan skilgreiningar landbúnaðarsvæða. Þetta á einnig við um heimasláturhús og sölu- eða veitingahús þar sem vara af býlinu er seld.
- Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 skal vera 100 m friðhelgað svæði umhverfis friðlýstar fornleifar og umhverfis friðaðar fornleifar skal vera 15 metra friðhelgað svæði. Þar sem fornminjar eru hluti af stærri heild eða menningarlandslagi skuli fjarlægð aukin þannig að heildarásýnd eða verndargildi spillist ekki.

#### 5.4.1 Flokkun landbúnaðarlands

Litið er á gott landbúnaðarland sem auðlind og taka ákvæði aðalskipulagsins mið af því. Leitast skal við að haga nýtingu góðs landbúnaðarlands í samræmi við meginmarkmið jarðalaga þannig að möguleikar til þess að nýta landið til búvöruframleiðslu í framtíðinni verði ekki skertir. Áður en ákvörðun er tekin



um breytta nýtingu á hefðbundnu landbúnaðarlandi skal meta virði svæðisins m.t.t. ræktunargildis. Þetta á m.a. við þegar fyrir liggur tillaga um að nýta svæði undir skógrækt eða breytta landnotkun á landbúnaðarsvæðum, t.d. í frístundabyggð.

Við flokkun landbúnaðarlands í Mýrdalshreppi er stuðst er við eftirfarandi skilgreiningar á góðu landbúnaðarlandi;

- Landhalli minni en 17%.
- Landbúnaðarland / akuryrkjuland sem nær 1 ha.
- Plógtækt (dýpt jarðvegs 20-25 cm).
- Mikill lífrænn jarðvegur.

#### **Landbúnaðarlandi er skipt upp í fjóra flokka sem eru skilgreindir á skipulagsuppdrætti.**

**L1 - Mjög gott ræktunarland.** • Góður móajarðvegur og steinefnaríkar mýrar. • Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði fínkornóttur (sendin mylsna) og ekki með grófri möl. • Jarðvegsþykkt (dýpt niður á klöpp) a.m.k. 75 cm. • Land vel þurrt eða auðvelt að þurrka það. • Ekki miklar mishæðir í landinu. • Halli innan við 4% ( $2,29^\circ$ ). • Hæð yfir sjó að jafnaði undir 100 m.

**L2 - Gott ræktunarland.** • Mýrar með miklu af lífrænum efnum, lakari móar og góðir sandar og melar. • Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði fínkornóttur og ekki með mjög grófri möl. • Jarðvegsþykkt a.m.k. 50 cm. • Land vel þurrt eða auðvelt að þurrka það. • Ekki mjög miklar mishæðir í landinu. • Halli innan við 8% ( $4,57^\circ$ ). • Hæð yfir sjó að jafnaði undir 200 m. Djúpur grasmói sem færí í I. flokk ef halli og þurrkstig er í lagi.

**L3 - Sæmilegt ræktunarland.** • Lakari mýrar, móar, melar og sandar. • Steinefnahluti jarðvegsins ekki grófari en svo að hægt sé að vinna hann án vandræða. • Jarðvegsþykkt a.m.k. 25 cm. • Þurkkunarskilyrði sæmileg. • Mishæðir ekki meiri en svo að þær hamli notkun landbúnaðartækja. • Halli innan við 12% ( $6,84^\circ$ ). • Hæð yfir sjó að jafnaði undir 300 m.

**L4 - Lélegt ræktunarland.** • Í þennan flokk fellur land neðan 300 m sem ekki uppfyllir skilyrði hinna flokkanna þriggja. Þetta land hentar ekki til akuryrkju en getur hentað vel til beitar, skógræktar eða fyrir tún.


Um land jarða og lögbýla á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004.

Tafla 10. Flokkun landbúnaðarlands.

Nr	Skilgreining/ núverandi ástand	Skipulagsákvæði	Stærð (ha)
----	-----------------------------------	-----------------	------------



L1	Mjög gott landbúnaðarland, neðan 100 m y.s.	<p>Ekki er heimilt að rjúfa samfelli á góðu landbúnaðarlandi með mannvirkjum eða samfelldri skógrækt.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Byggja skal í tengslum við núverndi bæjartorfur en í einhverjum tilfellum getur mannvirkjagerð verið heimil í jaðri svæða.</li><li>• Afturkræfar framkvæmdir eru heimilaðar, s.s. íþróttasvæði, tjaldsvæði, golfvellir o.fl. þar sem ekki er um varanleg mannvirki að ræða. Það verður skoðað í hverju tilfelli fyrir sig m.t.t. líklegra áhrifa á nýtingu lands til matvælaframleiðslu.</li><li>• Framkvæmdir í almannabágu s.s. veitur og vegagerð er heimil.</li><li>• Heimilt er að planta skjólbeltum og trjálundum, m.a. við bæjartorfur og akra.</li></ul>	9620
L2	Gott landbúnaðarland, 100 - 200 m y.s.	Forðast skal að raska samfelli á góðu ræktunarlandi með mannvirkjagerð. Heimilt er að byggja upp til fastrarar búsetu, landbúnaðarstarfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi	7047
L3	Sæmilegt ræktunarland, 200 -300 m y.s.	<p>Annað landbúnaðarland sem síður hentar til jarðræktar vegna misjafnra landgerða. Getur þó hentað til beitar. Landbúnaðarstarfsemi er víkjandi, ef nýta þarf land til annars.</p> <p>Svæðið hentar oft vel til landgræðslu og skógræktar, frístunda- og útiveru og til landbúnaðar, þó halli o.fl. geti takmarkað ræktunarmöguleika. Heimilt er að byggja upp landspildur til fastrarar búsetu, eða annarrar starfsemi, sbr. almenn ákv. um landbúnaðarland.</p>	6676
L4	Lélegt landbúnaðarland, 200 – 300 m y.s og bratt.	Land í þessum flokki er beitarland sem er lítið byggt land sem flokkast í landslagsflokkun sem jöklusandar svo sem Mýrdalssandur, Sólheimasandur og fjörur.	14243
<i>Samtals:</i>			<b>37586</b>



Mynd 19. Flokkun landbúnaðarlands.

#### 5.4.2 Byggingar og önnur starfsemi á landbúnaðarsvæðum

Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri og stoðgreinum landbúnaðar, en einnig er heimild fyrir minni rekstri sem samræmist landbúnaði vel og gengur ekki á gott landbúnaðarland (í flokki L1 og L2) og hefur ekki neikvæð áhrif á landbúnaðarland né umhverfi. Leitast skal við að nýta þá innviði sem fyrir eru, svo sem vegi og veitur. Leyfileg er minniháttar efnistaka til eigin nota á landbúnaðarsvæðum (þ.e. efnistaka sem er allt að 500 m<sup>3</sup>, en hún er tilkynningarskyld til sveitarfélagsins).



Heimilt er að byggja frístundahús og íbúðarhús, sem ekki tengjast búrekstri á landbúnaðarsvæðum bújarða, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, og fer leyfilegur fjöldi húsa eftir stærð lands í samræmi við töflu 10, enda falli slík hús vel að þeirri byggð sem fyrir er á jörðinni að stærð og gerð og samræmist skipulagsákvæðum hvers landbúnaðarflokks, sbr. töflu Tafla 10. Flokkun landbúnaðarlands.. Þar eru talin með hús sem þegar eru til staðar. Miða skal við að reisa ekki byggingar nær aðliggjandi jörðum en 50 metra. Hafa ber hliðsjón af jarðamörkum eins og þau eru við staðfestingu þessa aðalskipulags. Um frístundahús á frístundabyggðarsvæðum er fjallað í kafla 4.2.

Litið er jákvæðum augum að bændur skjóti styrkari stoðum undir rekstur búa sinna með því að stofna til annars konar reksturs á bújörðum sínum í bland við landbúnað, reksturs sem samræmist landbúnaði vel og gengur ekki á gott landbúnaðarland (í flokki L1 og L2).

Heimilt er að reka gististaði á landbúnaðarlandi sem eru í flokki I skv. reglugerð 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtananhald. Gisting í flokki II-IV þarf að vera á verslunar- og þjónustusvæði. Gististaðir í flokki II-IV skv. reglugerð 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtananhald eða breytingar á núverandi gististöðum sem eru í flokki II samkvæmt sömu reglugerð eru alltaf háðir deiliskipulagi.

Tafla 11. Byggingar á landbúnaðarsvæðum.

Landstærðir	Heiti	Nýtingarhlutfall	Heimildir með tilliti til aðalskipulags
0,5 – 3 ha	Íbúðarlóðir	Hámarksnýtingarhlutfall N 0,02 og að hámarki 3 hús. Heimilt er að vera með þrjár samliggjandi íbúðalóðir	Íbúðarhús, gestahús, bílskúr/geymsluhús.
3 – 25 ha	Landspildur/smábýli	Hámarksnýtingarhlutfall N 0,02 en að hámarki 1000 m <sup>2</sup> samanlagt og að hámarki 5 hús.	1 íbúðarhús, 1 gestahús, auk annarra bygginga m.a. til landbúnaðarnota í samræmi við nýtingarhlutfall.
>25 ha	Smábýli/bújarðir	Almenn ákvæði í samræmi við texta er varðar ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum.	- Allt að 3 íbúðarhús fyrir utan þau sem tengjast búrekstri. Allt að 3 frístundahús.

#### 5.4.3 Stakar framkvæmdir á landbúnaðarsvæðum

Í grein 4.3.1 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er fjallað um *Stakar framkvæmdir*: „Hvernig farið skuli með stakar skipulagsskyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið. Hér er átt við smávirkjanir, litlar spennistöðvar, minni háttar mannvirki, stök fjarskiptamöstur, stakar vindmyllur o.b.h. Þetta getur einnig átt við um stök frístundahús, stök íbúðarhús og aðra mannvirkjagerð á landbúnaðarsvæðum án tengsla við búrekstur. Stefna um hvar eða við hvaða aðstæður framangreind mannvirkjagerð er heimil eða óheimil og aðrar skipulagsforsendur fyrir gerð deiliskipulags eða veitingu leyfa til framkvæmda.“

Eftirtaldar framkvæmdir eru heimilar innan sveitarfélagsins án þess að afmarka landnotkun sérstaklega í aðalskipulagi. Gert er ráð fyrir að skoðað verði í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar eftirfarandi stakar framkvæmdir verða heimilaðar. Áfram verður gerð krafa um deiliskipulag eða eftir atvikum grenndarkynningu, framkvæmdaleyfi og/eða byggingarleyfi. Einnig geta framkvæmdir verið tilkynningarskyldar, í flokki B, sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Ekki þarf að gera grein fyrir virkjunum undir 200 kW í aðalskipulagi ætluðum til einkanota og eru þær því ekki sýndar á aðalskipulagsupprætti. Virkjun getur verið sólarsellur, vindmylla (allt að 25 m há með spaða í hæstu stöðu) eða vatnsafsvirkjun, ásamt því sem nýtingu fylgir s.s. stífla, miðlunarhlón, lagnir, vegslóðar og allt að 20 m<sup>2</sup> stöðvarhús. Allar framkvæmdir vegna virkjana eru háðar leyfisveitingu sveitarfélagsins og skal sýnt að virkjun og tengdar framkvæmdir hafi ekki neikvæð umhverfisáhrif. Smávirkjanir sem hafa uppsett afl undir 200 kW kunna þó einnig að vera tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar ef þeim fylgja framkvæmdir sem geta fallið undir aðra liði í viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Bygging nýrra virkjana 200 kW eða stærri krefst breytinga á aðalskipulagi enda kunna þær að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og eru tilkynningarskyldar samkvæmt flokki B í viðauka við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, liður 3.15.

**Upplýsinga- og þjónustusvæði.** Heimilt er að byggja upp áningarástaði við meginferðaleiðir s.s. vegi, göngu- og reiðleiðir og á áhugaverðum útsýnisstöðum. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upplýsingaskilti, áningaráhólf fyrir hesta og byggja allt að 35 m<sup>2</sup> aðstöðuhús fyrir snyrtiaðstöðu og/eða aðstöðu fyrir eftirlitsaðila.

Heimilt er að nýta jarðhita og vatnsból til eigin nota þar sem það er mögulegt, t.d. til upphitunar húsa, ferðaþjónustu eða almenns búreksturs.



Mynd 20. Dyrhólaey, Dyrhólaós og Dyrhólahverfi. Mynd: Þórir Niels Kjartansson.

Mynd:  
Þórir N.K.



Minniháttar fiskeldisstöðvar eru heimilar á landbúnaðarsvæðum að teknu tilliti til umhverfisáhrifa og stefnu um umhverfisvernd, sbr. kafla 7, ef ársframleiðsla er innan við 20 tonn og fráveita í ferskvatn, eða ársframleiðslu er innan við 200 tonn og fráveita til sjávar. Stærðarmörkin taka mið af því að fiskeldi fyrir ofan framangreind mörk er skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlananir nr. 111/2021.

Þegar um er að ræða sjálfstæðan atvinnurekstur óháðan búrekstri á viðkomandi jörð, t.d. þegar hluti jarðar/spildna er keypt eingöngu í þeim tilgangi að hefja þar fiskeldi, skal fiskeldi þó vera á skilgreindu iðnaðarsvæði.

Mannvirki í smáum stíl fyrir fjarskipti og orkuflutning, s.s. spennistöðvar og fjarskiptastöðvar, eru heimil á landbúnaðarsvæðum.

Heimild landeigenda til hefðbundinna hlunnindanýtingar verður óbreytt frá því sem verið hefur, s.s. æðarvarp, fiskveiði og eggjataka.

Við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum skal þess gætt að framkvæmdir, aðrar en skógrækt, verði ekki staðsettar nær takmarkandi þáttum en tilgreint er í töflu Tafla 12. Um fjarlægðir vegna skógræktar er fjallað í kafla 5.5 um skógræktar- og landgræðslusvæði.

Tafla 12. Takmarkandi þættir framkvæmda á landbúnaðarsvæðum.

Takmarkandi þáttur	Lágmarksfjarlægð	Skilmálar
Landamerki	50 m	Á þessu svæði skal landeigandi hafa samráð við landeiganda aðliggjandi jarðar vegna hvers kyns framkvæmda.
Vötn, ár og sjór	50 m	Engar framkvæmdir nema göngustígar og slóðar.
Fornminjar	15m	Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið, skv. lögum um menningarminjar nr. 80 / 2012. Þar sem fornminjar eru hluti af stærri heild eða menningarlandslagi skal fjarlægð aukin þannig að heildarásýnd eða verndargildi spillist ekki.
Friðlýstar fornminjar	100m	Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands, í samræmi við lög 80/2012 um menningarminjar.
Veitulagnir	1 m	Ekki skógrækt.
Stofn- og tengivegir	100 m	Ekki skógrækt á 30 m breiðu svæði frá miðlinu stofnvega og 15 m frá miðlinu annarra þjóðvega, sbr. vegalög nr. 80 / 2007. Þar sem líkur er á snjósöfnun á veg skal fjarlægðin aukin. Sjá einnig kafla um samgöngur.

Framkvæmdaraðili skal leggja fram til sveitarstjórnar afstöðumynd eða drög að deiliskipulagi þar sem fyrirhugaðri framkvæmd er lýst, til að hægt sé að taka afstöðu til hvort vinna skuli deiliskipulag eða leggja fram gögn til grenndarkynningar. Í hverju tilfelli verði lagt mat á líkleg áhrif á landslag, verndarsvæði, náttúru, minjar og hvern þann þátt sem framkvæmdin kann að hafa áhrif á. Þá þarf að skoða sýnileika slíkra mannvirkja og meta möguleg umhverfisáhrif, s.s. hljóð- og lyktarmengun. Meðal annars verður tekið tillit til fjarlægðar frá landamerkjum, öðrum mannvirkjum, sýnileika og áhrifa á



náttúru og landslag. Leitast skal við að staðsetja stök mannvirki þannig að þau falli vel að landi og skerði ekki víðerni. Í öllum tilfellum skal afla tilskilinna leyfa, s.s framkvæmda- og/eða byggingarleyfis frá sveitarstjórn. Að jafnaði skulu lóðir skilgreindar undir stök mannvirki. Lóðastærðir skulu taka mið af umfangi mannvirkis og starfsemi. Að jafnaði skulu lóðir vera undir 1,0 ha að stærð. Þar sem stök mannvirki eru byggð skal ganga vel frá mannvirkjum og umhverfi þeirra og allur frágangur taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem besta að nánasta umhverfi. Ganga skal vel frá lögnum, s.s. frárennsli, tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa og nægilegt neysluvatn sé aðgengilegt. Gera þarf grein fyrir frágangi á lóð, aðkomu og byggingum í byggingar-/framkvæmdaleyfisumsókn.

#### 5.4.4 Landaskipti

Við landaskipti skal taka tillit til verndarsvæða og góðs landbúnaðarlands. Byggingar á nýjum lóðum/spildum skulu nýta sem best þá innviði sem fyrir eru, s.s. veitu- og samgöngukerfi. Landaskipti verða ekki heimilið nema aðgengi að nýjum spildum frá núverandi tengingum við þjóðvegi sé tryggt. Gera þarf grein fyrir áætlaðri nýtingu lands þegar óskað er eftir landaskiptum. Markmiðið með takmörkun á landaskiptum er að tryggja að gott landbúnaðarland verði áfram nýtt til landbúnaðar og matvælaframleiðslu og að halda í dreifbýlisfirbragð á landbúnaðarsvæðum.

#### 5.4.5 Kolefnisbinding

Markmiðið er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi innan sveitarfélagsins, s.s. frá samgöngum og landnotkun, og skal stefnt að aukinni bindingu kolefnis með útbreiðslu náttúruskóga, landgræðslu og skógrækt.

Mikil kolefnislosun er frá hefðbundnum landbúnaði og breyttri landnotkun. Þau svæði þar sem kolefnisbinding er nú þegar verður landnotkun að mestu óbreytt. Svæðum með líffræðilegan fjölbreytileika, sjaldgæfar tegundir eða sjaldgæf vistkerfi verður ekki raskað.



Mynd 21. Skurðir í Mýrdalshreppi.



#### 5.4.6 Um aðgengi almennings og för um landið

Vísað er til kafla IV um almannarétt, útvist og umgengni í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Samkvæmt lögnum er almenningi heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi. Rétti þessum fylgir skylda til að ganga vel um náttúru landsins. Fólk er heimilt, án sérstaks leyfis landeiganda eða rétthafa, að fara gangandi um óræktað land og dveljast þar. Á eignarlandi í byggð er eiganda eða rétthafa þó heimilt að takmarka eða banna með merkingum við hlið og göngustíga umferð fólks og dvöl á afgirtu óræktaðu landi. Landeigendum er jafnframt heimilt að takmarka umferð og að tjöld séu reist þar sem veruleg hætta er á að náttúra landsins geti beðið tjón af.

#### 5.5 SKÓGRÆKTAR- OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI (SL)

*Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótakógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.*

Mikil tækifæri eru fólin í vernd og endurheimt vistkerfa í sveitarfélagini, ekki síst þegar horft er til endurheimtar birkiskóga. Endurheimt vistkerfa hefur í för með sér fjölbættan ávinnung, t.d. í loftslagsmálum með bindingu koltvíssýrings úr andrúmslofti. Þá eru aðgerðir til að koma í veg fyrir áfok á byggð og vegi mjög brýnar í sveitarfélagini. Áhersla skal lögð á jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu og vernd vistkerfa, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands innan sveitarfélagsins.

Skógræktar- og landgræðslusvæði eru afmörkuð á skipulagsupprætti þar sem í gildi eru samningar um landshlutaverkefni í skógrækt. Þar er gert ráð fyrir skógrækt en endurskoða þarf þá samninga sem gerðir hafa verið. Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga er leiðbeiningarit sem gefið var út af Skógræktinni og Skipulagsstofnun en þar eru settar fram almennar leiðbeiningar um skógrækt og skipulagsáætlanir.

##### Almenn ákvæði

- Hvatt verði til skógræktar á hentugum svæðum í sveitarfélagini og leitast við að efla skógrækt og skjólbeltarækt, m.t.t. loftslagsmála, útvistar og atvinnusköpunar.
- Við skógrækt og stígagerð skal tekið tillit til verndarsvæða, s.s. náttúruverndar, vatnsverndar, búsvæða fugla og menningarminja og haft samráð við minjavörð um skráningu þeirra. Skógrækt skal ekki skerða óhóflega útsýni, aðgengi að útvistarsvæðum og berjalöndum og ekki raska vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika s.s. vegna náttúrfars, auðlinda, útvistargildis, fornleifa eða menningarminja verði uppgræðsla, endurheimt votlendis og skógrækt takmörkuð eða óheimil. Þess skal gætt að skógræktin hafi ekki neikvæð áhrif á náttúrulega birkiskóga, önnur náttúruleg gæði, s.s. náttúrlegt gróðurfar og búsvæði, útsýni eða aðrar atvinnugreinar. Þess skal gætt að skógrækt takmarki ekki gönguleiðir og annað aðgengi að ströndum, ám, vötnum, fossum og öðrum náttúruperlum
- Gott landbúnaðarland er dýrmæt auðlind og taka ákvæði aðalskipulagsins um skógrækt á landbúnaðarsvæðum mið af því. Leitast skal við að haga skógrækt eða endurheimt votlendis á góðu landbúnaðarlandi í samræmi við meginmarkmið jarðalaga þannig að möguleikar til þess að nýta landið til búvöruframleiðslu í framtíðinni verði ekki skertir. Skógrækt verði beint á landbúnaðarland í flokki L3 og L4. Á góðu landbúnaðarlandi er fyrst og fremst miðað við að stunda skógrækt og skjólbeltarækt til að skýla búopeningi og ræktun og skal hún ekki byrgja sýn frá þjóðvegi.
- Skógrækt skal haga þannig að hún byrgi ekki útsýn frá þjóðvegi 1 og henni beint frá 700m beltí til hvorrar handar frá þjóðvegi.
- Horft skal til endurheimtar votlendis þar sem tækifæri eru til á rýru landbúnaðarlandi í flokki L4 sem verður ekki notað til landbúnaðarframleiðslu.



- Varðveita skal náttúrulega birkiskóga vegna verndar- og útvistargildis þeirra. Náttúrulegir birkiskógar eru afmarkaðir sem útvistarsvæði á skipulagsupprætti. Þeim skal hlífa en uppbygging í náttúrulegu skóglendi og á skógræktarsvæðum skal miða við að gæði svæðanna verði ekki skert. Sjá kafla 5.5.1 um náttúrulega birkiskóga.
- Trjárækt í jaðri og innan þéttbýlis til skjólmyndunar og fegrunar er heimil og skal lögð áhersla á skóg- og trjárækt á opnum svæðum (OP) og í hlíðum ofan byggðar. Fjölnytjaskógrækt, þar sem m.a. er gert ráð fyrir útvist fyrir almenning, er heimil á opnum svæðum. Plöntuval og útplöntun taki mið af náttúrufari og landslagi.
- Samningar um skógrækt innan þéttbýlisins verði endurskoðaðir.
- Innan skógræktarsvæða eru heimilar framkvæmdir sem þjóna notkun svæðisins sem skógræktarsvæðis og almenns útvistarsvæðis, s.s. gerð stíga, áningarástaða og leiksvæða.
- Huga skal að varnarlínum og brunahólfum alls staðar þar sem skógur er ræktaður. Þegar skógi er plantað er mikilvægt að hann sé ekki of samfelldur og hafa skal í huga hólfun með varnarlínum. Huga þarf að flóttaleiðum úr skóginum og hafa fleiri en einn möguleika ef eldur lokar flóttaleið. Gera skal viðbragðsáætlun við skógar- eða kjarrelendum og aðgengi að vatni tryggt.
- Við skógrækt nálægt sjó, vötnum og straumvötnum skal almennur umferðarréttur virtur og hugað að samspili skógar, lands og vatns.
- Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 skal vera 100 m friðhelgað svæði umhverfis friðlýstar fornleifar og umhverfis friðaðar fornleifar skal vera 15 metra friðhelgað svæði. Þar sem fornminjar eru hluti af stærri heild eða menningarlandslagi skal fjarlægð aukin þannig að heildarásýnd eða verndargildi spillist ekki.
- Við skilgreiningu nýrra skógræktarsvæða skal fylgja viðmiðum um takmarkandi þætti í töflu 13.

Tafla 13. Þættir sem takmarka skógrækt.

Takmarkandi þáttur	Lágmarksfjarlægð	Ákvæði
Landamerki	100 m	Á þessu svæði skal landeigandi hafa samráð við landeiganda aðliggjandi jarðar vegna skógræktar.
Vötn, ár og sjór	50 m	Engin skógrækt.
Fornminjar	15 m	Ekki skógrækt, skv. lögum um menningarminjar nr. 80 / 2012. Þar sem fornminjar eru hluti af stærri heild eða menningarlandslagi skal fjarlægð aukin þannig að heildarásýnd eða verndargildi spillist ekki.
Friðlýstar fornleifar	100m	Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands, í samræmi við lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
Veitulagnir	1 m	Ekki skógrækt, sbr. kafla um veitur.
Stofn- og tengivegir	700 m	Ekki skógrækt á 700 m breiðu svæði frá miðlinu þjóðvegar 1 og 100 m frá miðlinu annarra þjóðvega. Þar sem líkur er á snjósöfnun á veki skal fjarlægðin aukin. Sjá einnig kafla 6.1 um samgöngur.



Á skipulagsuppdrætti eru sýnd öll skógræktarsvæði í Mýrdalshreppi sem gróðursett hefur verið í og hafa á einhverjum tíma fallið undir Skógrækt ríkisins eða eru einkaskógrækt. Númeruð svæði eru þau þar sem í gildi eru samningar um nytjaskógrækt.

Tafla 14. Skógræktarsvæði.

Nr.	Heiti	Lýsing	Stærð (ha)
<b>Þéttbýli</b>			
SL1	Skógræktarsvæði Vík	Skógrækt ofan Víkur.	2,7
<b>Dreifbýli</b>			
SL2	Gjögrar	Skógrækt – Kálfaskógur.	7,5
SL3	Eystri Sólheimar	Uppgræðsla.	3,5
SL4	Fellsmörk	Skógrækt umhverfis Frístundasvæði F3a Fellsmörk.	9,6
SL5	Fell	Skógrækt umhverfis Frístundasvæði F3b Fellsmörk.	42
SL6	Álftagróf	Skógrækt umhverfis Frístundasvæði F3c Fellsmörk.	3,2
SL7	Neðri Dalur	Skógrækt.	28
SL8	Skammadalshóll	Skógrækt. Skammadalskambar í Mýrdal sem eru á náttúruminjaskrá (C-hluti), er þekktur fundarstaður steingervinga. Taka skal tillit til þess við skipulagningu skógræktarsvæðis við Skammadalshól.	4,4
SL9	Skógræktarsvæði Heiðardal	Skógræktarsvæði Stóru Heiði og Litlu Heiði.	14,5
SL10	Fagridalur	Skógrækt.	1,4
SL11	Uppgræðsla á Mýrdalssandi	Uppgræðsla við hringveg um Mýrdalssand.	2,9
SL12	Uppgræðsla á Mýrdalssandi	Uppgræðsla við hringveg um Mýrdalssand.	8,9
SL13	Hjörleifshöfði	Uppgræðsla á Mýrdalassandi við Hjörleifshöfða.	6,3
SL14	Uppgræðsla á Mýrdalssandi	Uppgræðsla við hringveg um Mýrdalssand.	4,1
SL15	Uppgræðsla í Reynisfjöru	Uppgræðsla í Reynisfjöru.	823
SL16	Uppgræðsla í Hvols- og Dyrhólfafjöru	Uppgræðsla í Hvols- og Dyrhólfafjöru.	369
SL17	Uppgræðsla í Eyjarfjöru	Uppgræðsla í Eyjafjöru.	98
SL18	Hafursey	Náttúrulegur birkiskógor.	30,4
			<b>Samtals:</b> <b>1429</b>

### 5.5.1 Náttúrulegir Birkiskógar

Birkiskógar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið náttúruverndarlaga en þar segir að sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem m.a. eru gömul tré, skuli njóta sérstakrar verndar.



Samkvæmt upplýsingum frá Skógræktinni (2020) mælist flatarmál náttúrulegu birkiskóganna í Mýrdalshreppi 30 ha og ræktaðs skóglendis 117 ha. Skóglendi þekur þannig 209 ha eða 0,2% af flatarmáli sveitarfélagsins alls.

#### Almenn ákvæði

- Að lögð verði áhersla á að vernda og endurheimta náttúrulega birkiskóga, og náttúruleg útbreiðsla þeirra gerð möguleg.
- Að tryggt verði að náttúrulegir birkiskógar verði endurheimtir ef önnur nýting er fyrirhuguð á svæðinu.
- Að aðrar trjátegundir verði ekki gróðursettar í náttúrulega birkiskóga.
- Að almenningur hafi aðgengi að birkiskólendi og sé upplýstur um verðmætin sem í birkiskólendi felast.

#### 5.5.2 Uppgræðsla

Áhersla er lögð á að móta stefnu fyrir sveitarfélagið í náttúruvernd og loftslagsmálum, greina tækifæri sem ekki er verið að nýta og mögulega forgangsröðun verkefna. Horft verði til alþjóðlegra skuldbindinga, s.s. Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Vilji stendur til að kanna möguleika á að nota seyru og sláturúrgang til uppgræðslu í stað tilbúins áburðar. Þegar hefur mikið unnist með virkri uppgræðslu í sveitarfélagini, s.s. á Mýrdalssandi og Hvöli og skal uppgræðslu á söndum og rýru landi haldið áfram.

### 5.6 ATHAFNA- OG IÐNAÐARSVÆÐI

#### Almenn ákvæði

- Framboð athafna- og iðnaðarsvæða innan þéttbýlisins í Vík mæti eftirspurn á skipulagstímabilinu.
- Áhersla er lögð á að umgengni verði til fyrirmynnar og umhverfi snyrtilegt á athafna- og iðnaðarsvæðum.
- Áhersla verði lögð á endurnýjanlega orkugjafa og möguleika á aukinni raforkuframleiðslu í sveitarfélagini.
- Fyrirkomulag á sorpmóttökusvæðum verði til fyrirmynnar og flokkun úrgangs auðveld og aðgengileg.
- Gert er ráð fyrir smávirkjunum allt að 200 kW án þess að aðalskipulagi verði breytt.
- Gólfkóti bygginga í þéttbýlinu skal að lágmarki vera 4,7 m y.s í ISN93.

#### 5.6.1 Athafnsvæði (AT)

*Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaiðnaður.*

Nr.	Lýsing	Stærð (ha)	Núverandi byggingarmagn m <sup>2</sup>	Hámarks byggingarmagn m <sup>2</sup>
AT1	Athafnsvæði við Smiðjuveg 9. Verslun leyfð í hluta bygginga, gisting ekki leyfð innan reitsins.	0,4	600	6500



AT2	Við Suðurvíkurveg	0,2	700	1000
	<i>Samtals:</i>	<b>0,6</b>	<b>1300</b>	<b>7500</b>

### 5.6.2 Iðnaðarsvæði (I)

Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

Mörkuð er sú stefna á landbúnaðarlandi að ekki þurfi að gera grein fyrir virkjunum undir 200 kW í aðalskipulagi og eru þær því ekki sýndar á aðalskipulagsupprætti. Virkjun getur verið sólarsellur, vindmylla (allt að 25 m há með spaða í efstu stöðu) eða vatnsaflsvirkjun ásamt því sem nýtingu fylgir s.s. stífla, miðlunarlón, lagnir, vegslóðar og allt að 20 m<sup>2</sup> stöðvarhús. Allar framkvæmdir vegna virkjana eru háðar leyfisveitingu sveitarfélagsins. Smávirkjanir sem hafa uppsett afl undir 200 kW kunna þó einnig að vera tilkynningarskyldar til Skiplagsstofnunar ef þeim fylgja framkvæmdir sem geta fallið undir aðra liði í viðaukum laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Bygging nýrra virkjana 200 kW eða stærri krefst breytinga á aðalskipulagi enda kunna þær að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og eru tilkynningarskyldar samkvæmt 1. viðauka laga um umhverfismat liður 3.22.

#### Almenn ákvæði

- Gólfkóti bygginga í þéttbýlinu skal að lágmarki vera 4,7 m y.s í ISN93.

Nr.	Iðnaðarsvæði	Stærð (ha)	Núverandi byggingarmagn m <sup>2</sup>	Hámarks byggingarmagn m <sup>2</sup>
<b>Þéttbýli</b>				
I1	Sunnan Hringvegar	3,4	2420	10.200
I2	Sunnan Hringvegar	6	700	18.000
I3	Spennistöð	0,1	0	150
I4	Sorpförgunarsvæði	2,4	0	2400
I5	Sorpförgunarsvæði - byggingarúrgangur	2,2	0	0
I6	Hreinsistöð suður af Víkurskála	0,5	0	0
<b>Dreifbýli</b>				
I7	Efnisvinnslusvæði á Mýrdalssandi	1	0	6.000
I8	Fagridalur - fiskeldi	1	150	250
	<i>Samtals:</i>	<b>16,6</b>	<b>3270</b>	<b>37.000</b>



### 5.6.2.1 Úrgangur

Gámvöllur er staðsettur við Smiðjuveg 12 í Vík þar sem einnig er móttaka endurvinnsluumbúða. Á Gámvelli má losa alla málma, brotajárn, hjólbarða, heyrúlluplast, bylgjupappa, spilliefni, raftæki, gler, grófan úrgang og garðaúrgang. Þar er einnig molta aðgengileg öllum að kostnaðarlausu.

#### Flokkun úrgangs

Í Mýrdalshrepp er flokkað í þrjá flokka og eru öll heimili með þrjár tunnar fyrir Lífrænt sorp, óflokkað heimilssorp og græna endurvinnslutunnu. Er flokkun úrgangs helsta leið sveitarfélagsins til að ná markmiðum um að draga úr magni úrgangs sem er urðaður. Stefnt skal að því að endurvinna og endurnýta eins og kostur er á svæðinu.

Seyra er urðuð sunnan við Hringveg. Úrgangur er fluttur á urðunarstað Byggðasamlagsins Hulu á Skógasandi í Rangárþingi eystra, sem er sameiginlegt urðunarsvæði Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

#### Almenn ákvæði

- Fýsileiki þess að nota seyri og sláturúrgang sem áburð verði skoðaður.
- Farið verði í átak til að minnka matarsóun í sveitarféluginu og skoðaðir möguleikar á moltu- og/eða bokashi jarðgerð.

### 5.6.2.2 Orkuvinnsla

Mýrdalshreppur er landlitið sveitarfélag sem stólar á ferðaþjónustu sem lykilatvinnugrein svo sveitarfélagið hentar ekki fyrir stórtæka vindorkuframleiðslu til annars en einkanota vegna sjónrænna mengunaráhrifa og annarra umhverfisáhrifa. Græn orkuframleiðsla til eigin nota sem hefur lítil umhverfisáhrif í för með sér er litin jákvæðum augum.

## 5.7 EFNISTÖKU- OG EFNISLOSUNARSVÆÐI (E)

*Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.*

Efnisnámur eru yfirleitt skilgreindar sem óendurnýjanleg auðlind og því mikilvægt að við nýtingu sé horft til framtíðar við skipulag hennar. Sérstaða Mýrdalshrepps hvað varðar efnisnám er uppsprettu efnis vegna efnisflutnings sjávar annars vegar og jökulfljóta hins vegar. Auðlindin er því að ákveðnu marki endurnýjanleg. Efnispörf í Mýrdalshreppi verður sveiflukennd milli ára og háð þeim framkvæmdum sem ráðist verður í á skipulagstímabilinu. Helst verður efni notað til vegagerðar þ.m.t. færslu Hringvegar, uppbyggingar atvinnu- og íbúðarhúsnaðis, sjóvarnagarða og minni framkvæmda í sveitarféluginu. Fyrirhugað er stórtækt efnisnám á Mýrdalssandi til vinnslu og/eða útflutnings á vikri.



Í aðalskipulagi eru afmarkaðir 21 efnistökustaðir (E) og er heimild til efnisnáms mismikil, þótt í flestum tilvikum sé hún undir 25.000 m<sup>3</sup> (tafla 16). Efnistökusvæðin eru flest á láglendi og tengjast í flestum tilvikum jökulám og öðrum fallvötnum. Viðmiðunarmörk um tilkynningarskyldu framkvæmda skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana eru að fyrirhuguð efnistaka er 50.000m<sup>3</sup> eða meira og/eða stærð svæðis sem rasktast sé 2,5 ha eða stærra. Meirihluti náma í sveitarféluginu eru undir þessum mörkum. Tvær námur eru á stærðarbilinu 25.000-100.000 rúmmetrar (E12 og E13). Tvær námur eru mjög stórar, þ.e. náma við Háfell (E20) og vikurnáma við Haföldu á Mýrdalssandi (E14). Skipulagsstofnun fellst á framkvæmdina skv. úrskurði þann 26.8.2002, en síðan hefur umhverfismat sem unnið var fyrir framkvæmdina fallið úr gildi

Stefnt skal að því að nýta allt efni sem fellur til við jarðgangagerð t.d. í vegagerð og styrkingu flóðvarnagarða. Ef nauðsynlegt verður að haugsetja efni verður það sitt hvoru megin gangamunna og er um tímabundna ráðstöfun að ræða. Haugsetning skal vera utan verndarsvæða.

### Almenn ákvæði

- Stærð efnistökusvæða í töflu Tafla 15. miðast við hámarks efnistöku úr námunni á líftíma hennar.
- Séð verði fyrir nægu framboði efnistökusvæða fyrir framkvæmdir, byggingastarfsemi og uppbyggingu innviða á skipulagstímabilinu.
- Námur sem ráðgert er að taka meira en 25.000 m<sup>3</sup> eru háðar framkvæmdaleyfi Mýrdalshrepps skv. skipulagslögum nr. 123/2010, nýtingarleyfi skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Námur sem eru stærri en 25.000 m<sup>2</sup> eða ráðgert er að taka meira en 50.000 m<sup>3</sup> falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2020 og eru ávallt háðar umhverfismati. Vinna þarf deiliskipulag fyrir slíkar námur.
- Samkvæmt 7.gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 skal það gefið út á grundvelli deiliskipulags. Þó er heimilt að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags ef þar er gerð grein fyrir framkvæmdinni og fjallað um umfang, frágang, áhrif námannar á umhverfið og annað það sem við á.
- Vikurnám á Mýrdalssandi (E15 og E21) fellur undir reglugerð nr. 514/1995 um vinnslu og nýtingu vikur.
- Heimilt er að haugsetja efni sem fellur til við gerð jarðgangna í gegnum Reynisfjall sithvoru megin gangamunna, ef ekki reynist unnt að nýta efnið strax. Ekki er um varanlega heimild að ræða heldur verður leyfilegt að geyma efni í allt að 5 ár. Haugsetning skal vera utan verndarsvæða og frágangi þannig háttað að ekki stafi mengun né hætta af.
- Samkvæmt 16. gr. 4. mgr. Skipulagslaga nr. 123/2010 skal efnitökusvæði ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár. Sveitarstjórn getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, enda séu sérstakar ástæður fyrir tímabundinni vinnslustöðvun.
- Öllum eldri nánum, sem ekki eru sýndar á aðalskipulaginu, verði lokað þannig að þær falli sem best að umhverfi og náttúruleg gæði verði endurheimt.
- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Ávallt skal miða að því að lágmarka neikvæð áhrif af efnistöku, fella svæði vel að umhverfi sínu og nýta staðargróður til uppræðslu að efnistöku lokinni. Við frágang efnistökusvæða skal leitast við að afmá ummerki efnistökunnar og fella það á eins náttúrulegan hátt að aðliggjandi landi og unnt er. Við uppræðslu skal horft til gróðurfars á aðliggjandi svæðum.
- Efnistaka sem er minni en 500 m<sup>3</sup> er tilkynningarskyld til sveitarfélagsins.



Tafla 15. Efnistökusvæði.

Nr.	Efnistökusvæði	Gerð	Lýsing
Dreiðbýli			
E1	Sólheimasandur	Sandur og möl	2,5 ha. Hámark 10.000 m <sup>3</sup> .
E2	Hólsá	Setnáma	2,5 ha. Hámark 50.000 m <sup>3</sup> .
E3	Haugsvæði Eystri-Sólheimar	Haugsvæði	2,5 ha. Hámark 50.000 m <sup>3</sup> .
E4	Eystri-Sólheimar	Bergnáma	7 ha. Hámark 500.000 m <sup>3</sup> .
E5	Við efri brú á Klifanda	Setnáma	2,5 ha. Hámark 10.000 m <sup>3</sup> .
E6	Selgilsgrýfja	Setnáma	2,5 ha. Hámark 10.000 m <sup>3</sup> .
E7	Holtsgil	Bergnáma	2,5 ha. Hámark 50.000 m <sup>3</sup> .
E8	Holt	Malarhnáma	2,5 ha. Hámark 50.000 m <sup>3</sup> . Nýtt efnistökusvæði.
E9	Klifandi	Setnáma	2,5 ha. Hámark 50.000 m <sup>3</sup> .
E10	Steigaraurar	Setnáma	2,5 ha. Hámark 50.000 m <sup>3</sup> .
E11	Hvammsá	Setnáma	2,5 ha. Hámark 10.000 m <sup>3</sup> .
E12	Fagradalsfjörunáma	Sandur og möl	2,5 ha. Hámark 50.000 m <sup>3</sup> . Nýtt efnistökusvæði. Gerð er krafa um að framkvæmdaraðili geri vöktunaráætlun og annist framkvæmd hennar og kostnað. Með henni er fylgst með breytingu á strandsvæðinu og áætlun verði útfærð í samráði við þá aðila sem fylgjast með strandrofi við Vík.
E13	Kerlingardalsá	Setnáma	2,5 ha. Hámark 50.000 m <sup>3</sup> .
E14	Sunnan Hjörleifshöfða	Sandur og möl	2,5 ha. Hámark 500.000 m <sup>3</sup> . Nýtt efnistökusvæði. Gerð er krafa um að framkvæmdaraðili geri vöktunaráætlun og annist framkvæmd hennar og kostnað. Með henni er fylgst með breytingu á strandsvæðinu og áætlun verði útfærð í samráði við þá aðila sem fylgjast með strandrofi við Vík.
E15	Reynisbrekka	Vikurnáma	2,5 ha. Hámark 500.000 m <sup>3</sup> . Nýtt efnistökusvæði.
E16	Múlakvísl	Setnáma	2,5 ha. Hámark 500.000 m <sup>3</sup> .
E17	Múlakvísl	Malarhnám úr árfarvegi	2,5 ha. Hámark 50.000 m <sup>3</sup> .
E18	Háfell	Bergnáma	2,5 ha. Hámark 50.000 m <sup>3</sup> .
E19	Aurgata	Setnáma	2,5 ha. Hámark 10.000 m <sup>3</sup> .
E20	Háfell	Setnáma	56 ha. Hámark 500.000 m <sup>3</sup> .
E21	Austan við Hafursey	Vikurnáma	1480 ha. Hámark 146.000.000 m <sup>3</sup> .



STEFNUMÖRKUN

# SAMGÖNGUR OG AÐRIR INNVIÐIR



## 6 SAMGÖNGUR OG AÐRIR INNVIÐIR

### Leiðarljós

Að allir vegfarendur komist leiðar sinnar á öruggan og greiðfaran máta.

Að innviðir hvetji til notkunar vistvænna samgöngumáta.

Að allir innviðir samfélagsins séu öruggir, styðji við fjölbreytt atvinnulíf og standist kröfur nútímans.

Málflokkurinn samgöngur tekur á vegamálum í sveitarféluginu, flugvöllum, lögnum og öðrum innviðum. Meðal helstu veikleika samfélagsins eru samgöngur, rafmagn og fjarskipti.

#### 6.1 SAMGÖNGUR

Greiðar og öruggar samgöngur árið um kring eru ein af grunnforsendum búsetu og undirstaða blómlegs atvinnulífs og þjónustu á landsbyggðinni. Meginmarkmið samgönguáætlunar eru að samgöngur séu greiðar, hagkvæmar, öruggar, umhverfislega sjálfbærar og að þær stuðli að jákvæðri byggðaþróun. Vinnusóknarsvæði Mýrdalshrepps er að mestu leyti innan hreppsins en nær þó einnig til nágrannasveitarfélaganna Skaftárhrepps og Rangárþings eystra. Greiðar og öruggar vegasamgöngur eru gríðarlega mikilvægar fyrir þann hóp sem sækir vinnu um langan veg. Einnig er talsverð samvinna við nágrannasveitarfélögini er varðar stjórnsýslu og þjónustu við íbúa og þá er ferðamennska orðin ein af undirstöðuatvinnugreinum í sveitarféluginu, sem reiðir sig á greiðar og öruggar vegasamgöngur allt árið. Á undanförnum árum hefur verið mikil umræða um úrbætur í samgöngum í sveitarféluginu, þannig að þær samræmist nútímkrafum um greiðfærni og öryggi. Undirbúningur færslu hringvegar með göngum í gegnum Reynisfjall er á Samgönguáætlun 2020-2024 og er matsvinna hafin, en framkvæmdin fellur undir lög 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Um skilgreiningar vega og helgunarsvæða vega er fjallað í vegalögum nr. 80/2007. Nýbygging og/eða breyting á eldri samgöngumannvirkjum er í mörgum tilvikum háð mati á umhverfisáhrifum og er vísað til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Götur í þéttbýli flokkast í stofnbrautir, tengibrautir, safngötur og húsagötur.

#### Almenn ákvæði

- Umferðaröryggi allra ferðamáta verði tryggt.
- Skólaleiðir verði skilgreindar og öryggi barna á þeim leiðum verði tryggt.
- Áhersla verði lögð á göngu- og hjólaleiðir og öryggi hjólandi og gangandi umferðar tryggt.
- Stuðlað verði að notkun sjálfbærra samgöngutækja, s.s. með bættum innviðum fyrir rafvæðingu samgangna og betri og tíðari almenningssamgöngum.



- Möguleikinn á að byggja höfn í sveitarfélagini verði skoðaður af alvöru, til að tryggja samgöngur, aðgengi og nýsköpun í atvinnuvegum.
- Ferðaþjónusta í vexti kallar á vegabætur innan sveitarfélagsins. Stýra þarf umferð um viðkvæm svæði.
- Framkvæmdir skulu falla vel að svipmóti og einkennum lands eins og kostur er.

#### 6.1.1 Breytt lega hringvegar

Áfórmáð er að fára Hringveg (1-b2\_b4) um Mýrdal og hafa verið gefin út drög að matsáætlun fyrir umhverfismat framkvæmdarinnar.<sup>17</sup> Í stað þess að vegurinn liggi um Gatnabrun og í gegnum þéttbýlið í Vík mun vegurinn ligga suður fyrir Geitafjall, meðfram Dyrhólaós og í gegnum Reynisfjall í jarðgöngum sunnarlega í fjallinu. Vegurinn mun ligga sunnan við Vík og tengjast núverandi vegi austan við byggðina.

Aðdragandi verkefnisins er langur og hafa jarðgöng um Reynisfjall verið til umræðu í áratugi. Í greinargerð samstarfsnefndar um sameiningu Dyrhóla- og Hvammshrepps, sem sameinuðust í Mýrdalshrepp þann 1. janúar 1984, segir meðal annars að í svæðisskipulagi fyrir byggðalagið eigi að stefna að gerð nýs vegar nær ströndinni með jarðgöngum um Reynisfjall (Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028). Í Samgönguáætlun 2020-2024 er gert ráð fyrir fjármagni í undirbúning vegna 13,3 kílómetra vegagerðar um Mýrdal og Víkurþorp ásamt jarðgöngum í gegnum Reynisfjall. Að teknu tilliti til ávinnings og umhverfisáhrifa vegna færslu Hringvegar telur Sveitarstjórn Mýrdalshrepps að hagsmunir séu meiri við að fára Hringveginn og byggja jarðgöng um Reynisfjall en möguleg neikvæð umhverfisáhrif. Vegur þar þungt að ný veglína hefur ekki veruleg áhrif á svæði á Náttúruminjaskrá, búsvæði fugla og ræktanlegt land.

Meginforsenda sveitarfélagsins fyrir færslu og staðsetningu Hringvegarins er að með því verði hann greiðfær láglendisvegur í stað vegar um hættulegar brekkur og misvindasamt svæði. Um Reynisfjall er umhleypingasamt svæði og hefur það talsvert að segja þar sem mikil úrkoma er í Mýrdal. Auk þess er vegurinn færður út úr þéttbýlinu í Vík og styttur um 3 km. Meðaltals slysatiðni á kafla Hringvegar um þéttbýlið í Vík (b5) og kaflanum um Víkina (Reynisfjall) til vesturs (b4) er hærri en á öðrum vegköflum í Mýrdalshreppi, hærri en meðaltalsslysatiðni á Suðurlandsvegi og landsmeðaltal Hringvegar. Vegur yfir heiði fyrir ofan Vík er að mati Mýrdalshrepps ekki ásættanlegur og er markmið með færslu vegarins m.a.:

- Greiðfærni á veturna. Greiðfærni fyrir alla umferð og vöroruflutninga.
- Umferðaráryggi. Bæta vegtæknilega eiginleka vegarins s.s. sjónlengdir, beygjur, veghalla og fækka tengingum.
- Fára Hringveg út úr þéttbýlinu í Vík. Bætir öryggi í þéttbýli.
- Styttning Hringvegar og fækkun tenginga við hann.

Mikilvægur ávinningur þess að fára Hringveg út fyrir íbúðarsvæði þéttbýlisins er aukið umferðaráryggi og minni hávaðamengun frá umferð. Þó er mikilvægt að halda góðum tengingum við atvinnusvæði austast í Vík, til að styrkja rekstrarforsendur atvinnustarfsemi. Með færslu Hringvegar fækkar tengingum við Hringveginn verulega, en þær eru yfir 50 talsins á um 12 km löngum kafla, flestar að bæjum og túnum. Að mati Mýrdalshrepps fellur ný veglína að hönnunarforsendum Vegagerðarinnar vegna nýrra vega, sem eru öryggi, afköst, hagkvæmni og umhverfi. Varðandi öryggi hefur Vegagerðin sérstaklega nefnt veghalla og fjölda gatnamóta.

<sup>17</sup> (VSÓ, 2020)



Mynd 22. Yfirlitsmynd af fyrirhugaðri veglínú. Mynd úr drögum að matsáætlun, VSÓ, 2020.

#### Valkostir um veglínú

Færsla veglínú byggir á forathugun Vegagerðarinnar (2008) á nokkrum mögulegum lausnum. Ný veglína liggur sunnan við Geitafjall að vestanverðu, meðfram Dyrhólaósi sem er svæði á náttúrumjaskrá (nr. 708), og í göngum sunnarlega um Reynisfjall (sjá Mynd 22). Austan Reynisfjalls liggur leiðin meðfram sjó innan við flóðvarnargarð og sameinast núverandi vegi austanvert í Vík. Nýtt vegstæði hefur um árabil verið til skoðunar og ýmsar lausnir verið til samanburðar meðal annars m.t.t. umhverfisáhrifa, kostnaðar, umferðaráryggis, vegtækni og veðurfars. Það sem vegur þyngst við færslu vegar er að hún verði til þess að samgöngur verði greiðfærar og öruggar allan ársins hring. Ýmsir kostir hafa verið til skoðunar en sú veglína hringvegar sem sýnd er í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps fellur best að þeim forsendum og markmiðum sem sveitarfélagið hefur skilgreint. Umhverfisáhrif þeirrar veglínú eru ekki talin verulega neikvæð, frekar en aðrar veglínur sem hafa verið



til skoðunar. Aðrir kostir kunna að hafa umfangsmanni umhverfisáhrif á votlendi og aðgengi að Víkurfjöru, en valda umfangsmeiri umhverfisáhrifum á aðra þætti s.s. vatnsvernd og ásýnd og landnotkun norðan Víkur. Mýrdalshreppur hefur því við ákvörðun kannað leiðir til að draga úr neikvæðum áhrifum. Í móturn skipulagsins komu m.a. fram ábendingar um að ströndin væri ekki í jafnvaegi. Strandlengjan við Vík er orðin stöðugri eftir byggingu sandfangara og aðstæður til vegagerðar þar með orðnar ákjósanlegri. Markmið þessara mannvirkja eru að verja land og byggð, en þau koma einnig til með að verja vegamannvirki þótt það sé ekki upphaflegt markmið með byggingu þeirra. Standi vegi sunnan byggðarinna í Vík ógn af hækken sjávarborðs eða eldgosum og flóðum mun að öllum líkindum sama gilda um byggðina sjálfa. Því kann að vera nauðsynlegt að ráðast í frekari varnaraðgerðir, óháð því hvort vegur verður lagður neðan við þorpið eða ekki. Til framtíðar verður að horfa til þess að fullnægjandi varnir verndi byggðina í Vík og er það forgangsmál varðandi framtíðarþróun byggðar í Mýrdalshreppi. Reynsla er komin á þau mannvirk sem hafa verið byggð í Víkurfjöru og aðgerðir til að hefta sjávarrof meðfram ströndinni hafa skilað góðum árangri. Lögð er áhersla á eðlilegt viðhald og lagfæringar á núverandi Hringvegi þar til nýr vegur hefur verið lagður, enda skuli slíkar lagfæringar ekki valda umfangsmiklum og neikvæðum umhverfisáhrifum.

### Skilmálar og aðgerðir vegna færslu Hringvegar

- Dregið verði úr umhverfisáhrifum sem kostur er.
- Möguleikar á endurheimt votlendis í Mýrdalnum í stað þess sem raskast við færslu Hringvegar verði kannaðir. Annars verði litið til Engigarðsmýri og Rofamýri.
- Tryggt verði að breytingar á ferskvatnsstreymi í Dyrhólaósi verði fyrir sem minnstum áhrifum.
- Unnin verði úttekt á fuglalífi og fæðuöflunarsvæðum þeirra í mati á umhverfisáhrifum.
- Aðkoma (gangandi og hjólandi) að Víkurfjöru verði greið og örugg.
- Dregið verði úr sjónrænum áhrifum á Víkurfjöru sem kostur er, s.s. með því að lágmarka hæð vegar meðfram varnargarði.
- Áningastaðir verði byggðir við Hringveginn, sem tryggi aðgengi og útsýni yfir Dyrhólaós og Víkurfjöru. Gerð áningastaða er á ábyrgð Vegagerðarinnar, en gerð göngustíga og annarra aðgerða til að stýra umferð vegfarenda á ábyrgð Mýrdalshrepps. Þetta eru nauðsynlegar aðgerðir, því að umferð um þessi svæði, auk Loftsalahellis og Reynisfjöru, mun aukast með tilkomu nýs vegar.
- Við færslu Hringvegar mun núverandi hringvegur falla í flokk tengivega. Þessi hluti vegar er mikilvægur fyrir aðkomu að bæjum, sem möguleg flóttaleið og hjáleið ef göng lokast.
- Tryggt verði að flæði um ósinn haldist og hann stíflist ekki. Ástæður slíkra aðgerða hafa verið að verja land, en með nýjum vegi verður tilgangurinn jafnframt að verja vegamannvirkin. Þessar aðgerðir hafa verið samstarfsverkefni Mýrdalshrepps og Landgræðslu ríkisins.
- Fylgst verði með þróun strandlengju og stöðugleika hennar sunnan við Vík.
- Unnið verði mat á snjóflóða- og hrunhættu við gangamunna beggja vegna Reynisfjalls.
- Lagt verði mat á öryggi í nágrenni nýs Hringvegar í Reynishverfi.
- Við útfærslu og staðarval gangamunna skal gert ráð fyrir hækken sjávarborðs.
- Í mati á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir áhrifum á tóftir sem skráðar hafa verið austan við Reynisfjall, í nágrenni gangamunna.

#### 6.1.2 Vegir, götur og stígar (VE)

*Vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastígar og tengd mannvirki þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis.*



## Stofnvegir

Þjóðvegir flokkast í stofnvegi, tengivegi, stofnvegi hálandisins og landsvegi. Héraðsvegir (safnvegir) og einkavegum er ekki gerð sérstök skil í aðalskipulagi, en þeir helstu er sýndir til skýringar á skipulags-upprætti.

Stofnvegur í Mýrdalshreppi er Hringvegur um Mýrdalssand, Mýrdal og Sólheimasand og byrjunin á Fjallabaksleið frá Ásum að Búlandi. Þaðan tekur við stofnvegur hálandisins að Jökuldöllum og síðan áfram. Veghaldari stofnvega er Vegagerðin.

## Tengivegir

Tengivegir eru hluti stofnvega og er Vegagerðin veghaldari þeirra. Nokkrir tengivegir eru skilgreindir í sveitarfélagini. Þeir helstu eru Kerlingardalsvegur, Reynishverfisvegur, Dyrhólavegur, Sólheimajökulsvegur og Mýrdalsjökulsvegur.

Vegnr.	Heiti végars	Af Hringvegi	Lengd (km)
214	Kerlingardalsvegur	Að Kerlingardal (Þakgil)	16,1
215	Reynishverfisvegur	Að Reynisfjöru.	5,9
218	Dyrhólavegur	Að Dyrhólaey	6,3
219	Péturseyjarvegur	Umhverfis Pétursey	4
221	Sólheimajökulsvegur	Að Sólheimajökli	4,2
222	Mýrdalsjökulsvegur	Að Sólheimakoti og Mýrdalsjökli	10,2
	Gamli Hringvegur	Að þéttbýlinu í Vík	12,1
<i>Samtals:</i>			<b>58,8</b>

## Göngu-, hjóla- og reiðleiðir

Á skipulagsupprætti eru eingöngu sýndar megingönguleiðir. Gönguleiðir, gamlar og nýjar, eru mikilvægar fyrir almenning og ferðapjónustu á svæðinu. Áfram verði unnið að því að tryggja öryggi vegfarenda innan þéttbýlis. Gert er ráð fyrir að innan miðsvæða verði skilgreindar vistgötur með lægri umferðarhraða. Áhersla verði lögð á hönnun göturýmis og gróðurnotkun til skjóls og fegrunar.

Á skipulagsupprætti eru aðeins sýndar helstu reiðleiðir og að hluta til fylgja þær gömlum þjóðleiðum. Meginreiðleiðir tengja byggð og hálandi saman en einnig liggja reiðleiðir milli byggða á svæðinu.

## Almenn ákvæði

- Stuðlað verði að almennri útvist og stutt við uppbyggingu ferðapjónustu á svæðinu.
- Gönguleiðir verði merktar til að hvetja til og auka möguleika í útvist.
- Uppbygging reiðvega í dreifbýlinu verði skoðuð.
- Allir stígar skulu vera utan öryggisvæða þjóðvega. Allar framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi Vegagerðarinnar.



## Reiðleiðir

Tafla 16. Helstu reiðleiðir í sveitarfélagini.

Nr.	Reiðleiðir	Lengd (km)
RL1	Meðfram þjóðvegi nr. 1, úr vestri og meðfram gamla þjóðveginum í austri.	50
RL2	Að Sólheimajökli frá Hringvegi.	5
RL3	Umhverfis Pétursey, tenging við R1.	4
RL4	Að Reynishverfi. Tenging við R1.	5
RL5	Heiðardalur-þakgil. Fylgir G4 og tengist R7	15
RL6	Frá Höfðabrekku, tenging við R1, að þakgili.	15
RL7	Umhverfis Hafursey, tenging við R1.	15,5
RL8	Umhverfis Hjörleifshöfða, tenging við R1	11
RL9	Niður með Klifanda. Tenging við R1.	3,5
<i>Samtals</i>		<b>124</b>

## Gönguleiðir

Tafla 17. Helstu gönguleiðir í sveitarfélagini.

Nr.	Gönguleiðir	Lengd (km)
<b>Þéttbýli</b>		
GL1	Göngu- og hjólaleiðir innan þéttbýlis	91
GL2	Gönguleið um Víkurfjöru	1,7
GL3	Gönguleiðir upp í Reynisfjall	1,2
GL4	Gönguleiðir um hlíðar ofan byggðar	4
GL5	Gönguleið austur með Víkurklettum	2,5
<b>Dreifbýli</b>		
GL6	Nokkrar leiðir innan Sólheimareyjar. Frá Hringvegi, frá Ytri Sólheimum og Estri-Sólheimum.	32
GL7	Um Fellsheiði.	12
GL8	Heiði-Gæsavatn. Tenging við G4	7,5
GL9	Heiði, meðfram Sundá. Tenging við G3, G5 og G6	10
GL10	Mælifell. Tenging við G4 og G6	10
GL11	Sker-Hvolhöfuð. Tenging við G4 og G5	13,5
GL12	Umhverfis Reynisfjall	9,5
GL13	Frá Vík, yfir Höttu	12



GL14	Frá Vík, norður fyrir Grafarhól og til baka, tengist G8.	4
GL15	Hjörleifshöfði	3
GL16	Í kringum Þakgil	2,5
GL17	Frá hringvegi að flaki á Sólheimasandi.	3,3
	<i>Samtals</i>	<b>219,7</b>

#### Hjólaleiðir

Tafla 18. Helstu hjólaleiðir í sveitarfélagini.

Nr.	Hjólaleiðir	Lengd (km)
<b>Dreifbýli</b>		
HL1	Meðfram þjóðvegi – Vestan við Vík	23,1
HL2	Meðfram þjóðvegi – Austan við Vík	14,9
HL3	Meðfram vega um gatnabrun	11,7
HL4	Að Reynishverfi. Tenging við H1 og H3.	5
HL5	Inn í Þakgil	14,3
	<i>Samtals</i>	<b>69</b>

#### 6.1.3 Vegir í náttúru Íslands

Samkvæmt reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands sem kveðið er á um í lögum um náttúruvernd skulu sveitarfélög gera skrá um vegi, innan sinna marka skv. 1. gr. Skráin skal tiltaka aðra vegi en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, sbr. 32. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Stefnt skal að því að ljúka flokkun vega á skipulagstímabilinu.

Vegirnir eru flokkaðir í samræmi við 4. gr. reglugerðarinnar sem er eftirfarandi:

F0	Greiðfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu á þáatíð.
F1	Seinfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Stórir lækir og ár brúaðar. Vegir þessir eru oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu á þáatíð.
F2	Lakfær vegur, fær fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum, jepplingum og vélhjólum. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Lækir og smáár óbrúaðar. Oft lokað á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þáatíð.
F3	Torfær vegur, einungis fær stórum og vel útbúnnum fjórhjóladrifnum bílum, ofurjeppum og vélhjólum. Vegur, oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða, getur verið ójafn, grýttur og með bleytuþlaupum. Breidd um 4 m. Oft lokað á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þáatíð.

#### 6.1.4 Skilti

Skilti eða skiltaturnar skulu almennt staðsettir innan lóða og í samræmi við skilmála byggingarreglugerðar nr.112/2012 kafla 2.5. Sækja skal um leyfi til sveitarfélagsins fyrir uppsetningu allra skilta innan sveitarfélagsins. Skilti utan á húsum eða stakstæð á lóðum eru leyfisskyld og skal sækja um leyfi fyrir



uppsettingu þeirra til sveitarfélagsins. Skilti mega vera staðsett á hverri húshlið en ekki ná upp fyrir þak. Almennt er hámarksstærð skilta 8 m<sup>2</sup> á hverri húshlið. Heimilt er að setja skilti stakstætt á lóð. Í slíku tilfelli skal staðsetning og útlit þess sett fram á aðalupplætti hússins. Stærð skilta er að hámarki 8 m<sup>2</sup> og skal áletrun og framsetning skilta tengjast starfsemi viðkomandi húss. Ekki er heimilt að vera með veltiskilti né skjái, svo sem LED skilti. Ekki er heimilt að setja upp skilti í íbúðarhverfum.

#### 6.1.5 Flugvellir (FV)

*Tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.*

Flugvöllur í Mýrdalshreppi er við Höfðabrekku. Flugsamgöngur eru fyrst og fremst sjúkra- og leiguflug. Flugbrautin er 707 m að lengd og 25 m á breidd. Heimilt er að lengja brautina í um 1.200 m sbr. sveitarfélagsupprátt. Lágmarks lendingarbúnaður ásamt öryggis- og brunavörnum er á flugvellinum. Til að tryggja öryggi flugvallarins, verður ekki heimilt að reisa mannvirki nálægt flugbrautinni sem kunn að hafa neikvæð áhrif á öryggi flugvallarins. Umsjón flugvallarins er í höndum Isavia. Aðkoma að flugvellinum er frá Hringvegi.

#### Skilmálar vegna flugsamgangna

- Tilkynna þarf stækkan flugbrautarinnar til Skipulagsstofnunar skv. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sem tekur ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Tafla 19. Flugvellir.

Nr.	Heiti	Stærð (ha)
Dreifbýli		
FV1	Höfðabrekkuflugvöllur	11,3
	<i>Samtals:</i>	<b>11,3</b>

#### 6.1.6 Hafnir (H)

*Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir.*

Möguleiki á að byggð verði höfn í Vík eða nágrenni Víkur verði skoðaður af alvöru. Það er mikilvægt til að tryggja samgöngur, vöruflutninga, aðgengi og möguleika til nýsköpunar í atvinnuvegum.

#### 6.1.7 Veitur (VH)

*Veitur, svo sem vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir- og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við.*



## Almenn ákvæði

- Farið verði í átak í fráveitumálum í þéttbýlinu.
- Að fráveita sveitarfélagsins verði í samræmi við lög og þarfir samfélagsins og stefnt verði að því að mengun vegna skólps við strendur sveitarfélagsins verði í algjöru lágmarki.
- Að mengun í ám og stöðuvötnum vegna skólps verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi, fiskgengd eða útvistargildi.
- Ekki er heimilt að reisa neins konar mannabústaði innan né utan þéttbýlis án þess að þeir séu tengdir við fráveitur eða fullnæggjandi hreinsivirkri.
- Uppfylla skal ákvæði laga og reglugerða um heilbrigðis- og hollustuhætti. Í því sambandi er vísað til reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.
- Aðilar sem skila frá sér mikið menguðu frárennsli skulu marka sér stefnu í samstarfi við sveitarfélagið um að hreinsa skólp innan lóðar sem síðan er leitt út í almennt kerfi sveitarfélagsins og út í viðtaka.
- Að sveitarfélagið bjóði upp á aðstöðu til að meðhöndla og nýta seyru til uppræðslu.
- Lagning ljósleiðara í þéttbýlinu verði kláruð.

## Vatnsveita

Sjö vatnsból eru í notkun og skilgreind í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps, sjá kafla 7.4.4 Vatnsból (VB) og vatnsvernd vatnsbóla (VG, VF). Að öðru leyti eru bújarðir með einkavatnsból í Mýrdalshreppi.

## Hitaveita

Byggðin notast við rafmagnshitun. Mýrdalshreppur leggur á það áherslu að leita leiða til að koma á hagkvæmri húshitun í sveitarfélaginu.

## Aðgerðir vegna hitaveitu

- Kanna skal hagkvæmni og skilvirkni þess að bora fleiri holur eftir heitu vatni og nýta varmadælur.

## Rafveita

RARIK sér um alla dreifingu raforku í Mýrdalshreppi. Stofnlína, 33 kV, liggur til Víkur frá Hvolsvelli. Frá Vík liggja tvær línar, önnur yfir í Mýrdal en hin, sem er 19 kV, til Kirkjubæjarklausturs. Sú lína þjónar einnig Höfðabrekku, Kerlingardal og Háfelli. Línan til Kirkjubæjarklausturs getur einnig þjónað Mýrdalshreppi ef línan vestan frá rofnar. Vararafstöð er í Vík.



Mynd 23. Víkurbraut á votum degi.

## Skilmálar og aðgerðir vegna rafveitu

- Helgunarsvæði 33 kV stofnlínu er 25 m. Óheimilt er að reisa mannvirkni innan þess nema með leyfi RARIK.
- Nýjar eða endurbættar raflínur skal leggja í jörðu, með það að markmiði að vernda ásýnd Mýrdalshrepps, sérstaklega um óbyggð svæði.



- Raflínur, þar sem þær eru ofanjarðar, valdi sem minnstum spjöllum og þær verði þannig lagðar að þær falli sem best að landslagi.
- Að tryggð verði næg orka til frekari uppbyggingar í sveitafélaginu sem og fyrir orkuskipti í samgöngum.
- Stuðlað skal að aukinni orkunýtni.

### Gagnaveita

Til þess að unnt sé að byggja upp atvinnu í sveitarféluginu og bjóða upp á samkeppnishæf lífsgæði er mikilvægt að fjarskiptasamband sé gott, og í dag er góð nettenging forsenda byggðar í dreifbýli sem þéttbýli. Ljósleiðara er í sveitarféluginu.

### Fráveita

Í Vík er víðast hvar tvöfalt fráveitukerfi. Skólp er leitt í hreinsivirk sunnan Víkurskála, siturlögn opnast út í Víkurá. Vegna bakflæðis sem stundum á sér stað hefur einstremisloka verið komið fyrir. Vestan Víkurár er einfalt fráveitukerfi og rennur skólpið þaðan í ána. Sérstakt hreinsivirk er fyrir iðnaðarsvæðið við Smiðjuveg og önnur fyrir farfuglaheimilið í Norður-Vík. Uppbygging holræsa- og frárennsliskerfisins í Vík hefur ekki haldist í hendur við þá miklu uppbyggingu sem hefur átt sér stað og fráveitumál þarfnað endurskoðunar. Endurskoðun og endurbótum á fráveitukerfi skal lokið árið 2026.

Hreinsivirkjum hefur verið komið fyrir á flestum bújörðum og við flest nýleg frístundahús.

*Tafla 20. Veitumannvirki.*

Nr.	Veitur	Stærð (ha)
VH2	Hitaveituborhola	<0,1



STEFNUMÖRKUN

# UMHVERFISVERND OG NÁTTÚRUVÁ



## 7 UMHVERFISVERND OG NÁTTÚRUVÁ

### Leiðarljós

Að sjálfbærni verði höfð að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku og ekki verði gengið á náttúru og umhverfisleg gæði sveitarfélagsins.

Að staðinn verði vörður um sérkenni og líffræðilegan fjölbreytileika náttúrunnar.

Að íbúar og gestir hafi öruggt aðgengi að fjölbreyttri náttúru svæðisins án þess að umhverfið bíði skaða af.

Gerðar verði ráðstafanir til að verja umhverfið fyrir ágangi og landbroti.

Öryggi allra íbúa og gesta sveitarfélagsins verði ávalt tryggt og uppfærðar viðbragðsáætlunar séu ávallt í gildi.

#### Umhverfis-, orku- og auðlindamál

Landnotkunarflokkar eru: óbyggð svæði, náttúrvá, vötn, ár og sjór, vatnsból, strandsvæði, varúðarsvæði eða aðrar takmarkanir, friðlýst svæði, önnur náttúruvernd, minjavernd, vatnsvernd og hverfisvernd.

##### Almenn ákvæði

- Sérkenni og fjölbreytileiki náttúrunnar verði verndaður.
- Nýting auðlinda og náttúru sé með sjálfbærum hætti og tillit tekið til komandi kynslóða og náttúrunnar við ákvarðanatöku.
- Líffræðileg fjölbreytni tegunda og vistgerða nýtur verndar í samræmi við lög og alþjóðaskuldbindingar.
- Fjölbreytt náttúra svæðisins sé aðgengileg íbúum og gestum.
- Hverfisvernd verði notuð til að hlífa mikilvægum svæðum sem njóta ekki verndar skv. lögum um náttúruvernd
- Í samræmi við 2. mgr. 13. gr náttúruverndarlaga skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar við framkvæmdir á náttúruverndarsvæðum.

Nýting og verndun náttúruauðlinda skal vera í samræmi við leiðarljós og meginmarkmið aðalskipulagsins sem og aðrar skuldbindingar landsins og sveitarfélagsins og taka mið af sjálfbærri þróun.



## 7.1 VÖTN, ÁR OG SJÓR (V)

*Vatnsfletir númerandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talið legu þeirra vegna stífla, breytingu á árfarvegum og landfyllinga.*

### Almenn ákvæði

- Gæta skal að umgengni við vötn, ár og sjó í samræmi við lög þar að lútandi, s.s. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, og tryggja að vatnsgæði rýrni ekki.
- Tryggja skal umgengnisrétt almennings og ekki skal byggja nær vatnsborði en 50 m, þó með þeim undantekningum sem gerðar eru í skipulagsreglugerð.
- Framkvæmdir í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka þess, kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu sbr. 33. gr. lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Tafla 21. Vötn ár og sjór.

Nr.	Vötn, ár og sjór	Stærð (ha)
V1	Dyrhólaós	563
V2	Oddnýjartjörn	33
V3	Dalsvatn	11
V4	Heiðarvatn	193
V5	Gæsavatn	17
V6	Jökulsá á Sólheimasandi	
V7	Múlahvísl	
V8	Sjór	
	<i>Samtals:</i>	<b>817</b>

## 7.2 ÓBYGGÐ SVÆÐI (ÓB)

*Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálandi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útvist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.*

Allt land sem er yfir 300 m y.s. er skilgreint sem óbyggð svæði og fellur meirihluti Mýrdalshrepps þar undir. Þetta eru svæði þar sem hvorki er búseta né atvinnustarfsemi, svo sem hálandi, heiðar og afréttir, og er ekki gert ráð fyrir mannvirkjum öðrum en þeim sem þjóna útvist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum. Skal gerð grein fyrir slíkum mannvirkjum í skipulagi. s.s. efnistöku, miðstöðvum fyrir ferðapjónustu, raflínum, vegum og stígum. Mýrdalsjökull, Höfðabrekkufrétt, Klofningur og Hafursey eru einnig skilgreind sem óbyggð svæði. Þau eru mikilvæg kennileiti og stór hluti ásýndar og upplifunar í sveitarfélagini og um þau eða nærrí þeim liggja göngu- og/eða reiðstígar. Svæði upp til heiða og jöklar er kallað óbyggt svæði, en það þjónar að hluta sem mikilvægt beitarland bænda og tengist þannig landbúnaði.



Ýmsar takmarkanir eru á landnotkun á óbyggðum svæðum, svo sem vegna náttúruvár, náttúruverndar, vatnsverndar og minjaverndar. Slík notkun er þá sýnd með strikum ofan á þeim lit sem tákna óbyggð svæði. Önnur tákn eru einnig sýnd á óbyggðum svæðum, svo sem vegir, gönguleiðir, veitur o.s.frv.

## Almenn ákvæði

- Taka skal tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða við skipulag og framkvæmdir á óbyggðum svæðum.
- Í aðalskipulaginu eru gönguleiðir skilgreindar á óbyggðum svæðum.
- Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki á óbyggðum svæðum og því eru gangnakofar, veiðihús, reiðleiðir, vegir o.fl. afmörkuð sérstaklega með viðeigandi landnotkunarflokkum.
- Unnið verði að skilgreiningu víðerna innan sveitarfélagsins innan fjögurra ára eða við næstu ákvörðun um endurskoðun aðalskipulags.

Tafla 22. Óbyggð svæði.

Nr.	Svæði	Skipulagsákvæði
ÓB1	Allt land yfir 300 m h.y.s. er skilgreint sem óbyggt svæði.	Svæðin eru ætluð til almennrar útvistar eða takmarkaðrar umferðar fólks. Almennt er ekki gert ráð fyrir skógrækt eða mannvirkjagerð. Á þessum svæðum má þó gera ráð fyrir neyðarskýlum, fjarskiptasendum og sambærilegum mannvirkjum. Einig er leyfilegt að koma upp salernisaðstöðu við upplýsingatorg og við bílastæði á áningarstöðum ferðamanna. Salernin skulu að hámarki vera $20\text{ m}^2$ og með umsókn um framkvæmdaleyfi skal fylgja afstöðumynd, útlitsteikning og lýsing á frágangi við vatnsöflun og frárennslu. Á óbyggðum svæðum er heimil landgræðsla. Þá eru hefðbundnar landnytjar landeigenda, s.s. beit, veiðar og minniháttar efnistaka til eigin nota (þ.e. efnistaka sem er allt að $500\text{ m}^3$ , en hún er tilkynningarskyld til sveitarfélagsins), heimilar á óbyggðum svæðum, nema þar sem svæði hafa verið friðuð fyrir beit eða aðrar takmarkanir gilda vegna hverfis- eða vatnsverndar. Varnir vegna náttúruvár eru heimilar. Eggjataka og veiði á afrétti er háð leyfi landeiganda.

## 7.3 NÁTTÚRVÁ (NV)

*Svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).*

Náttúrvá í Mýrdalshreppi er vegna eldsumbrota, hlaupa, landbrots og ofanflóða/skriðufalla. Katla er eldstöð í fjalllendi undir suðaustanverðum Mýrdalsjökli. Sögulegar heimildir eru til um eldsumbrot í Köllu frá landnámi, með jökulhlaupum um Mýrdalssand og Sólheim- og Skógasand, að því er ætla má. Stór jökulhlaup hafa einnig farið um farvegi Markarfljóts vegna eldsumbrota í Mýrdals- og Eyjafjallajökli. Viðbúnaður vegna Kötlugoss hefur aukist á liðnum árum. Jarðvísindamenn vakta Köllu allan sólarhringinn og telja má öruggt að vara megi við Kötluhlaupi fram Mýrdalssand með nokkurra klukkustunda fyrirvara. Helstu vatnasvæði undir Mýrdalsjökli eru vatnasvæði áa á Mýrdalssandi til austurs og suðurs, vatnasvæði Jökulsár á Sólheimasandi til suðurs og vatnasvæði Markarfljóts til vesturs. Helstu vatnsföll sem flytja leysingavatn frá norðaustur- og austurjöklum eru Brennivínsvísl, Jökulkvísl og Leirá sem renna í Hólmsá sem síðan sameinast Kúðafljóti og svo Múlakvísl. Innri- og Fremri-Emstrúá renna frá norður- og norðvesturhlutanum og mynda ásamt Krossá og fleiri ám í vestri Markarfljót. Frá suðurhlutanum renna aðallega Jökulsá á Sólheimasandi og Klifandi.



Alvarlegustu áhrif eldgosa undir Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli eru jökulhlaup. Jökulhlaup sem fylgdi Kötlugosinu 1918 er ætlað að hafa náð allt að 300.000 m<sup>3</sup>/sek. Ennfremur fylgir gjóskufall (heildarmagn á bilinu 0,5-1,5 km<sup>3</sup> ), stöðurafmagn í lofti (static) með miklum eldingum, flúormengun og flóðbylgja á sjó (hafnabylgja). Við Kötlugos má búast við jökulhlaupum undan Kötlujökli og fram úr Krika út á Mýrdalssand, undan Sólheimajökli út á Sólheima- og Skógasand og undan Emstrujökli út í farveg Markarfljóts. Frá landnámsöld hafa langflest hlaup fallið niður á Mýrdalssand en einungis örfá niður á Sólheima- og Skógasand.

Líklegasta afleiðing jökulhlaupa undan Mýrdalsjökli er rof á samgöngumannvirkjum, rafmagns- og símalínum og ljósleiðara. Alvarlegustu afleiðingar jökulhlaupa geta orðið að fólk, hús, uppgræðsla á söndum og tæki geta orðið hlaupum að bráð. Afleiðingar gjóskufalls frá eldgosum koma fram undan vindi á hverjum tíma frá eldstöðinni. Eiturefni og aska geta torveldoað öndun og lungu skaddast. Gjóskufall á raflínur, tengivirki og loftnetsbúnað geta valdið skammhlaupi og skemmdum, sérstaklega í votviðri. Afleiðing stöðurafmagns í lofti sem bundið er við gosmökkinn, eru truflanir og skemmdir á rafbúnaði, fjarskiptabúnaði og mannvirkjum. Lifshætta getur skapast af eldingum.

Öll byggð í Mýrdalshreppi býr við ógn eldgosa og flóða því samhliða og sjórinn hefur lengi ógnað byggð í Vík.

Þær sjóvarnaraðgerðir sem ráðist hefur verið í á undanförnum árum hafa reynst vel og hamlað sjávarrofi. Stöðugleiki strandlínunnar er þó enn háður óvissu, m.a. um sjávarborðshækkun, eldgos og flóð, sem getur ógnað byggð í Mýrdalshreppi. Fyrirhuguð veglagnin hringvegar í gegnum Reynisfjall og suður af þorpinu mun einnig þjóna sem varnargarður gegn sjávarrofi og styrkja strandlínuna. Byggðinni í Vík og vegi sunnan byggðarinnar mun standa ógn af ágangi sjávar og flóðum vegna eldgosa. Því er nauðsynlegt að ráðast í frekari varnaraðgerðir, óháð því hvort vegur verður lagður eða ekki. Fullnægjandi sjóvarnir til verndar byggð í Vík eru forgangsmál varðandi framtíðarþróun byggðar í Mýrdalshreppi.

#### Almenn ákvæði

- Tryggðar verði viðeigandi varnir við hugsanlegum náttúruhamförum vegna flóða og goshættu og að allir íbúar sveitarfélagsins búi við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúrvár.
- Gerð verði áætlun um heftingu sandfoks í Vík og tryggt eftir því sem hægt er að sandfok valdi hvorki íbúunum áþægindum né tjóni á mannvirkjum.
- Að landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúrvár.
- Að eignir séu varðar fyrir náttúrvá.
- Öll íbúðarhús og atvinnustarfsemi byggist upp á hættulausum eða hættulitum svæðum í samræmi við ofanflóðahættumat sem takmarkar þróun og uppbyggingu á ofanflóðahættusvæðum.
- Nýting á hættusvæðum sé í samræmi við löggjöf um ofanflóð og ofanflóðahættu.
- Stuðlað skal að öryggi fólks með fyrirbyggjandi aðgerðum, viðbragðsáætlunum og upplýsingagjöf til íbúa og atvinnulífs.
- Í skipulagsgerð skal leggja áherslu á að afla góðra grunngagna um náttúrvá og leita álits hjá viðeigandi fagaðilum og staðkunnugum til að forðast neikvæð áhrif af völdum náttúrvár.
- Umhverfið sé vaktað eins og tilefni er til, til að auka skilning á umhverfisbreytingum og áhrifum sem þær geta haft á umhverfið og auðlindirnar.
- Varnir gegn landbroti eru heimilar þar sem landbrot ógnar nytjalöndum, mannvirkjum og gróðurlendum í samræmi við lög um varnir gegn landbroti nr. 91/2002 enda sé gætt að samráði við umráðahafa lands og eftir atvikum veiðifélag eða Fiskistofu. Landgræðsla ríkisins metur hvar þörf er á fyrirhleðslum til að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot sem ógnar eða veldur tjóni á landi eða mannvirkjum.




### 7.3.1 Viðbrögð vegna Kötluhlaupa

Til að bregðast við hættu af völdum Kötluhlaupa hafa verið gerðar áætlanir um rýmingu ákveðinna svæða, sem byggja m.a. á áætlunum almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra og hermun Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands. Nálgast má nýjustu útgáfur viðbragðsáætlanna á vef almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra. Landgræðsla ríkisins fer með framkvæmd laga nr. 91/2002 um varnir gegn landbroti. Auk þess hefur Landgræðslan verið í samvinnu með Vegagerðinni um gerð varnargarða.

Varnargarðar eru víða í Mýrdalshreppi en þeir helstu eru eftirfarandi:

- Varnargarður við Víkurklett
- Varnargarðar við Höfðabrekkjökul, vegna Múlakvíslar
- Kötlugarður í Vík
- Varnargarðar við Klifanda
- Varnargarðar við Kerlingardalsá
- Varnargarðar við Hafursá
- Varnargarðar við Jökulsá



Mynd 24. Kort sem sýnir möguleg áhrifasvæði hlaups í Mýrdalsjökli. Mynd: Almannavarnir.



Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að fylgst verði með aðstæðum og gripið til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja öryggi íbúa og vernda mannvirki í Mýrdalshreppi. Skipulagið gerir ráð fyrir því að unnt sé að viðhalda, stækka, breyta og bæta við nýjum varnargörðum án sérstakra aðalskipulagsbreytinga, enda liggi fyrir skýrir og aðkallandi almannahagsmunir.

Finna má frekari heimildir um náttúruvá í Mýrdalshreppi, s.s. *varðandi hlaupleiðir og endurkomutíma jökulhlaupa í eftirfarandi greinum:*

*Hættumat vegna eldgosa og hlaupa úr vestanverðum Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli, eftir Magnús Tuma Guðmundsson og Águst Gunnar Gylfason.<sup>18</sup>*

*Áhættumat vegna jökulhlaupa frá Sólheimajökli eftir Berg Einarsson, Einar Hjörleifsson, Tinna Þórarinsdóttur & Matthew J. Roberts.<sup>19</sup>*

Múlakvísl. Hermun jökulhlaups til Víkur unnið af Verkfraðistofunni Vatnaskil.<sup>20</sup>

European volcanological supersite in Iceland: a monitoring system and network for the future<sup>21</sup> eftir Claire Witham, Sara Barsotti og Stephanie Dumont.

### 7.3.2 Ofanflóð

Undir ofanflóð flokkast snjóflóð, skriður og svonefnd berg- og framhlaup, en þau verða þegar stórar spildur eða stykki úr fjallahlíðum hlaupa fram. Samkvæmt hættumati Veðurstofu Íslands (2009) er hætta á berghlaupum og grjóthruni úr Reynisfjalli sunnan Króktorfuhaus og úr Víkurhömrum ofan golfvallarins (sjá Mynd 26). Hættusvæði hefur verið afmarkað undir Króktorfuhaus en hætta á skriðuföllum frá Víkurhömrum er ekki talin ná inn á hættumetna svæðið. Snjóflóða- og aurskriðuhætta er undir lágri brekku við Víkurbraut og undir hlíðinni sem teygir sig upp í Króktorfuhausinn. Snjóflóðahætta úr Reynisfjalli ofan Bakkabrautar og Mýrarbrautar og úr hlíðinni neðan Hrafnatinda og Víkurheiðar er ekki talin ná inn á hættumetna svæðið. Í hættumatinu kemur fram að hætta á snjóflóðum og öðrum ofanflóðum skapast oftast í kjölfar tiltekinna veðuraðstæðna. Snjóflóð falla oft í tengslum við aftakaveður að vetrarlagi með mikilli snjókomu og skafréningi en krapaflóð þegar hlánar og rignir snögglega niður í snjó og aurskriður falla í kjölfar stórrigninga og örrar leysingar. Veðurfar er því einn mikilvægasti þátturinn sem segir til um ofanflóðahættu.

Samkvæmt hættumatinu (Veðurstofa Íslands, 2009) eru fjögur íbúðarhús og tvö atvinnuhús við Víkurbraut á B-svæði og tólf íbúðarhús og þrjú atvinnuhús þar eru á A-svæði, einkum vegna snjóflóðahættu. Sex gistiskálar og þrír bílskúrar norðan Klettsvegar eru á A-svæði vegna grjóthruns- og snjóflóðahættu. Engar byggingar eru á hættusvæðunum sem afmörkuð eru undir Reynisfjalli vestast á hættumetna svæðinu, sjá þéttbýlisupprátt. Afmörkuð eru hættusvæði á skipulagsuppráttum skv. flokkun A, B og C sbr. reglugerð 505/2000 m.s.br. um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats. Mælt er með því að óstyrkt atvinnu- eða íbúðarhúsnaði verði ekki reist á skilgreindum hættusvæðum í Vík í Mýrdal nema að vel athuguðu máli þótt ákvæði núverandi reglugerðar kunni að heimila slíkt í ákveðnum tilvikum (Veðurstofa Íslands, 2009). Undir lágum brekkum eru hættusvæði í flestum tilvikum lítil að umfangi og víðáttumikil athafnasvæði fyrir nýjar byggingar eru utan hættusvæða. Því er ekki miklu til kostað að fara varlegar en reglugerðin heimilar að þessu leyti.

<sup>18</sup>Magnús Tumi Guðmundsson og Águst Gunnar Gylfason (ritstjórar), 2005. Hættumat vegna eldgosa og hlaupa úr vestanverðum Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli. Ríkislöggreglustjórin, Háskólaútgáfan, 2005.

<sup>19</sup>Bergur Einarsson, Einar Hjörleifsson, Tinna Þórarinsdóttir & Matthew J. Roberts (2022). Áhættumat vegna jökulhlaupa frá Sólheimajökli. Reykjavík: Veðurstofa Íslands

<sup>20</sup>Verkfraðistofan Vatnaskil, 2018. Múlakvísl. Hermun jökulhlaups til Víkur. Unnið fyrir Löggreglustjórn á Suðurlandi. Skýrsla nr. 18.06, mars 2018.

<sup>21</sup>Claire Witham, Sara Barsotti og Stephanie Dumont (2016) Report D9.2 – Outcomes of Exercise 2. FUTUREVOLC: European volcanological supersite in Iceland: a monitoring system and network for the future, Seventh Framework Programme, EC project number: 308377.



## Skilmálar og aðgerðir vegna ofanflóða


- Svæði A: Heimilt er að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnaði án sérstakra styrkinga nema hvað styrkja þarf hús þar sem búist er við miklum mannsöfnuði s.s. fjölbýlishús, sjúkrahús og skóla, og íbúðarhús með fleiri en fjórum íbúðum.
- Svæði B: Atvinnuhúsnaði má byggja án sérstakra styrkinga. Byggja má íbúðarhús og byggja við hús með sérstökum styrkingum þar sem búist er við miklum mannsöfnuði, s.s. fjölbýlishús, sjúkrahús og skóla.
- Svæði C: Engar nýbyggingar nema frístundahús ef staðaráhætta er minni en 5\*10-4 á ári og húnsæði þar sem viðvera er lítil.
- Í varúðarskyni er ekki gert ráð fyrir að íbúðarbyggð verði skipulögð undir Víkurhömrum ofan þjóðvegarins austan þess staðar þar sem hamrarnir ná fullri hæð.
- Fylgjast skal vel með og að setja upp viðvörunarskilti þar sem hætta er á grjóthruni, þetta á sérstaklega við um gönguleiðir í nágrenni Víkur.



Mynd 25. Jökulsárlón við Sólheimajökul. Mynd: Þórir Níels Kjartansson.



## Aðalskipulag Mýdalshrepps 2021-2033



Vík í Mýrdal	Staðaráhætta	Hættumat vegna ofanflóða fyrir Vík í Mýrdal
<b>Hættumatskort</b>	<b>Merk hættumetins svæðis</b>	<b>Desember 2009</b>
Hættumat vegna ofanflóða Unnið fyrir hættumatenefnd Mýdalshrepps	<ul style="list-style-type: none"> <li>Jafnhættulína, áhætta: <math>3.0 \cdot 10^{-4}</math></li> <li>Jafnhættulína, áhætta: <math>1.0 \cdot 10^{-4}</math></li> <li>Jafnhættulína, áhætta: <math>0.3 \cdot 10^{-4}</math></li> </ul>	Hættumat þetta er unnið og lagt fram til staðfeitingar umhverfisráðherra samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðulföllum nr. 49/1997 og reglugerð nr. 505/2000 með breytingum í reglugerð nr. 495/2007 um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nyttingu hættusvæða.
Kothru Víglýr greinirðar bar sem gerð er grein fyrir hættu fórsendum, aðferðaæði og miðurstöðum hættumatsins:	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hættumat fyrir Vík í Mýrdal.</li> <li>Greinagengi með hættumatskorti.</li> <li>Veðurstofa Íslands og hættumatenefnd Mýdalshrepps, skýrsla VI-2009-008, desember 2009.</li> </ul>	Gunnar Guðjónsson Sævar Pálsson Sigrún Ólafsson Jóhanna Þórunn
Kortageð: Veðurstofa Íslands 2009/IDK Vörpun: Kellvörpun Lambert Vítmið: ISM93 Korttagrunnur: Mýdalshreppur 2009	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lokar hættusvæði B</li> <li>Lokar hættusvæði A</li> </ul>	Hættumat þetta er stofðfest af umhverfisráðherra samkvæmt 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðulföllum nr. 49/1997 og 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 með breytingum í reglugerð nr. 495/2007 um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nyttingu hættusvæða. Reglugerð 10. febrúar 2009 Sævar Pálsson Magnús Jónasson
0 50 100 200 300 400 m Kvæði 1:5000		

Mynd 26. Hættumatskort Veðurstofu Íslands fyrir Vík í Mýrdal (2009).



### 7.3.3 Flóð

Með hlýnandi loftslagi hafa vatnsflóð vegna mikilla rigninga og leysinga orðið algengari á Íslandi og valdið tjóni á ræktarlandi, vegakerfi og í byggð. Mikilvægt er að huga að þessari vá í skipulagi og gera ráð fyrir að til slíkra flóða geti komið.

### 7.3.4 Jarðskjálftar og eldvirkni


Búast má við jarðskjálftum í Mýrdalshreppi og Kötlugosum geta fylgt snarpir skjálftar. Ólíklegt er talið að jarðskjálftar sem fylgja eldgosum undir Mýrdals- og Eyjafjallajökli geti valdið mikilli hættu eða tjóni vegna smæðar sinnar og hversu langt þeir verða frá byggð. Nákvæmar og stöðugar mælingar á jarðhræringum fara fram við Mýrdalsjökul. Mikilvægt er að fylgjast með jarðhræringum á svæðinu þar sem tengsl eru talin vera á milli þessara hreyfinga og hugsanlegs Kötluhlaups. Á Íslandi er skjálftasvæðum skipt í 5 hönnunarhröðunarsvæði, þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Hæsti áhættuflokkur er 0,4g og sá lægstu 0,1g. Samkvæmt skiptingu er Mýrdalshreppur á svæðum 0,1g, með minnsta áhættu, 0,15g og 0,2g. Hönnun mannvirkja í Mýrdalshreppi skal miðast við hönnunarstaðla skv. þessari flokkun.

### Skilmálar fyrir mannvirkjagerð vegna jarðskjálfta

- Um mannvirkjagerð á jarðskjálftasvæðum gildir forstaðallinn EC-8 (ENV 1998): Design provisions for earthquake resistance of structures, ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum. Samkvæmt þjóðarskjali FS ENV 1998-1-1:1994 er Mýrdalshreppur á hönnunarhröðunarsvæðum 0,10g, 0,15g og 0,20g. Taka þarf mið af því við hönnun mannvirkja.

### 7.3.5 Sjávarrof/landbrot

Sjávarrof hefur um áratugaskeið ógnað byggð í þéttbýlinu í Vík. Ölduálag við ströndina framan við Vík er eitt það mesta sem verður hér á landi. Landið framan Víkurhamra er að mestu mótað af sandframburði úr Kötlugosum og því er jarðvegur laus og ná oldustraumar að hreyfa til botnefni niður á tuga metra dýpi. Fram að Kötlugosi (1904-1919) var mikið landbrot og lá þá vegurinn upp undir Víkurhörrum þar sem Klettsvegur er í dag. Eftir Kötlugosið 1918 færðist ströndin við Vík fram um 500 til 600 m en um árið 1970 tók strandlínan aftur



Mynd 27. Strandlínubreytingar 1904-2011 frá Vík og austur fyrir Hjörleifshöfða.  
Höfundur: Hildur Ágústsdóttir (Landmælingar Íslands og Köbenhavn: Det kongelige Sækort-Arkiv.)



að færast nær byggðinni.<sup>22</sup> Siglingastofnun (2011) metur flóðahættu mikla í Vík. Í sjóvarnarskýrslu kemur fram að um áramótin 1997-1998 varð eitt mesta flóð sem heimamenn muna. Flæddi þá sjór inn um opið á flóðvarnargarðinum þar sem Víkurá rennur til sjávar en mikið vatn var í ánni. Annars staðar hindraði flóðgarðurinn að sjór flæddi inn í byggðina. Árið 1995 var byggður um 1,6 km flóðvarnargarður framan byggðina við Vík sem nær um 450 m vestur fyrir Víkurá. Eftir mikið landbroti var settur upp sandfangari við ströndina árið 2011 og hefur það skilað góðum árangri í að varna frekara landbroti við ströndina og endurheimta land. Árið 2018 var öðrum sandfangara bætt við austan við þann fyrri og má glögglega sjá árangurinn af þeirri framkvæmd á loftmyndum. Fyrirhugað er að bæta enn varnir gegn landbroti og sjávarrofi við suðurströnd Víkur og eru tveir nýjir sandfangarar sýndir á uppdrætti, austan við núverandi sandfangara sem eru tveir talsins.

#### Almenn ákvæði

- Rofvörnum verði haldið við þar sem landbrot er við byggð og hugað verði að rofvörnum á svæðum þar sem sjávarrof getur ógnað minjum.
- Að ásýnd byggðar og lands verði hlíft eins og kostur er, sérstaklega náttúrulegum fjörum.
- Núverandi sjóvarnir sem til staðar eru í sveitarfélagini fái gott viðhald.
- Haldið verði áfram að byggja upp sjóvarnir í formi sandfangara, sjóvarnargarða og hafnarstæðis.

#### 7.3.6 Loftslagsvá

Loftslagsvá er einhver stærsta ógnum sem mannkynið hefur nokkru sinni staðið frammi fyrir og sporna þarf við henni með öllum tiltækum ráðum. Losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum veldur loftslagsbreytingum og afleiðingar þessara breytinga eru margvíslegar, meðal annars bráðnandi jöklar, hækkandi yfirborð sjávar, röskun vistkerfa og auknar öfgar í veðurfari. Þá valda breytingar á straumum, sýrustigi og seltu sjávar breytingum á lífsskilyrðum í sjó. Óvissa ríkir um þær afleiðingar sem loftslagsbreytingar hafa á mannkynið en ljóst er að aukin losun gróðurhúsalofttegunda raskar umhverfinu á margvíslegan hátt. Í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnar Íslands í loftlagsmálum fyrir tímabilið 2018-2030 verði dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðlað að aukinni kolefnisbindingu þannig að Ísland geti staðið við markmið Paríssarsamkomulagsins og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi á Íslandi árið 2040.

#### Almenn ákvæði

- Að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að stuðla að minni bílaumferð með bættri aðstöðu fyrir virka ferðamáta.
- Stuðla verði að orkuskiptum í samgöngum, með sérstakri áherslu á rafvæðingu í vegasamgöngum.
- Að binding gróðurhúsalofttegunda verði aukin með skógrækt og landgræðslu í samræmi við áætlanir sveitarfélagsins.
- Forðast skal röskun á landi sem bindur gróðurhúsalofttegundir.
- Seyra og lífrænn úrgangur verði notaður sem áburður og til uppræðslu.
- Stefnt verði að loftslagsvænni landbúnaði með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði og vegna landnýtingar og auka kolefnisbindingu í jarðvegi og gróðri.
- Grænmetisframleiðsla verði aukin.

<sup>22</sup> Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2011. 2011, Siglingastofnun Íslands.



- Menntun um loftslagsmál verðir eftir efla í skólum sveitarfélagsins, sem og fræðsla fyrir almenning.
- Tryggja skal sjálfbæra nýtingu auðlinda til að vernda líffræðilega fjölbreytni.
- Leitað skal leiða til að draga úr sóun í sveitarfélagini og innleiða hrngrásarhagkerfi þar sem tækifæri gefast, þ.e. að lágmarka auðlindanotkun og þar með úrgangsmynund.
- Stuðla skal að sjálfbærni ferðaþjónustu og gera þolmarkagreiningar í þágu náttúru og samfélags.

#### 7.4 NÁTTÚRUVERND

Undir náttúruvernd falla landnotkunarflokkarnir friðlýst svæði (FS), önnur náttúruvernd (ÖN), vatnsból (VB) og vatnsvernd vatnsbóla (VG, VF), vatnsvernd á strandsvæðum (VS) og strandsvæði (ST).

Undir náttúruverndarsvæði falla skv. 5. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013:

- a. Friðlýst svæði og afmörkuð búsvæði friðaðra tegunda sem vernduð eru skv. 1. mgr. [56. gr.] 1)
- b. Svæði og náttúrumyndanir á B- og C-hluta náttúruminjaskrár, sbr. 33. gr.
- c. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Ráðherra skal skv. sömu lögum gefa út náttúruminjaskrá á fimm ára fresti og skiptist hún í þrjá hluta, þ.e. A, B og C hluta. A hluti er skrá yfir friðlýst eða friðuð svæði, B hluti er framkvæmdaáætlun til fimm ára um svæði sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum og C hluti er skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða, sbr. 33. gr. laganna.

Í Mýrdalshreppi er eitt friðlýst svæði: Dyrhólaey, fjögur svæði á B-hluta náttúruminjaskrár og eitt á C- hluta náttúruminjaskrár.

#### Almenn ákvæði

- Stuðlað verði að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfislegra gæða almennt, svo sem sérkenna og fjölbreytileika náttúrunnar og líffræðilegrar fjölbreytni tegunda og vistgerða.
- Nýting auðlinda og náttúru verði með sjálfbærum hætti og við ákvarðanatöku um nýtingu verði tekið tillit til hagsmunu komandi kynslóða og náttúrunnar.
- Mikilvæg náttúrusvæði sem hafa ekki þegar verið skráð verði kortlöög í samráði við landeigendur.
- Forðast skal að raska vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar og eru taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd nema brýna nauðsyn vegna almannahagsmunu beri til.
- Hverfisvernd verði notuð til að hlífa mikilvægum svæðum sem njóta ekki verndar skv. lögum um náttúruvernd og stuðlað að samtengingu svæða sem eru á náttúruminjaskrá með tillögum að hverfisvernd .
- Deiliskipulög innan friðlýstra svæða verði unnin í samstarfi við Umhverfisstofnun þar sem stofnunin annast umsjón og rekstur á friðlýstum svæðum.



- Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála miða að því að stuðla að heildstæðri vernd vatns og skal skipulag vera í samræmi við lögini.
- Ávallt skal leita leyfis Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda á náttúruverndarsvæðum, í samræmi við 2. mgr. 13. gr náttúruverndarlaga.
- Skipulagstillögur skulu ávallt vera í samræmi við friðlýsingarskilmála friðlýstra svæða.

#### 7.4.1 Friðlýst svæði (FS)

Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar.

Flokkar friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum nr. 60/2013 m.s.br. eru eftirfarandi:

- |   |   |
|---|---|
| <ul style="list-style-type: none"><li>• Náttúruvé</li><li>• Óbyggð víðerni</li><li>• Þjóðgarðar</li><li>• Náttúruvætti</li><li>• Friðlönd</li><li>• Landslagsverndarsvæði</li></ul> | <ul style="list-style-type: none"><li>• Verndarsvæði með sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda</li><li>• Náttúruminjar í hafi</li><li>• Fólkvangar</li><li>• Svæði í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar</li><li>• Heil vatnakerfi</li></ul> |
|---|---|

Skv. náttúruverndarlögum nr. 60/2013 er náttúruverndarsvæðum skipt í þrennt:

- a. Friðlýst svæði og afmörkuð búsvæði friðaðra tegunda sem vernduð eru skv. 17.lið. 5. gr.
- b. Svæði og náttúrumyndanir á B- og C-hluta náttúruminjaskrár, sbr. 33. gr.
- c. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar skv. öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

#### Svæði á náttúruminjaskrá

Eitt friðlýst svæði er á A-hluta náttúruminjaskrár innan Mýrdalshrepps.

Tafla 23. Svæði á náttúruminjaskrá.

Nr.	Heiti	Lýsing og skilmálar
FS1	Dyrhólaey	Friðland að stærð 147,2 ha.

#### Dyrhólaey



Dyrhóley var friðlýst árið 1978 með auglýsingu nr. 101/1978 í B-deild Stjórnartíðinda. Dyrhólaey er syðsti oddi landsins. Eyjan er 120 m hár höfði með þverhníptu standbergi í sjó vestan, en meira aflíðandi að norðan. Mjór bergrani tengir eyjuna við land og í honum er gatið eða dyrnar sem stapinn ber nafn sitt af. Afmörkun friðlýsingar eru: Að vestan hugsuð lína úr fjöruborði við eyjuna 5 m vestan Hildardrangs. Þaðan boglina 50 m frá brekku- eða bergrótum allt austur að Útfalli, þó vel norðan jökulurðarinnar norður af vestanverðri Lágey. Síðan ræður Útfallið til sjávar en að sunnan sjávarströnd að vesturmörkum við Hildardrang. Friðlýsingarákvæðin gilda einnig um Arnardrang við Útfallið, svo og alla dranga og sker út af Dyrhólaey.

Um friðlandið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt án leyfis [Umhverfisstofnunar]. Mannvirkjum, sem á friðlandinu eru, skal vel við haldið.
2. Hefðbundnar grasnyttjar bænda í Dyrhólahreppi fá að haldast. Heildarfjöldi búfjár skal vera í samræmi við beitarþolsrannsókn sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins lætur gera. Öll beit er þó bönnuð fyrir 25. júní ár hvert og óheimilt er að halda stórgripum til beitar þar. Skal friðlandið girt fjárheldri girðingu. Áburðargjöf og uppgræðsla lands skal fara fram í samráði við náttúruverndarnefnd Vestur-Skaftafelssýslu.
3. Óheimilt er að skaða eða trufla dýralíf á hinu friðlýsta svæði. Hefðbundnar nytjar bænda í Dyrhólahreppi á æðavarpi, fyl og lunda fá þó að haldast svo sem verið hefur. Notkun skotvopna er bönnuð í Dyrhólaey og næsta nágrenni.
4. Almenningi er heimil för um eyjuna í lögmætum tilgangi en leyfi þarf til að tjálfa. [Umhverfisstofnun] getur þó takmarkað ferðir þangað á tímabilinu 1. maí til 25. júní. Akstur utan vega er bannaður. Umferð með hesta er heimil um eyjuna og stutt áning þar en lausaganga hesta er bönnuð. Umhverfisstofnun getur falið sérstakri umsjónarnefnd umboð sitt.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Umhverfisstofnunar eða þess sem fer með umboð stofnunarinnar. Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Einnig hafa verið settar sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í friðlandinu Dyrhólaey, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þær eru eftirfarandi og í þeim er vísað í stjórnunar og verndaráætlun Dyrhólaeyjar 2021-2030 sem Umhverfisstofnun gaf út í september 2021 (Umhverfisstofnun, 2021):

1. Ekki er heimilt að hafa næturdvöl innan hins friðlýsta svæðis sbr. kafla 3.6.3.
2. Ekki er leyfilegt að lenda þyrlum og flugvélum innan friðlandsins og notkun fjarstyrðra loftfara s.s. flygilda er einnig bönnuð, nema með leyfi frá Umhverfisstofnun, sbr. kafla 3.11. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð 60/1998 og reglugerð 1185/2012, og þær stofnanir sem sinna lögbundnum rannsóknum og eftirlitshlutverki með náttúru- og menningarminjum.
3. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða upplifun gesta innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvíkmyndagerðar og samkomuhalds, sbr. kafla 3.6.2.
4. Óheimilt er að fara á hrossum utan vega sbr. kafla 3.8.4.
5. Hjólreiðar eru einungis heimilar á vegum, sbr. kafla 3.8.4.



6. Gæludýr skulu vera í taumi og höfð undir tryggri stjórn þannig að þau truflí síður dýralíf og gesti sbr. kafla 3.6.3 og kafla 3.4.1.
7. Umhverfisstofnun getur takmarkað umferð tímabundið á viðkvæmum svæðum þar sem hætta er á jarðvegsrofi og gróðurskemmdum eða vegna truflunar á fuglalífi sbr. kafla 3.8.2.

Árið 2005 var deiliskipulag Dyrhólaeyjar samþykkt.

#### 7.4.2 Önnur náttúrvernd (ÖN)

*Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.*

Á B-hluta náttúruminjaskrár (framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum ) eru svæði 708-711 í Mýrdalshreppi. Einnig nýtur Brekkubobbi sérstakrar verndar, en búsvæði hans er í hlíðum Reynisfjalls.

Tafla 24. Önnur náttúruvernd.

Nr.	Lýsing
ÖN1	<b>Dyrhólaós, Loftsalahellir, Reynisdrangar og Reynisfjall</b> (nr.708) (1) Fjörur, þar með Reynisfjara öll og grunnsævi í Dyrhólaósi ásamt Loftsalahelli og nánasta umhverfi. Reynisfjall upp að efstu brúnum, frá Görðum að vestan, suður fyrir fjallið að Króktorfuhaus, ásamt Reynisdröngum og Hellnaskaga. (2) Í Dyrhólaósi eru sjávarleirur, þær einu á Suðurlandi, með sérstæðum lífsskilyrðum. Loftsalahellir er sögustaður og sérstæður hellir í móbergshamri syðst í Geitafjalli. Fjölbreyttar stuðlabergsmyndanir, hellisskútar og gróskumiklar hlíðar. Mikið fuglalíf. Sögulegar minjar.
ÖN2	<b>Skammadalskambur í Mýrdal, Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu</b> (nr.709) (1) Efri hluti Skammadalskamba og Sjónaröxl, upp af bæjunum Skammadal og Skammadalshóli. (2) Fornar sáskeilar og kuðungar í setbrotum á víð og dreif um móbergið.
ÖN3	<b>Vatnsdalur á Dalsheiði</b> (nr.710) (1) Dalurinn afmarkast af Ögmundarhöfða að norðan, Vatnstindi og Gæsatindum að austan og sunnan. Innan markanna er Gæsaá ásamt nánasta umhverfi, allt að Hálgili. (2) Vatnsdalur er geysistór og hrikalegur sprengigígur. Suðvestan í honum er Gæsavatn, en úr því fellur Gæsaá í slæðufossum niður í Hálgil. Ísaldarminjar.
ÖN4	<b>Eyjarhóll</b> (nr.711) Eyjarhóll og um 200 m breið pöldrótt brekka norður af hólnum í Pétursey. (2) Stakur keilulaga blágrýtishóll, afar sérstætt stallalandslag vegna paldra (jarðsils).
ÖN5	<b>Brekkubobbi</b> er fágæt sniglategund og lagt hefur verið til að búsvæði hans við rætur Reynisfjalls verði verndað.




#### 7.4.3 Mikilvæg fuglasvæði og búsvæði sela

Í Mýrdalshreppi er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðakorti Ní sem nefnist Fagraldalur - Vík (Víkurhamrar). Víkurhamrar eru vel gróið hamrabelti sem liggur frá Fagradal að Vík í Mýrdal, um 220 m y.s. Þar er fylabyggð (13.813 pör) og telst svæðið alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð.

Fyll er á válista og er ábyrgðartegund Íslands.<sup>23</sup> Ábyrgðartegundir einstakra landa eru skilgreindar ef stór hluti einhvers dýrastofns byggir afkomu sína á tilteknun svæðum innan einstakra þjóðríkja. Íslendingar beri mikla ábyrgð á mörgum stofnum fugla sem annað hvort verpa hér í óvenju ríkum mæli eða þá að stór hluti viðkomandi stofns fari hér um á ferðum sínum vor og haust.<sup>24</sup> Á heimasíðu Ní segir að miðað sé við að ef um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum kallist hún ábyrgðartegund.

Selir eru skráðir á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018). Þar er landselur flokkaður sem tegund í bráðri hættu og útselur flokkaður sem tegund í hættu. Selalátur eru svæði við ströndina þar sem selir kæpa, sinna kópauppeldi, hafa feldskipti og leita hvíldar. Þau eru mikilvæg fyrir verndun og viðgang tegundarinnar, enda halda selir tryggð við sömu látrin ár eftir ár. Á Sólheimasandi er selalátur landsels og útsels, og



Mynd 28. Selalátur og mikilvæg búsvæði fugla.

<sup>23</sup> Listi Náttúrufræðistofnunar Íslands: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>

<sup>24</sup> Guðmundur A. Guðmundsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson. 2012. Vöktun íslenskra fuglastofna - Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun. Í Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-12010.



nær talningarsvæði tegundanna inn á austurhluta Mýrdalshrepps.

Taka skal fullt tillit til þessara mikilvægu dýrategunda á búsvæði þeirra.

#### 7.4.4 Vatnsból (VB) og vatnsvernd vatnsbóla (VG, VF).

*Svæði fyrir vatnsöflun, það er brunnsvæði vatnsverndar (VB).*

*Vatnsverndarsvæði, þ.e. svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn.*

Vatnsból Víkurbúa er í Reynisfjalli rétt norðan við þorpið. Þaðan er neysluvatnið leitt til allra íbúa og fyrirtækja á svæðinu. Þar sem vatnsbólið er mjög nálægt þjóðvegi 1 er viss áhætta á mengunarslysum. Vatnsból í hinum dreifðari byggðum eru margskonar og sú hætta til staðar að í þau geti borist mengandi efni. Gerður hefur verið samstarfssamningur við Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins um aðstoð vegna mengunarslysa.<sup>25</sup>

#### Skilmálar vatnsverndar

Samkvæmt reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m. s.br. skal ákvarða verndarsvæði umhverfis hvert vatnsból sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Við skilgreiningu vatnsverndarflokks skal taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólsins, mikilvægi þess og mengunarhættu. Gildir eftirfarandi um brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði:

**Brunnsvæði (VB)** er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

**Grannsvæði (VG)**. Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólinu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

---

<sup>25</sup> Brunavarnaáætlun Mýrdalshrepps 2018-2022. Mýrdalshreppur.



**Fjarsvæði (VF)** er á vatnsvæði vatnsbólsins en liggur utan þess lands sem telst til brunnsvæða og grannsvæða. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

### Almenn ákvæði

- Að vatnsgæði verði ávallt til fyrirmynadar.
- Mengun í ferskvatni verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki óæskileg áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útvistargildi.
- Beina skal framkvæmdum og umferð frá vatnsverndarsvæðum í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og einnig skal tryggja að óæskileg mengun frá iðnaðarsvæðum berist ekki í jarðveg eða vatn.

Tafla 25. Vatnsverndarsvæði í Mýrdalshreppi.

Nr.	Heiti	Lýsing	Stærð (ha)
VB1	Víkurveita - í austurhlíð Reynisfjalls	Vatnsból þorpsins er staðsett í austurhlíð Reynisfjalls, skammt frá þjóðvegi 1, og er skilgreint Vatnsverndarsvæði sem nær að þjóðvegi.	
VG1	Víkurveita - í austurhlíð Reynisfjalls	Grannsvæði	637
VF1	Víkurveita - í austurhlíð Reynisfjalls	Fjarsvæði	174,5
VB2	Reynishverfisveita – í vesturhlíð Reynisfjalls	Vatnsból Reynishverfis er staðsett í vesturhlíð Reynisfjalls í samræmi við uppdrátt.	
VG2	Reynishverfisveita – í vesturhlíð Reynisfjalls	Grannsvæði	21,3
VF2	Reynishverfisveita – í vesturhlíð Reynisfjalls	Fjarsvæði	20,5
VB3	Pétursey	Við Pétursey er vatnsveita fyrir alla bæi utan Eyjarhóla, sem hefur skilgreint nærsvæði við Pétursey að þjóðvegi 1 og fjarsvæði frá þjóðvegi 1 til norðurs að rótum Hrútagils. <sup>26</sup>	
VG3	Pétursey	Grannsvæði	23
VF3	Pétursey	Fjarsvæði	152,3

<sup>26</sup> Brunavarnaáætlun Mýrdalshrepps 2018-2022. Mýrdalshreppur, bls. 31.



VB4	Dyrhólahverfisveita	Fyrir Dyrhólahverfi, Hvolabæi og Hryggi. Vatnsveita fyrir Dyrhólahverfi og nágrenni. Vatn er tekið úr borholu á Eystri-Dyrhólum. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur verið með mælingar.	
VG4	Dyrhólahverfisveita	Grannsvæði	5,7
VF4	Dyrhólahverfisveita	Fjarsvæði	9,4
VB5	Ás og Brekkur	Vatnsból við hótel Dyrhólaey, um 50m djúpt. Vatnsbólið er víkjandi og gert ráð fyrir að fundinn verði ný staðsetning.	
VG5	Ás og Brekkur	Grannsvæði	2
VF5	Ás og Brekkur	Fjarsvæði	6,8
VB6	Vatnskarðshólar	Brunnsvæði	
VG6	Vatnskarðshólar	Grannsvæði	5,3
VF6	Vatnskarðshólar	Fjarsvæði	12,4
VB7	Fagridalur	Brunnsvæði	
VG7	Fagridalur	Grannsvæði	2,3
VF7	Fagridalur	Fjarsvæði	5

Heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur afmarkað vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF).

#### 7.4.5 Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó (VS)

*Svæði þar sem langtíma markmið um ástand vatns hefur verið skilgreint samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns og svæði sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt sérögum.*

Fjöldi vatnsfalla er í Mýrdalshreppi og 4 vötn, sem eru Dalsvatn, Gæsavatn, Heiðarvatn og Oddnýjartjörn.

Vötnin njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 ef þau eru  $1.000 \text{ m}^2$  eða stærri.

Skipulagsmörk aðalskipulagsins eru 115 m út fyrir stórstraumsfjöru (netlög).

Almenn skilyrði skipulagsreglugerðar gilda um að tryggja skuli umferð almennings meðfram ám, vötnum og sjó. Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að ríymi sé fyrir að komu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.

#### Almenn ákvæði

- Að vatnsgæði við ár, vötn og sjó verði ávallt til fyrirmynadar.
- Notkun og losun efna og efnavöru ógni ekki heilsu manna né umhverfi.



- Losun skaðlegra efna í hafið frá skipum og landi, m.a. þrávirkra lífrænna efna, geislavirkra efna og þungmálma, hverfi með öllu.

Reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999 m.s.br., er ætlað að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis af mannavöldum. Samkvæmt reglugerðinni skal sveitarstjórn flokka allt yfirborðsvatn og grunnvatn eftir ástandi þess og skilgreina langtímacmarkmið fyrir vatn.

Vatnasvæðum skal skipt í fimm flokka, A-E, í samræmi við reglugerð um mengun vatns.

- Flokkur A: Ósnortið vatn.
- Flokkur B: Lítið snortið vatn.
- Flokkur C: Nokkuð snortið vatn.
- Flokkur D: Verulega snortið vatn.
- Flokkur E: Ófullnægjandi vatn.

Framangreind flokkun á vatnasvæðum hefur ekki farið fram fyrir sveitarfélagið í heild sinni. Í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns og skipulagsreglugerðar verða sett langtímacmarkmið um ástand strandsvæða. Um vatnasvæði gilda eftirtalin ákvæði til varnar mengun:

- Stefnt er að því að strandlengjan verði í flokki A sbr. skilgreiningu í 9. og 10. greinum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns með fyrirvara um þynningarsvæði þar sem skólpi er veitt til sjávar. Miðað verði við að þynningarsvæði nái ekki að strönd.
- Stefnt er að því að allar ár, lækir, vötn og tjarnir verði í flokki A, ósnortið vatn. Þessi svæði hafa öll verndargildi vegna fuglalífs og gróðurfars auk þess sem sum þeirra hafa ákveðið útvistargildi.
- Öll byggð skal nota viðurkennd hreinsivirki með tveggja þepa hreinsibúnaði.
- Stefnt er að því að sveitarstjórn í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit og Umhverfisstofnun, meti ástand vatnasvæða í sveitarfélagini og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og áburðarefna.



Mynd 29. Gásavatn. Mynd: Þórir Níels Kjartansson.

Mynd:  
Þórir N.K.

#### 7.4.6 Strandsvæði (ST)



*Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki.*

Eftir endilangri suðurströnd Mýrdalshrepps er 63 km löng lág og slétt, hafnlaus sandströnd. Árósar einkenna svæðið og Dyrhólaey, sem er syðsti oddi landsins, og Reynisfjall skaga í sjó fram. Ströndin þar á milli, Reynisfjara og Víkurfjara hafa mikið aðdráttarafl til náttúruskoðunar og þúsundir ferðamanna sækja þangað ár hvert. Dyrhólaey er friðlýst og Dyrhólaós, Loftsalahellir, Reynisdrangar og Reynisfjall eru á Náttúruminjaskrá (708).

Fjörur koma að notum á margan hátt, beint eða óbeint. Þær gegna mikilvægu hlutverki í vistkerfi sjávar og lands og henta á margan hátt vel sem útvistarsvæði. Lífríki fjörunnar leggst ekki í dá að vetri líkt og lífríki á landi, og getur verið mikið líf yfir háveturinn.<sup>27</sup> Fjörur í Mýrdalshreppi eru gróðursnauðar sandfjörur. Strandlengjan er einnig uppsprettu fyrir efnisnám, þar sem náttúruöflin sjá um að viðhalda framboði efnis.

Mikill öldugangur er við Vík og fjaran óstöðug og hefur byggðinni í Vík um árabil staðið ógn af sjógangi og landrofi vegna sjávarfalla og sjógangs. Sandfangari var reistur vestast í fjörunni árið 2011 til að hefta landbrot og annar nokkru austar á árunum 2017-2018. Sandfangararnir hafa gefið góða raun og virðast hafa stöðvað landrof á svæðinu að Reynisfjalli. Rannsókn er hafin á stöðugleika strandarinnar sem hluti af undirbúningsvinnu fyrir veglagningu um fjöruna sunnan þorpsins, en þörf verður á varnargarði meðfram nýjaveginum þar sem hann mun liggja í Víkurfjöru.

### Almenn ákvæði

- Staðinn verði vörður um vistkerfi á strandsvæðum.
- Fjörur verði hreinar og aðgengilegar.
- Við uppbyggingu útvistaraðstöðu verði gætt að á lagi á lífríki og ástand viðkvæmra staða vaktað.
- Hvatt verði til samvinnu um árlega hreinsun á fjörum.

### 7.5 MINJAVERND (MV)

*Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.*



Mynd 30. Brim í Víkurfjöru.

<sup>27</sup> (Agnar Ingólfsson (1985). Fjörur á Suðvesturlandi, sérprent úr Árbók FÍ)



Samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) teljast menningarminjar ummerki um sögu þjóðarinnar, t.d. fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Þjóðminjar eru jarðfastar minjar eða lausir gripir eða hlutir sem eru einstakir og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands. Samkvæmt sömu lögum eru fornminjar annars vegar forngrípir og hins vegar fornleifar. Forngrípir eru þeir lausamunir sem eru 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Fornleifar eru hins vegar hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Samkvæmt lögum um menningarminjar skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.

Í Mýrdalshreppi fór fram skráning fornminja í þéttbýlinu Vík (Katrín Gunnarsdóttir, 2004) og svæðisskráning fornminja í Mýrdalshreppi (Fornleifastofnun Íslands, 2011). Þessar skráningar samræmast ekki nágildandi kröfum Minjastofnunar Íslands um skráningu minja og því þarf skráning þeirra að fara fram að nýju. Þær minjar sem voru skrásettar í Vík eru búsetuminjar frá sjósókn, landbúnaði og ræktun. Þær eru að mestu frá þeim tíma sem Vík er að breytast í þéttbýlisstað, og farið var að stunda sjósókn með búskap. Fyrsta húsið í hinum eiginlega Víkurkaupstað var reist árið 1896 (Katrín Gunnarsdóttir, 2004).

Hér er fjallað um two flokka minjavenderndar sem njóta verndar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012; (i) friðaðar og friðlýstar minjar. Allar fornleifar, hús og mannvirki, 100 ára og eldri eru friðaðar og er óheimilt að hagga við þeim án leyfis Minjastofnunar Íslands. Um friðlýstar minjar gilda strangari verndarákvæði og flokkast þær sem þjóðminjar.

#### Almenn ákvæði

- Taka skal tillit til skráðra fornminja áður en ráðist er í byggingar- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir. Í skipulagsáætlunum verði 100 m friðhelgunarsvæði friðlýstra fornminja og 15 m friðhelgunarsvæði annara fornminja virt. Beina skal framkvæmdum og öðrum athöfnum sem geta skert gildi fornminja frá minjastöðum eins og kostur er, en að öðrum kosti skal hafa samráð við Minjastofnun um tilhögun framkvæmda og mótvægisáðgerðir.
- Vernda skal menningar- og búsetuminjar fyrir framkvæmdum, athöfnum og annarri nýtingu, svo sem mannvirkjagerð, skógrækt og ágangi búfjár. Jafnframt skal leitast við að verja minjar vegna ágangs sjávar þegar það á við.
- Íbúar og gestir fái notið þeirrar menningar og sögu sem búsetuminjar geyma.
- Leitast skal við að merkja minjar fyrir umhverfisfræðslu og til að fyrirbyggja að þær verði skemmdar.
- Varðveita skal, eins og kostur er, byggingar í þéttbýli og dreifbýli sem hafa á einhvern hátt verndargildi. Vernda skal staði eða svæði sem tengjast merktum atburðum, þjóðsögum og þjóðháttum en einnig mannvirki sem tengjast fornu verklagi eða tækni. Minjar um byggð og atvinnusögu, svo sem búskaparhætti skal varðveita.



- Ferðaþjónusta sem byggir á menningarminjum í sveitarfélagit verði efla og leitast við að upplýsa íbúa og gesti svæðisins um menningarsöguleg verðmæti með merkingum og öðrum upplýsingaveitum. Þannig er stuðlað að aukinni vitund fólks og bættri umgengni um þessi verðmæti. Slík verkefni verði unnin með aðilum í ferðaþjónustu.
- Skráning fornleifa fari fram í áföngum og verði lokið eigið síðar en 2028 og svæðum forgangsraðað eftir framkvæmdar- og uppbyggingaráformum.

### 7.5.1 Friðlýstar minjar

Í sveitarfélagit er fjöldi friðlýstra minja. Minjarnar eru listaðar upp hér á eftir og auðkenndar á skipulagsuppdrætti, eins og nákvæmni uppdráttar leyfir. Auk þeirra er fjöldi annarra fornminja á svæðinu sem ekki eru staðsettar eða metnar á þessu skipulagsstigi, en vakin er athygli á þeim helstu og þau vernduð í flokki hverfisverndar. Í lögum um menningarminjar segir að „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri“. Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar. Á deiliskipulagsstigi fari fram fornleifaskráning en allar helstu framkvæmdir eru deiliskipulagsskyldar, s.s. svæði fyrir heilsársbyggð, frístundabyggð, iðnaðarstarfsemi, skógrækt o.fl. Í töflu hér á eftir er samantekt úr Skrá um friðlýstar fornleifar, sem gefin var út árið 1990 af fornleifanefnd. Minjarnar eru taldar upp eftir býlum eða örnefnum og er tilvísun í skrána. Friðlýstar fornminjar eru sýndar á skipulagsuppdráttum, svo langt sem þær hafa verið staðsettar og mælikvarði korts leyfir.

Tafla 20. Friðlýstar minjar.

Nr.	Lýsing
MV1	<b>Sólheimar</b> Gömul bæjarrúst, þar sem heitir Bæjarstaður (eða Fornu-Sólheimar), í dálitlu dalhvarfi sunnan í Sólheimanesi. Inn úr dalhverfinu ganga tvær lautir og er bæjarrústin framaní balanum á milli þeirra. Sbr. Árbók 1909: 21-22. Þinglýst 05.06.1931.
MV2	<b>Loftsalir</b> Loftsalahellir, hinn forni þingstaður Dyrhólahrepps og Gálgaklettur vestanvið hamarinn, sem hellirinn er í. Þinglýst 15.11.1984
MV3	<b>Garðar</b> 1. Rústir eyðibýlisins Hella, austur af háhrygg Hellnaskaga. 2. Bæjarhellir (Baðstofuhellir) sunnan í Hellnaskaga, með höggnu útskoti og kroti á hellisveggjunum, þar sem séra Jón Steingrímsson bjó veturninn 1755-1756. Þinglýst 28.12.1983.
MV4	<b>Pórisholt</b> A. Pórishaugur, svo nefndur, norður í túninu, eigi alllitill og að ofan eins og samanfallinn, með þúfu í miðju. B. Íluhaugur, svo nefndur, suður á túninu; hann er að öllu útliti mjög líkur Pórishaug, en talsvert minni. Sbr. Árbók 1909: 21. Skjal.10. Þinglýst 06.06.1931
MV5	<b>Reynisdalur</b> Forn kringlótt girðing, nál. 5 fm. í þvermál, en þó óglögg; hún er á kringlóttum hól fyrir ofan túnið. Sbr. Árb. 1909: 21. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Ekki þinglýst. 81



MV6	<b>Norður-Hvammur</b> Hellir, er Moldi heitir, fyrir sunnan túnið; hann er að innanverðu mannaverk. Sbr. Árbók 1909: 23. Þinglýst 06.06.1931.
MV7	<b>Stóra-Heiði</b> A. „Loddahellar“, svo nefndir, þrír saman, í bergenu fyrir innan túnlækinn. B. „Loddapollur“, er svo heitir, kringlótt dæld með þúfu í miðju, suður í túninu, og er nær 5 faðma í þvermál. Sbr. Árbók 1909: 22. Þinglýst 06.06.1931.
MV8	<b>Hjörleifshöfði</b> Dys Hjörleifs, uppi á höfðanum, þar sem hann er hæstur. Sbr. Árbók 1909: 19. Þinglýst 06.06.1931.

### 7.5.2 Friðlýst hús

Eftirfarandi hús í sveitarfélagini eru friðlýst og um þau gilda lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Tafla 21. Friðlýst hús.

Nr.	Hús	Upplýsingar	Tegund friðlysngar	Byggingarár
MV9	Brydebúð	Friðlysingin nær til ytra byrðis hússins	Friðlýst með sérstakri ákvörðun	1831
MV10	Dyrhólaviti - Dyrhólaeyjarviti	Friðlysingin nær til ytra og innra borðs vitans, ljóshúss og viðbygginga. Þar með eru talin, linsa, linsuborð og lampi, herbergjaskipan, hurðir, gluggar, stigar, handrið og innréttningar. Friðlysingin nær einnig til umhverfis vitans út að bjargbrún vestan og sunnan vitans og hluta hrings með 100 metra radíus til norðurs og austur frá vitanum. Friðlysingin tekur ekki til tveggja steinsteypta skúra nokkru vestan við vitann.	Friðlýst með sérstakri ákvörðun	1927
MV11	Skeiðflatarkirkja	Hönnuður: Samúel Jónsson.	Friðlýst með sérstakri ákvörðun	1900

### 7.5.3 Friðuð hús

Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast öll hús og mannvirki sem verða orðin 100 ára eða eldri friðuð frá og með 1. janúar 2013.



Tafla 22. Hús sem eru orðin eða verða 100 ára ó gildistíma skipulagsins.

Péttbýli		
Staðfang	Lýsing	Byggingarár
Austurvegur 11	Einbýlishús	1922
Austurvegur 11B	Hjalli. Íbúð í tvíbýlishús	1902
Austurvegur 11C	Íbúð í tvíbýlishús	1925
Austurvegur 11D	Varmahlíð. Einbýlishús	1920
Kirkjuvegur 1	Einbýlishús	1926
Kirkjuvegur 2	Sandfell. Einbýlishús	1910
Kirkjuvegur 3	Hof. Einbýlishús	1913
Suðurvíkurvegur 1	Suður-Vík. Veitingahús	1902
Suðurvíkurvegur 3	Vörugeymsla	1927
Hátún 6	Íbúð og gistingu í tvíbýlishús	1925
Árbraut 1	Áður Bræðraborgarstígur 32 A, Reykjavík.	1910
Bakkabraut 1	Einbýlishús	1920
Bakkabraut 2	Bjarg. Einbýlishús	1920
Bakkabraut 3	Einbýlishús	1922
Bakkabraut 6A	Íbúð í tvíbýlishús	1920
Bakkabraut 6A	Íbúð í tvíbýlishús	1920
Bakkabraut 7	Einbýlishús	1925
Bakkabraut 12	Íbúð í tvíbýlishús	1922
Bakkabraut 12A	Íbúð í tvíbýlishús	1922
Víkurbraut 8	Barnaskólinn, barnaskólahúsið. Leikskálar.	1910
Víkurbraut 10	Vatnsdalur. Íbúð í tvíbýlishús	1912
Víkurbraut 11	Íbúð í tvíbýlishús	1912
Víkurbraut 11A	Íbúð í tvíbýlishús	1912
Víkurbraut 12	Einbýlishús	1910
Víkurbraut 14	Einbýlishús og geymsla	1930
Víkurbraut 16	Grenihlíð. Íbúð í tvíbýlishús	1904
Víkurbraut 18	Íbúð	1907
Víkurbraut 18	Sólheimar. Gestahús	1918

Víkurbraut 19	Strönd. Íbúð	1905
Víkurbraut 20	Nausthamar. Íbúð og geymslu í tvíbýlishús	1902
Víkurbraut 20A	Nausthamar, Önnuhús. Íbúð í tvíbýlishús	1902
Víkurbraut 21	Halldórsversbúð. Menningarhús	1904
Víkurbraut 21A	Pakkhús, geymsla	1924
Víkurbraut 22	Íbúð í tvíbýlishús og geymsla	1900
Víkurbraut 22A	Gamla símstöðin, bindindishúsið. Íbúð í tvíbýlishús	1900
Víkurbraut 24	Sælundur. Einbýlishús og geymsla	1915
Víkurbraut 24A	Gamla gistiheimilið. Gistihús	1908
Víkurbraut 28	Safn, veitingastaður og íbúð	1890
Víkurbraut 30	Sigurðarstaðir. Einbýlishús	1908
Víkurbraut 30A	Einarstaðir. Einbýlishús	1901
Víkurbraut 30B	Hamar, Presthús. Einbýlishús	1901
Víkurbraut 30C	Lækjarmót. Einbýlishús	1910
Víkurbraut 32	Íbúð í tvíbýlishús	1905
Víkurbraut 32A	Íbúð í tvíbýlishús	1905
Víkurbraut 34	Kvíaból. Íbúð í tvíbýlishús	1899
Víkurbraut 36	Íbúð í tvíbýlishús	1928
Dreifbýli		
Deildarárskóli	Barð, Höfðabrekkufréttur	1904
Brekkur 2	Einbýlishús	1928
Dyrhólaviti	Dyrhólaeyjarvitri	1927
Eystri-Sólheimar	Hesthús	1910
Fell 2	Sumarhús	1930
Gardar	Hlaða	1925
Garðakot	Gistihús	1931
Hryggir	Fjárhús(04) og hesthús(07)	1930
Hryggir	Geymsla	1931
Hvoll	Fjárhús(06) og hlöðu(12)	1930
Hvoll	Hlaða(13)	1927



Ytri-Sólheimar 3	Hesthús	1920
Ketilsstaðir 1A	Fjárhús(04) og fjarhús(11)	1930
Litli-Hvammur	Geymsla	1930
Loftsalir	Einbýlishús	1931
Neðri-Dalur	Sumarhús	1920
Pétursey 1	Geymsla(11)	1920
Pétursey 1	Hesthús(12)	1907
Pétursey 2	Fjárhús	1915
Presthús 2	Einbýlishús	1930
Rauðháls	Einbýlishús	1928
Reynir	Hjallur	1930
Skagnes	Einbýlishús	1925
Skeiðflöt	Geymsla	1904
Skeiðflöt	Fjárhús	1900

Skeiðflöt	Hlaða	1882
Sólheimahjáleiga	Hlaða	1920
Stóri-Dalur	Einbýlishús	1912
Suður-Foss	Geymsla	1930
Suður-Hvammur	Einbýlishús	1906
Þóriholt	Fjárhús(08) og hlöðu(15)	1926
Giljur A	Einbýlishús	1908
Vatnsskarðshólar 1	Fjárhús	1930
Reynishólar 1 lóð	Einbýlishús	1910
Geirsholt	Hlaða	1920
Dyrhólar-Eystri 2	Geymsla	1914
Dyrhólar-Eystri 2	Geymsla(02) og geymsla(03)	1917
Kerlingardalur 3	Einbýlishús	1925

## 7.6 HVERFISVERND (HV)

*Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúrumínjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.*

### 7.6.1 Hverfisvernd vegna náttúruminja

Fjórir hellar í sveitarfélagini njóta hverfisverndar: Miðfellshellir, Stórhellir, Selhellar, Selhellir. Meginforsenda hverfisverndar er að hellarnir eru hluti af landslagi og sérstæðu náttúrfari sveitarfélagsins, sem rétt er að vernda vegna gildis þeirra sem náttúrufyrbærir og áhugaverða staði fyrir útivist og ferðamenn. Um svæðin gildir að hellarnir og nánasta umhverfi þeirra njóta verndar og óheimilt er að raska þeim. Ef framkvæmdir í nágrenni hverfisverndarsvæðanna eru fyrirhugaðar skulu þær deiliskipulagðar.



Tafla 23. Hverfisvernd vegna náttúruminja.

Nr.	Lýsing	Stærð (ha)
HV1	<b>Miðfellshellir, Höfðabrekkufrétti</b> Austan og neðan í Miðfelli. Þar eru gamlar bergristur. „Hann er hér um bil 20 faðmar ummáls. Hafa safnsmenn á haustum legið í honum og klappað nöfn sín mörg í bergið. Er sagt, að þrír eða fjórir rúnastafir séu þar, og mun vera mannsnafn í rúnum skammstafað. Um dyrnar verður að smjúga. Þær vita móti austurlandsuðri.” (Skaftafellssýsla, sýslu- og sóknarlýsingar 1839-1873, bls. 236).	0,5
HV2	<b>Stórhellir, Kerlingardal</b> „Í Lambaskörðum í Kerlingardalsheiði er hellir sem nefnist Stórhellir. Hann er mjög athyglisverð náttúrusmíð, talinn myndaður á þann hátt að ísjaki hafi lent þar undir blautu gjóskulagi og ekki bráðnað fyrr en gjósuhaugurinn var orðinn það þéttur í sér að þakið hélst uppi þótt jakinn héldi því ekki lengur uppi.” (Skþ. bls.337).	0,5
HV3	<b>Selhellir, Vatnsársundum</b> „Selhellar Reynishverfinga, er liggja sunnan Vatnsár norðan í Arnarstakksheiði, eru ekki klappaðir. Þeir eru í lögun líkir innyflum úr sauðkind og kallast því: Vinstur, Laki Keppur, Vömb og Langi. (Sk. sýslu- og sóknarl. bls. 235). ”	0,5



Mynd 31. Hafursey. Mynd: Þórir Níels Kjartansson.




HV4	<b>Selhellir í Ystheiði, Ytri-Sólheimum</b> Á Selheiði, austur af Seltorfu, er stór hellir, sem notaður mun hafa verið sem sel, er þarna var selstaða.	0,5
HV5	Hverfisvernd vegna náttúrulegs birkis í Hafursey.	116

### 7.6.2 Hverfisvernd vegna menningarminja

Tafla 24. Hverfisvernd vegna menningarminja.

Nr.	Lýsing	Stærð (ha)
HV6	<b>Vesturhluti Víkur</b> Verndarsvæði í byggð í vesturhluta Víkur nýtur hverfisverndar og gilda skilmálar Verndarsvæðis í byggð, bæði almennir skilmálar og sérskilmálar fyrir einstök hús (sjá hér: <a href="https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/Verndarsv_tillaga230518_Vik.pdf">https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/Verndarsv_tillaga230518_Vik.pdf</a> ). Nærsvæði verndarsvæðisins nýtur einnig hverfisverndar en lagt er til að í framtíðinni verði verndarsvæðið stækkað sem því nemur. Markmiðið er að stýra þróun innan verndarsvæðisins til að tryggja í sessi svipmót og yfirbragð byggðarinnar. Skilmálum er ætlað að stuðla að verndun og uppbryggingu á svæðinu á þann hátt að það verði aðlaðandi og áhugavert og sögulegu mikilvægi þess haldið á lofti, án þess að vera íþyngjandi fyrir íbúa, fasteignaeigendur eða rekstraraðila á svæðinu. Svæðið nær frá Víkurbraut 16 í austri og tekur til húsa norðan Víkurbrautar til og með bátaskýlisins við Víkurbraut 40a, auk húsa númer 21 (Halldórsbúð), 21a, 17 (Skaftfellingabúð), 19, 11 og 11a, sem eru sunnan Víkurbrautar. Innan þessarar afmörkunar eru verslunar- og íbúðarhús frá upphafi þéttbýlismyndunar í Vík og fram til ársins 1918, auk nokkurra yngri bygginga.	4,6
HV7	<b>Ásýnd Víkurkirkju</b> Afmarkað er hverfisverndarsvæði umhverfis Víkurkirkju til að vernda ásýnd kirkjunnar sem eitt af aðal kennimerkjum Víkur. Innan herfisverndarsvæðis takmarkast hæðir húsa við eina hæð og skulu allar byggingar falla vel að umhverfinu og taka fullt tillit til ásýndar kirkjunnar frá þjóðvegi.	5,9
HV8	<b>Gamall kirkjugarður í Kerlingardal.</b>	0,5



Mynd 32. Loftmynd úr minjavefsjá Minjastofnunar Íslands af hlaðinni rétt á Heiði.



Mynd 33. Mynd af ja.is sem sýnir ásýnd Víkurkirkju frá þjóðvegi 1.



# UMHVERFISSKÝRSLA OG UMHVERFISMAT



## 8 UMHVERFISSKÝRSLA OG UMHVERFISMAT

Endurskoðun aðalskipulags Mýrdalshrepps er matsskyld skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem skipulagið:

- Markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana , nr. 111/2021.
- Er undirbúið eða samþykkt af stjórnvöldum.
- Er unnið samkvæmt lögum.

### 8.1 MATSFERLI

Markmið laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er:

- a. sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif,
- b. skilvirkni við umhverfismat framkvæmda og áætlana,
- c. að almenningur hafi aðkomu að umhverfismati framkvæmda og áætlana og samvinna aðila sem hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna umhverfismats framkvæmda og áætlana.

Samkvæmt 2. grein gilda lögum um :

- a. skipulagsáætlanir og breytingar á þeim samkvæmt skipulagslögum og lögum um skipulag haf- og strandsvæða,
- b. aðrar áætlanir og breytingar á þeim sem marka stefnu fyrir leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lögum og eru undirbúnar og/eða afgreiddar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra,
- c. framkvæmdir sem kunna eða eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. 1. viðauka við lögum. Lögum gilda um framkvæmdir og áætlanir á landi, í lofthelgi og í mengunarlögsögu Íslands.

Skipulags- og framkvæmdaáætlanir skulu vera undirbúnar og/eða samþykktar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra. Þá segir í 12. grein skipulagslagra nr. 123/2010 að: Við gerð skipulagsáætlana skal gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma, og umhverfismati áætlunarinnar, ef við á. Þá skal jafnframt við gerð skipulagsáætlana hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

### 8.2 ÁHRIFAPÆTTIR

Í vinnu við mat á umhverfisáhrifum skal í fyrstu ákveða umfang og áherslur matsins. Horft er á hvaða stefnu í aðalskipulaginu er vert að meta m.t.t. umhverfisáhrifa, en þá eru þau atriði skoðuð sem talin eru hafa mest áhrif á umhverfið. Höfð er hliðsjón af leiðbeiningarskjalí Skipulagsstofnunar við val á þeim umhverfispáttum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar matinu. Skoðað er hvort stefnan sem sett er



fram í aðalskipulaginu hafi í för með sér umtalsverðar breytingar frá núllkosti, sem ýmist getur verið skilgreindur sem núverandi ástand eða stefna fyrra aðalskipulags. Í umhverfismatinu er fjallað um helstu breytingar á stefnu um landnotkun sem aðalskipulagsvinnan felur í sér sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum og þeir bornir saman við núverandi ástand eða núllkost. Í einhverjum tilfellum er fjallað um two valkosti og matið nýtt til þess að velja úr betri kostinn. Samlegðaráhrif og áhrif áætlunarinnar í heild sinni eru einnig metin. Matsvinnan var unnin samhliða annari aðalskipulagsvinnu og tók stefnumótunin mið af niðurstöðu matsins.

Eftirfarandi áhrifapættir eru metnir í umhverfismati aðalskipulags:

Tafla 25. Áhrifapættir í umhverfismati.

Áhrifapættir	Lýsing þátta sem horft er til
<b>Byggð, menning, samfélag</b>	Þróun þéttbýlisins. Möguleg áhrif <b>byggðapróunar</b> í sveitarféluginu, s.s með tilliti til tengsla við önnur svæði, atvinnu, samgöngu- og þjónustukerfi. Byggð getur haft áhrif á samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, vatn, sjó og strandlínus, landslag og ásýnd, náttúrvá og öryggismál.
<b>Atvinnulíf</b>	Tækifæri til sóknar í atvinnulífinu. Fjölgun ferðamanna og gisti- og afþreyingarmöguleika.
<b>Samgöngur &amp; aðrir innviðir</b>	Möguleg áhrif samgangna eru vegna skipulags umferðarkerfa, bæði núverandi og nýrra, og áherslna í samgöngumálum. Samgöngur geta haft áhrif á samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, vatn, sjó og strandlínus, landslag og ásýnd, hljóðvist, loftgæði, náttúrvá, öryggismál og veðurfar (losun gróðurhúsalofttegunda).
<b>Umhverfisvernd &amp; náttururuvá</b>	Möguleg áhrif samgangna eru vegna skipulags umferðarkerfa, bæði núverandi og nýrra, og áherslna í samgöngumálum. Samgöngur geta haft áhrif á samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, vatn, sjó og strandlínus, landslag og ásýnd, hljóðvist, loftgæði, náttúrvá, öryggismál og veðurfar (losun gróðurhúsalofttegunda).

### 8.3 TENGSL UMHVERFISMATS OG SKIPULAGSVINNU

Nálgun aðferðar umhverfismats gerir ráð fyrir að matsvinnan nýtist til þess að tryggja að stefnumótun verði upplýst og rökstudd varðandi möguleg umhverfisáhrif aðalskipulags. Í matsvinnunni mun koma fram hvort tiltekin umhverfisáhrif aðalskipulags geti talist verulega neikvæð til þess að geta brugðist við með breytingu á stefnu eða mótvægisáðgerðum. Einnig mun matsvinnan nýtast til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um möguleg umhverfisáhrif.



#### 8.4 UMHVERFISPÆTTIR OG ÁHERSLUR

Í umhverfismati áætlunarinnar voru helstu þættir til umfjöllunar samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, vatn, sjór og strandlína, landslag og ásýnd, náttúrvá og öryggi. Yfirlit yfir meginþurningar í umhverfismatinu er að finna í töflu.

Í umhverfismati áætlunarinnar voru sett viðmið fyrir hvern meginumhverfispátt (sjá töflu Tafla 26).

Viðmiðin voru sett með tilliti til stefnuskjala Mýrdalshrepps, markmiða sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum og viðmiða í öðrum opinberum stefnuskjölum, lögum og alþjóðlegum skuldbindingum. Áhersla var lögð á að styðja við matið með mælanlegum umhverfisvísum þar sem kostur er. Framsetning á niðurstöðu matsins verður í formi greinargerðar og yfirlitstafla:

Tafla 26. Meginþurningar fyrir viðfangsefni umhverfismats.

Viðfangsefni	Meginþurning í umhverfismati áætlunarinnar: Hvernig samræmist stefnumótunin umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins er varðar viðkomandi umhverfispátt, öðrum stefnuskjölum, lögum og alþjóðlegum skuldbindingum?
Samfélag	Allir skipulagsþættirnir sem taldir eru upp í töflu Tafla 25 geta haft áhrif á samfélag. Meginþurningar í matinu eru hvort áætlunin hafi áhrif á eftirfarandi þætti: <ul style="list-style-type: none"><li>• Gæði þjónustu við íbúa</li><li>• Atvinnumöguleika íbúa</li><li>• Íbúafjölda og/eða íbúasamsetningu</li><li>• Gæði byggðar og efnisleg verðmæti</li><li>• Lýðheilsu s.s. aðgengi íbúa að íþróta-, tómstunda- og útivistarsvæðum og náttúru</li></ul>
Náttúrufar & dýralíf	Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti: <ul style="list-style-type: none"><li>• Viðkvæma náttúru eða dýralíf</li><li>• Svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika</li><li>• Svæði sem teljast mikilvæg vistsvæði fugla</li><li>• Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra/gróðurs</li></ul>
Náttúru- & menningarminjar	Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á: <ul style="list-style-type: none"><li>• Fornleifar, jarðminjar</li><li>• Aðrar menningarminjar/-verðmæti</li><li>• Búsetu- eða menningarlandsdag</li><li>• Friðlýst svæði eða önnur verndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd</li><li>• Svæði á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun</li><li>• Hverfisverndarsvæði</li></ul>



Vatn, sjór & strandlína	Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vatnsverndarsvæði</li> <li>• Vötn, ár og læki</li> <li>• Votlendissvæði, strandsvæði eða grunnsævi</li> </ul>
Landslag/ásýnd	Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Ásýnd svæðis/sjónræn áhrif</li> </ul> Byggðamynstur
Náttúrvá/öryggismál	Verður náttúruvá til staðar á: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nýjum byggingarsvæðum</li> <li>• Núverandi byggingarsvæðum</li> <li>• Meginsamgönguæðum</li> </ul> Hefur útfærsla byggðar og samgöngukerfa áhrif á umferðaröryggi

## 8.5 UMHVERFISVIÐMIÐ

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum verða byggðar á þremur meginþáttum:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining sérfræðinga á einkennum áhrifa á einstaka umhverfisþætti.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings, sem kunna að liggja fyrir, sbr. kafla um kynningu og samráð.

Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti verður stuðst við tiltekin viðmið s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðasamninga, lög og reglugerðir. Í töflu Tafla 27 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati á breytingu aðalskipulagsins. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísis til að meta einkeni og vægi þeirra áhrifa sem aðalskipulagstillagan hefur í för með sér.

Tafla 27. Umhverfisviðmið til grundvallar umhverfismati.

Umhverfisþættir	Undirþættir	Umhverfisviðmið
Náttúra	Jarðfræði Jarðmyndanir	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Vistkerfi eða jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar, með tilliti til landslagsverndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.
	Gróðurfar	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur. Listi yfir friðlýstar plöntur.



Auðlindir		Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands. Fjöldit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, <a href="http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf">http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf</a> og <a href="http://ni.is/grodur/vistgerdir/sjá_jafnframta_kortasjá">http://ni.is/grodur/vistgerdir/sjá_jafnframta_kortasjá</a> <a href="http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort">http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort</a> .
	Vatnafar	1. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. 1. gr. reglugerðar nr. 797/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun grunnvatns.
	Fuglalíf	Válisti fugla. Vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði skv. Náttúrufræðistofnun Íslands. Fjöldit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <a href="http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi">http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi</a> og <a href="http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf">http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf</a> .
	Landslag	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. 1. gr. Markmið laganna, 2. gr. Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir og 3. gr. Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni. Verndargildi skv. náttúrumínjaskrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags.
	Landrymi  Verndarsvæði  Orka  Menningarminjar  Vatnsverndarsvæði	B-hluti náttúrumínjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <a href="http://ni.is/midlun/natturuminjaskra">http://ni.is/midlun/natturuminjaskra</a> 61. gr. um sérstaka vernd náttúrufyrirbæra í lögum um náttúruvernd: <a href="https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd">https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd</a> Skráðar friðlýstar fornleifar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 en til fornleifa teljast skv. 3. gr. laganna hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jöklri, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Markmið laganna er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Markmið reglugerðarinnar er m.a. að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum. Reglugerðin gildir um yfirborðs- og grunnvatn. Reglugerð nr. 797/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun grunnvatns. Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir mengun grunnvatns af mannavöldum og takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á grunnvatni.



<b>Samfélag</b>	<p>VEGALÖG NR. 80/2007 Markmið laganna er að setja reglur um vegi og veghald sem stuðla að greiðum og öruggum samgöngum. SAMGÖNGUÁÆTLUN Fimm markmið um þróun í samgöngum eru sett fram í samgönguáætlun: Greiðari samgöngur, hagkvæmni við uppbyggingu og rekstur, umhverfislega sjálfbærar samgöngur, öryggi og jákvæð byggðaþróun. Reglugerð um hávaða 724/2008 Heilsufar, hávaðamengun, óþægindi, lykt, ryk og loftgæði. Og samfélagsöryggi, umferðaröryggi, slysahætta. Í reglugerð um hávaða nr. 724/2008 eru annars vegar ákvæði um hávaða frá vegum og hins vegar ákvæði um hávaða frá atvinnustarfsemi. Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.</p>
-----------------	--



## 8.6 VÆGI

Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

Tafla 28. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsins.

Vægi áhrifa	Skýring
	<p><b>Jákvæð áhrif á umhverfispátt</b> Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinnungur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast svæðis- eða landsbundin en geta einnig verið staðbundin.</p>
<b>0/?</b>	<p><b>Óveruleg eða óljós áhrif á umhverfispátt</b> Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru minniháttar, m.t.t. umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum og/eða fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin. Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfispætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.</p>
	<p><b>Neikvæð áhrif á umhverfispátt</b> Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrfars og fornminja, og/eða rýra hag mkils fjölda fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.</p>

## 8.7 ÖFLUN UPPLÝSINGA OG AÐFERÐARFRÆÐI

Við mat á umhverfisáhrifum verður sem fyrr segir unnið eftir lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfispáttta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Framsetning verður í formi texta og/eða venslataflna.



# UMHVERFISMAT



Í umhverfismati aðalskipulags Mýrdalshrepps 2021-2033 eru metin áhrif eftirfarandi landnotkunar. Um er að ræða breytingar á stefnumörkun frá núgildandi aðalskipulagi sem talin eru hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og þörf er á að meta sérstaklega eða umfang ákveðinnar stefnu eins og um stærri efnistökusvæði.

- Færsla hringvegar
- Ný efnistökusvæði
- Íbúðarsvæði ÍB8 og ÍB9 í Vík
- Stækkun á svæði fyrir verslun og þjónustu við Norður-Foss

Aðrar breytingar frá núgildandi aðalskipulagi eru ekki taldar þess eðlis að nauðsynlegt sé að meta áhrif þeirra sérstaklega.

#### 8.8 FÆRSLA HRINGVEGAR

Í stefnu aðalskipulags er sett fram stefna um færslu Hringvegar. Í stað þess að vegurinn liggi um Gatnabrun og í gegnum þéttbýlið í Vík mun vegurinn liggja suður fyrir Geitafjall, meðfram Dyrhólaós og í gegnum Reynisfjall í jarðgöngum sunnarlega í fjallinu. Vegurinn mun liggja sunnan við Vík og tengast núverandi vegi austan við byggðina (sjá nánari umfjöllun í kafla 6.1.1).

Tafla 29. Færsla Hringvegar.

Viðfangsefni	Stefna aðalskipulags um færslu Hringvegar		
<b>Samfélag</b>  (viðmið sjá töflu í kafla 8.5)	Hefur stefnumörkunin áhrif á:  Gæði þjónustu við íbúa?  Atvinnumöguleika íbúa?  Íbúafjölda og/eða íbúasamsetningu?  Gæði byggðar og efnisleg verðmæti?  Lýðheilsu s.s. aðgengi íbúa að íþrótt-, tómstunda- og útvistarsvæðum og náttúru?	Færsla Hringvegar mun í flestum tilfellum og með tilliti til matssurninga hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þátt umhverfismatsins. Með bættum samgöngum mun umferðaröryggi aukast og þar með gæði þjónustu við íbúa svæðisins. Aukin atvinna á meðan framkvæmdum stendur.  Bættar samgöngur geta haft jákvæð áhrif á íbúapróun.  Óljós áhrif á gæði byggðar sem og á lýðheilsu og aðgengi íbúa að tómstunda- og útvistarsvæðum og verður það metið sérstaklega í mati á umhverfisáhrifum veglagningaránnar sem verið er að vinna að samhlíða endurskoðun aðalskipulags en í því mati verða tengslin við og gæði nálægra útvistarsvæða sem og útvistarsvæða í þéttbýlinu og gæði tenginga fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur metin.	/?



<p><b>Náttúrufar og dýralíf</b> <b>(viðmið sjá töflu í kafla 8.5)</b></p>	<p><i>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti:</i></p> <p><i>Viðkvæma náttúru eða dýralíf?</i></p> <p><i>Svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika?</i></p> <p><i>Svæði sem teljast mikilvæg vistsvæði fugla?</i></p> <p><i>Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra/gróðurs?</i></p>	<p>Fjölbreytt fuglalíf er í nágrenni við Dyrhólaós og er hann mikilvægur fæðuöflunarstaður fyrir votlendisfugla. Vegur veldur staðbundnu og beinu raski á búsvæði fugla og hefur líklega einnig óbein áhrif á nærumhverfi vegar. Óvissa er um áhrif á fuglalíf vegna umferðar vegna skorts á rannsóknum á Íslandi.</p> <p>Ekki er vitað um sjaldgæfar tegundir eða tegundir fugla á válista í ósnum. Mikilvægt er að kortleggja betur fuglalíf á svæðinu, t.d. fjölda fugla og tegundir.</p> <p>Alls fara 19,2 ha undir veg vestan Reynisfjalls, ef miðað er við 20 m breitt vegstæði.</p> <p>Beint rask verður á votlendi og er umfang þess u.p.b. 9 ha skv. gróðurflokkun Náttúrufræðistofnunar. Sum votlendissvæði sem verða fyrir beinu raski eru nokkuð heilleg, en önnur hafa verið ræst fram og nýtt fyrir landbúnað. Votlendi nýtur verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga. Gert er ráð fyrir að endurheimta votlendi í stað þess sem raskast með vegagerð og er litið til Mýrdalsins, Engigarðsmýri og Rofamýri.</p> <p>Beint rask á ræktuðu landi skv. skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar er 5,2 ha. Ræctað land er að stærstum hluta túna.</p> <p>Rask vegna gangamunna og vegamannvirkja í hlíðum Reynisfjalls verður staðbundið og ekki á því svæði sem telst sem búsvæði brekkubobba.</p>		
<p><b>Náttúru- og menningarminjar</b> <b>(viðmið sjá töflu í kafla 8.5)</b></p>	<p><i>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á:</i></p> <p><i>Fornleifar, Jarðminjar</i></p> <p><i>Aðrar menningarminjar/-verðmæti</i></p> <p><i>Búsetu- eða menningarlandslag</i></p> <p><i>Friðlýst svæði eða önnur verndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd</i></p>	<p>Dyrhólaós er svæði á náttúruminjaskrá og hefur þar með ákveðið verndargildi. Erfitt verður að komast algjörlega hjá því að raska landi innan afmarkaða verndarsvæðisins, þar sem veglína fer mitt á milli Loftsalahellis og Dyrhólaóss. Að öðru leyti ætti að vera hægt að komast hjá því að raska svæði sem er á náttúruminjaskrá. Svæðið milli Loftsalahellis og Dyrhólaóss hefur nú þegar orðið fyrir raski vegna vegagerðar í Dyrhólaey og vegslóða sem liggja norðan við ósinn.</p> <p>Beint rask á svæði sem er á náttúruminjaskrá er um 1,2 ha og er við Loftsalahelli.</p> <p>Óljós áhrif á fornleifar en unnið er að fornleifaskráningu í tengslum við umhverfismat vegagerðarinnar.</p>		



	<p>Svæði á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun</p> <p>Hverfisverndarsvæði</p>		
<p><b>Vatn, sjór og strandlína</b> <b>(viðmið sjá töflu í kafla 8.5)</b></p>	<p>Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu- og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti:</p> <p>Vatnsverndarsvæði</p> <p>Vötn, ár og læki</p> <p>Votlendissvæði, strandsvæði eða grunnsævi</p>	<p>Óljós áhrif á þennan þátt umhverfismatsins. Nokkrar ár verða brúðar eða ræsum komið fyrir, en innan athugunarsvæðisins eru helstu vatnsföll Deildará, Brandslækur, Hvammsá, Rauðalækur og Víkurá. Í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 eru skilgreind fjögur vatnsból og liggja þrjú þeirra nálægt valkostum í mati á umhverfisáhrifum. Þessi svæði eru eftirfarandi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Víkurveita: skammt frá þjóðvegi 1, norðvestan byggðar. Afmarkað er brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði fyrir veituna.</li> <li>• Reynishverfisveita: skilgreind eru tvö brunnsvæði, auk grannsvæðis og fjarsvæðis fyrir veituna.</li> <li>• Dyrhólahverfisveita: Vatnsveita fyrir Dyrhólahverfi og nágrenni. Afmarkað er brunnsvæði.</li> </ul>	?
